

skoðun 18

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt




ÁTT ÞÚ ÞÉR LEYNDARMÁL?
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is






# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

FIMMTUDAGUR

15. júlí 2010 — 164. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




## Í boði náttúrunnar

*Guðbjörg Gissurardóttir er ritstjóri nýs árstíðabundins tímarits.*

tímamót 24

## Auðkýfingaeinelti

*Búðabandið varð vitni að Benz-einelti á Hótel Búðum í góðærinu.*

fólk 46



## Opna breska hefst í dag

*Tiger Woods getur unnið sögulegan sigur á St. Andrews-vellinum.*

golf 40 og 42

## veðrið í dag




**VÍÐA BJARTVIÐRI** Í dag verður hæg norðaustlæg eða breytileg átt. Víða bjartviðri einkum S- og V-lands en hætt við stöku skúrum inn til landsins. Hiti 10-18 stig, hlýjast SV-lands.

VEÐUR 4

# Ódýrara fyrir túrista að kaupa bíl en leigja

**Verð á bílaleigubílum sveiflast mikið milli árstíða. Á sumrin eru bílar rándýrir og eingöngu leigðir af ferðamönnum en á veturna standa þúsundir óhreyfðar.**

**NEYTENDAMÁL** Vikuleiga á bílaleigubíl yfir hásumarið á Íslandi getur kostað hundruð þúsunda. Ódýrustu bílarnir fást fyrir rúmlega hundrað þúsund krónur á viku en fjöldi tegunda kostar margfalt það.

Sá sem hyggst leigja bíl í þrjár vikur ætti líklega að hugsa sig tvisvar um, því að fyrir um þrjú hundruð þúsund krónur má fá ágætan notaðan bíl. Þannig kostar 292.600 krónur að leigja nýlegan Opel Corsa hjá einni af bílaleigunum en bíll af sömu tegund, árgerð 2001 og ekinn 215 þúsund kílómetra, kostar 320 þúsund á bílasölu.

Fréttablaðið bar saman verð á bílaleigubílum á Íslandi og í Danmörku og kom í ljós að verð er frá 50 prósentum til þrefalt dýrara á Íslandi en í Danmörku.

Eftirspurn eftir bílaleigubílum hrynur á veturna og þá lækkar verð töluvert. „Uppistaðan af okkar leigjendum eru ferðamenn. Við erum að keyra á 300 til 400 bílum á veturna en allt upp í þúsund á sumrin. Þetta gengur út á að eiga bílinn óhreyfðan í tíu mánuði á ári og hala síðan inn tekjurnar á þessum skamma tíma yfir sumarið. Það er ástæðan fyrir þessu verði," segir Sigfús Bjarni Sigfússon, framkvæmdastjóri hjá Hertz.

Hjálmar Pétursson, framkvæmdastjóri hjá ALP-Avis bílaleigu, segir að bílaleigurnar lifi á sumarmánuðunum. Verðið í febrúar geti hins vegar verið það lægsta í heimi. - mþl / sjá síðu 16




**HLÆJANDI Í HÁLOFTUNUM** Börnin skemmtu sér konunglega í tívolítækjum Húsdýragarðsins í gær, en Atlantsolía efndi til hátíðar og ókeypis var við innganginn fyrir unga sem aldna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í myndbandi Iron Maiden:

## Guðmundur berst við Eddie

**FÓLK** **„Ég er Iron Maiden-aðdáandi frá fornu fari," segir Guðmundur Ingi Þorvaldsson leikari.**

**Guðmundur leikur í nýjasta myndbandi hljómsveitarinnar Iron Maiden við lagið The Final Frontier sem var frumsýnt á vefsíðu hljómsveitarinnar í gær.**



GUÐMUNDUR INGI

**„Það var ofboðslega gaman að taka þátt í myndbandinu. Mjög fært fólk kemur að því," segir Guðmundur.**

**Leikstjóri myndbandsins, Nick Scott, fann Guðmund í gegnum umboðsfyrirtæki hans, Olivia Bell Management. Eftir að hafa kynnt sér Guðmund í gegnum heimasíðu hans var honum boðið að koma á fund.** - ls / sjá síðu 46

Nýtt íslenskt fyrirtæki:

## Aðstoða íslenska hönnuði

**TÍSKA** „Við fundum ekki neitt fyrirtæki sem sérhæfir sig á þessu sviði," segir Hjalti Rúnar Sigurðsson, viðskiptafræðinemi við Háskóla Íslands.



HJALTI RÚNAR SIGURÐSSON

Hjalti stofnaði fyrirtækið Kikali Designers Agency í síðustu viku ásamt vini sínum, Birni Björnssyni. Fyrirtækið hefur það að markmiði að aðstoða íslenska hönnuði við að koma vörum sínum í framleiðslu og á markað.

„Það virðist vera til svo mikið af hæfileikaríkum íslenskum hönnuðum og okkur fannst vanta stuðning við þá til að koma vörum sínum á framfæri." - mmf / sjá Allt

Jón Ásgeir ætlar að áfrýja alheimskyrrsetningu eigna sinna í London:

# Segir engar eignir hafa verið fluttar

**DÓMSMÁL** Jón Ásgeir Jóhannesson þvertekur fyrir það að hafa flutt eina einustu eign af eigin nafni á nafn eiginkonu sinnar, Ingibjargar Pálmadóttur, í viðtali við Fréttablaðið í dag. Slitastjórn Glitnis hefur gert því skóna að ýmsar eignir sem Jón Ásgeir segir eign Ingibjargar séu í raun hans og hafi verið fluttar á nafn hennar til málamynda.

„Þetta er bara alrangt," segir Jón Ásgeir. Eina eignin sem hafi verið „flutt" á milli þeirra sé fasteignin við Hverfisgötu sem hýsir Hótel 101 vegna þess að hún hafi fyrir mistök verið skráð á hann.

Jón Ásgeir segir að einkaneysla hans undanfarinn áratug, sem nam tugmilljónum á mánuði, sé ekki svo mikil þegar hún sé skoðuð í samhengi. Helmingurinn hafi farið í skatt, hann hafi rekið heimili og fjölskyldu í þremur löndum og þá hafi hann gefið mikið til góðgerðarmála.

Þá upplýsir Jón Ásgeir að hann ætli að áfrýja alheimskyrrsetningu eigna sinna, þrátt fyrir að áfrýjunarbeiðni hans hafi verið hafnað, á grundvelli þess að slitastjórnin hafi afvegaleitt dómarann með röngum upplýsingum, meðal annars um bankainnistæður sem komið hefur í ljós að voru í eigu Iceland Foods. - sh / sjá síðu 8


Ný námskeið
Endurbætt Egilshöll
byrja þann 19.júlí
Tilboð á mánaðarkorti á **5.990 kr.** sem gildir til 1.september.




Heilsuakademían er aðili að Frístundakorti ÍTR
heilsuakademían
Hreyfing, heilbrigði, skemmtun
www.heilsuakademian.is - sími: 594 9666

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ 11-22 Á BÁÐUM STÖÐUM
BETRA EN HJÁ MÖMMU



SAFFRAN
GLÆSIBÆ / DALVEGI 4 KÓP.
SAFFRAN.IS

Opið til 21
Kringlan



Útsalan
í fullum gangi

## SPURNING DAGSINS



*„Margrét, er frjórra í Reykjavík en vanalega?“*

„Já, kannski að nýi meirihlutinn hafi eitthvað með það að gera.“

Margrét Hallsdóttir, jarðfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun, sér um frjómælingar. Í viðtali við Fréttablaðið í gær sagði Margrét að frjókornamagn væri meira í Reykjavík en venja er á þessum árstíma.

Tugir þúsunda barna munu látast ef ekki verður gripið til aðgerða í Afríku:

# Tíu milljónir barna án matar

**FÉLAGSMÁL** Ríflega þriðjungi fleiri börn undir fimm ára aldri þjást af bráðri vannæringu í Afríkuríkinu Níger en í fyrra. Nær helmingur landsmanna hefur ekki til hnífs og skeiðar og 107 milljónir Bandaríkjadala skortir enn til að kalli Sameinuðu þjóðanna um aðstoð þar sé mætt.

Þetta kemur fram í ákalli sem Barnaheill – Save the children ásamt níu leiðandi hjálparstofnunum sendu frá sér í gær. Stofnanirnar biðja um að aukinn kraftur verði settur í mannúðarstarf svo hægt sé að hjálpa 10 milljónum manna sem svelti í Vestur- og Mið-Afríku.

Ef alþjóðasamfélagið grípur ekki til aðgerða þegar í stað munu tugir þúsunda barna látast í sumar og milljónir verða vannærðar, segir Petrína Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla.

Hjálparstofnanirnar hvetja ríkar þjóðir til að veita fjármagn til hjálparstarfsins sem fyrst, til að koma í veg fyrir stórslys. Til að það gangi eftir þurfi skýran pólitískan vilja á æðstu stöðum. - þeb



**DAGLEGUR MJÓLKURSOPI** Rahila, 2 ára, borðar dagskammtinn sinn á sjúkrahúsi á Aiguie í Níger.

Dauðsföll í Kína skýrð:

# Sveppur drap 400 manns

**KÍNA** Pínulítill sveppur hefur orðið um fjögur hundruð Kínverjum að bana, að sögn vísindamanna. Sveppurinn er borðaður af heimamönnum í Yunnan-héraði.

Fjöldi fólks hefur á undanförnum 30 árum farið í hjartastopp án þess að hafa átt við veikindi að stríða. Dæmi voru um að fólk létist í miðjum samræðum, að sögn vísindamannanna. Þeir komust að því að allir hinir látnu höfðu borðað sveppinn, sem inniheldur þrjár tegundir eiturefna. - þeb

Breyting laga um hundahald:

# Tillit sé tekið til leiðsöguhunda

**STJÓRNSÝSLA** Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur hafið undirbúning að endurskoðun laga varðandi hundahald í fjölbýlishúsum. Ráðuneytið sendi frá sér tilkynningu í gær þess efnis að fylgst hafi verið náið með málefnum heyrnar- og sjónskertrar konu í fjölbýli á Akranesi, sem meinað var að halda leiðsöguhund í íbúð sinni og ráðuneytinu sé vel kunnugt um mikilvægi slíkrar aðstoðar. Sátt hefur náðst í málinu með aðstoð bæjarfélagsins.

Mun endurskoðun laganna sérstaklega taka tillit til fötlunar hundaeigenda. - sv



**FLUGFERÐIR** Um 350 þúsund heimsóknir eru skráðar í hverjum mánuði.

Leitarvél vex fiskur um hrygg:

# Æ fleiri leita að flugferðum

**FERÐALÖG** **Íslenska leitarvélin Dohop.com, sem sérhæfir sig í að leita að flugferðum, hótelum og bílaleigubílum á netinu, nýtur sífellt aukinna vinsælda og notuðu ríflega fjórðungi fleiri vefinn á fyrri hluta ársins en á sama tímabili á síðasta ári.**

**Í tilkynningu frá Dohop kemur fram að heimsóknir á vefinn frá Bretlandi og Bandaríkjunum séu nú í fyrsta skipti fleiri en heimsóknir frá Íslandi. Það skýrir að mestu aukna aðsókn á vefinn. Vefurinn leitaði upphaflega eingöngu að flugferðum, en hefur nú bætt við leit að gistingu og bílaleigubílum.** - bj

# Bæjarstjórar misstu af veiði í Elliðaánum

**Orkuveitan ákvað að sleppa því að bjóða sveitarstjórum á þjónustusvæði sínu til laxveiða í Elliðaánum, eins og venja hefur verið, þar sem sums staðar á eftir að ráða sveitarstjóra. Stjórn Orkuveitunnar heldur hins vegar enn sínum veiðidegi.**

**STANGVEIÐI** Orkuveita Reykjavíkur nýtti ekki veiðileyfi sem frátekin voru fyrir fyrirtækið í Elliðaánum í gær heldur lét leyfin í hendurnar á Stangaveiðifélagi Reykjavíkur.

„Sveitarstjórum á veitusvæðinu sem Orkuveitan þjónar hefur verið boðið til veiða í Elliðaánum. Nú er bara staðan sú að það er ekki búið að ráða sveitarstjóra í sumum sveitarfélögunum og það var ákveðið að sleppa þessu þetta árið – í það minnsta,“ útskýrir Hjörleifur Kvaran, forstjóri Orkuveitunnar.

Samkvæmt upplýsingum af skrifstofu Stangaveiðifélagsins var hinum tólf veiðileyfum gærdagsins ráðstafað til félagsmanna á biðlista sem við þetta nánast tæmdist. Þannig að ákvörðun Orkuveitunnar um að gefa frá sér veiðileyfin var kærkomin hjá Stangaveiðifélaginu.

Orkuveitan á einn frátekinn dag til viðbótar í Elliðaánum í sumar. „Hinn dagurinn er frátekinn fyrir stjórn Orkuveitunnar og ég geri ráð fyrir því að hann verði nýttur. Ég á bara eftir að ræða það við stjórnina,“ segir Hjörleifur um ráðstöfun veiðileyfanna þann dag sem eftir stendur.

Samkvæmt samningi á Orkuveitan frátekna áðurnefnda tvo daga á laxveiðitímabilinu í Elliðaánum. Reykjavíkurborg á rétt á fimm veiðidögum en var búin að ákveða fyrirfram að nýta þrjá þeirra í sumar. Tveir af þessum þremur dögum voru ætlaðir fyrir borgarfulltrúa og embættismenn. Samkvæmt ákvörðun nýs borgarstjórnarmeirihluta voru þeir hins vegar á endanum teknir undir veiðar fyrir svokallaðar samfélagshetjur sem almennir borgarar tilnefna. Fyrri dagurinn var á þriðjudag en sá síðari verður á þriðjudag í næstu viku. Þess má geta að samfélagshetjurnar lönduðu alls 33 löxum á þriðjudag. Mörgum þeirra var sleppt aftur enda má aðeins hirða tvo laxa á hvert leyfi sem gildir í hálfan dag.

„Þriðji dagurinn hefur verið fyrir fyrrverandi og núverandi borgarstjóra og hann verður með hefðbundnum hætti,“ segir Hjörleifur Kvaran.

gar@gfrettabladid.is



**VIÐ SJÁVARFOSS Í ELLIÐAÁNUM** Þessi ungi veiðimaður kastaði flugu í Elliðaánum um miðjan morgun í gær eftir að tveggja laxa kvótinn var kominn á land á maðk. Orkuveitan átti daginn en gaf hann eftir til Stangaveiðifélags Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Nú er bara staðan sú að það er ekki búið að ráða sveitarstjóra í sumum sveitarfélögunum og það var ákveðið að sleppa þessu þetta árið – í það minnsta.
>
> HJÖRLEIFUR KVARAN
> FORSTJÓRI ORKUVEITUNNAR



**LEIKSKÓLI** Eftirliti á leikskólum er almennt mjög ábótavant. Myndin er úr safni og tengist ekki efni fréttarinnar.

Öryggiseftirliti er ábótavant:

# Flestir trassa að skoða leiksvæði

**ÖRYGGISMÁL** **Innan við fimmtungur leiksvæða á leikskólum á Íslandi er skoðaður árlega eins og reglur kveða á um. Slíkri skoðun er ætlað að tryggja öryggi leikvallatækja og yfirborðsefna.**

**Þetta kemur fram á vef Umhverfisstofnunar. Þar segir að á Íslandi séu nú um 277 leikskólar og 176 grunnskólar þar sem svokölluð aðalskoðun á að fara fram árlega. Upplýsingar frá faggiltum skoðunarstofum benda hins vegar til þess að slík skoðun fari aðeins fram í innan við 20 prósentum tilvika. Skoða hefur þurft leiksvæði árlega frá árinu 2003, þegar reglugerð um öryggi leikvallartækja og leiksvæða tók gildi.** - sh

Fjórtánda hlaupið haldið:

# Laugavegurinn hlaupinn á ný

**ÚTIVIST** Laugavegshlaupið verður haldið í fjórtánda sinn næstkomandi laugardag. Alls eru 310 hlauparar skráðir til keppni í ár, 83 konur og 227 karlar. Hlaupið hefst í Landmannalaugum klukkan 9 og lýkur í Húsadal í Þórsmörk og er alls 55 kílómetrar.

Venjan er að ganga Laugaveginn á fjórum dögum en metlauptími í Laugavegshlaupi er fjórar klukkustundir og tuttugu mínútur í karlaflokki og fimm klukkustundir og þrjátíu og ein mínúta í kvennaflokki. - sv






Raiffeisen Zentralbank lék lykilhlutverk í endurreisn Straums:

# Austurrískur banki á mest í Straumi

**EFNAHAGSMÁL** Austurríski bankinn Raiffeisen Zentralbank (RZB) er nú stærsti eigandi Straums. RZB var einn stærsti lánadrottinn bankans, ásamt Deutsche Bank, Bayern LB og Goldman Sachs, að því er segir í frétt austurríska miðilsins Die Presse. Þar segir að samkomulagið hafi verið hluti af því að milda höggið á bankann af hruninu á Íslandi, en við það tapaði RZB um 70 milljónum evra, eða jafnvirði rúmra ellefu milljarða króna.

Straumur var fjórða stærsta lánastofnun landsins fyrir hrun og var tekinn yfir af Fjármálaeftirlitinu í mars árið 2009. RZB var einn stærsti bakhjarl bankans, en hlutur hans í hinu nýja félagi um Straum mun verða á bilinu 9,2 til 13 prósent. Að því er segir í frétt Die Presse lék RZB lykilhlutverk í þessari endurreisn.

Eignum Straums, sem nema um 1,2 milljörðum evra, verður á næstu árum stjórnað af kröfuhöfum á meðan kröfur eru endurheimtar, en síðar er áætlað að setja hlut RZB í Straumi.

Samkvæmt upplýsingum frá bankanum munu kröfuhafar með tryggðar kröfur, eins og íslenska ríkið og Íslandsbanki, fá allar sínar kröfur greiddar, en ótryggðar kröfur verða greiddar til baka allt að 50 prósentum. Áætlað er að RZB hafi tapað um hundrað milljörðum króna í efnahagshruninu, en hluti af þeim skuldum var afskrifaður. - sv



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**HÖFUÐSTÖÐVAR STRAUMS** Raiffeisen Zentralbank var einn stærsti lánardrottinn Straums og tapaði miklu á falli hans.



ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA

# GARÐÚTSALA

ÚTSALA ÚTSALA

## HEFST Í DAG

## ALLT AÐ AFSLÁTTUR 40%

GRILL • GRILLÁHÖLD • SUMARBLÓM • TRJÁPLÖNTUR
GARÐHÚSGÖGN • SLÁTTUVÉLAR • GARÐVERKFÆRI
TJÖLD • ÚTILEGUVÖRUR • GARÐLEIKFÖNG • TRAMPOLÍN
REIÐHJÓL • REIÐHJÓLAFYLGIHLUTIR • ÚTIVISTAR-
FATNAÐUR • FERÐABÚSÁHÖLD • SKJÓLVEGGIR
GARÐHÚS • VIÐARVÖRN • ÚTIMÁLNING
OG MARGT FLEIRA!

Látum verkin tala!

Garðútsala
hefst fimmtudaginn 15. júlí

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

blómaval

HÚSASMIÐJAN

## GENGIÐ 14.07.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,74 | 124,34 |
| Sterlingspund | 189,08 | 190 |
| Evra | 157,34 | 158,22 |
| Dönsk króna | 21,114 | 21,238 |
| Norsk króna | 19,819 | 19,935 |
| Sænsk króna | 16,71 | 16,808 |
| Japanskt jen | 1,3957 | 1,4039 |
| SDR | 185,4 | 186,5 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

201,2481

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hærra vöruverð og áframhaldandi verslunarsamdráttur í júní 2010 miðað við sama tíma árið 2009:

# Botninum líklega náð samkvæmt þjóðhagsspá

**VERSLUN** Töluverður samdráttur var í flestum tegundum verslunar í júní 2010 miðað við sama mánuð í fyrra. Sala á áfengi og raftækjum jókst en séu árstíðabundnir þættir teknir inn þá dróst sala á áfengi einnig saman. Mestur var samdrátturinn í kaupum á skófatnaði og húsgögnum, en verð á skóm hefur hækkað um tæp tuttugu prósent og um tæp átta prósent á húsgögnum. Einhver verðlækkun hefur verið í einstaka vöruflokkum dagvöru.

Emil B. Karlsson, forstöðumaður Rannsóknarseturs verslunarinnar, segir að þrátt fyrir samdrátt virðast bjartari tímar vera fram undan.

„Ný þjóðhagsspá segir að einkaneysla muni aukast um 3,4 prósent á næsta ári og gangi það eftir er botninum nú náð,“ segir hann. „Við verðum byrjuð að færast upp á yfirborðið einhvern tímann á næsta ári.“

Emil telur að með styrkingu krónunnar ætti samdrætti í einkaneyslu að fara að ljúka, með lækkandi vöruverði á ýmsum flokkum dagvöru og jafnvægi sé að komast aftur á alhliða verslun á Íslandi.

- sv

### Breytingar á vöruflokkum milli áranna 2009 og 2010

| Júní 2010 | Breytilegt verðlag | Fast verðlag |
|---|---|---|
| Dagvara | 2,9% | -1,7% |
| Áfengi | 8,6% | 1,7% |
| Föt | 6,5% | -3,2% |
| Skór | 4,7% | -12,1% |
| Húsgögn | -3,0% | -10,1% |
| Raftæki | 12,7% | 8,2% |



Stjórnlaganefnd kýs formann:

## Vinna með stjórnlagaþingi

**ALÞINGI** Guðrún Pétursdóttir er nýkjörin formaður stjórnlaganefndar. Nefndin, sem kjörin var á Alþingi í júní og hefur sjö manns í sæti, kom saman í fyrsta sinn 8. júlí síðastliðinn og kaus sér þá Guðrúnu sem formann.

Stjórnlaganefnd er meðal annars ætlað að undirbúa þjóðfund um stjórnarskrármálefni, vinna úr upplýsingum sem þar safnast og afhenda stjórnlagaþingi.

Einnig mun nefndin annast söfnun og úrvinnslu fyrirliggjandi gagna um stjórnarskrármálefni og enn fremur leggja fram hugmyndir um breytingar á stjórnarskránni.

- sv

Breiðablik fær skoska gesti:

## Bærinn greiðir ekki veitingar

**SVEITARSTJÓRNIR Breiðablik sem leikur á móti skoska liðinu Motherwell hér á landi 22. júlí næstkomandi fær veitingahúsareikninga vegna fyrirhugaðra veisluhalda í tengslum við heimsóknina ekki greidda úr bæjarsjóði Kópavogs.**

**Breiðablik vildi að bæjarsjóður borgaði fyrir „opinbera málsverði með fulltrúum KSÍ og UEFA [Knattspyrnusambands Evrópu], þann fyrri í Turninum og seinni í Smáranum,“ eins og segir í fundargerð bæjarráðs og að bæjarstjóri eða formaður bæjarráðs yrði „viðstaddur þessa málsverði“.**

**Bæjarráð segir sér ekki fært að verða við erindinu. Karlalið Breiðabliks leikur sinn fyrsta Evrópuleik ytra gegn Motherwell í kvöld.**

- gar

# Kenna bönkunum um fasteignabóluna

**Íbúðalánasjóður gerir alvarlegar athugasemdir við niðurstöður rannsóknarnefndar Alþingis um sjóðinn. Segir rangt að hækkun hámarkslána Íbúðalánasjóðs hafi verið með stærri hagstjórnarmistökum í aðdraganda falls bankanna.**

**EFNAHAGSMÁL** Rannsóknarnefnd Alþingis dregur rangar ályktanir af áhrifum hækkunar á hámarkslán Íbúðalánasjóðs að mati sjóðsins. Þetta kemur fram í greinargerð sem sjóðurinn sendi þingmannanefnd sem fjallar um skýrslu rannsóknarnefndarinnar.

Fram kom í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis að breytingar á útlánareglum Íbúðalánasjóðs hefðu verið þensluhvetjandi. „Breytingarnar á útlánareglunum voru með stærri hagstjórnarmistökum í aðdraganda falls bankanna. Þau mistök voru gerð með fullri vitund um líklegar afleiðingar aðgerðanna,“ segir þar enn fremur. Þessu er harðlega mótmælt í skýrslu Íbúðalánasjóðs.

„Áhrif breytinga á útlánafyrirkomulag Íbúðalánasjóðs árið 2004 eru stórlega ofmetin í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Innleiðing 90 prósenta lána og hófleg hækkun hámarkslána Íbúðalánasjóðs er ekki sá áhrifavaldur á þróun fasteignaverðs til verulegrar hækkunar og þenslu í íslensku efnahagslífi sem haldið er fram í skýrslunni,“ segir í greinargerðinni.

Innkomu bankanna á fasteignalánamarkaðinn í ágúst 2004 er lýst sem „áhlaupi“ á Íbúðalánasjóð. Á einni nóttu hafi áform stjórnvalda um að hækka lánshlutfall sjóðsins í áföngum í 90 prósent, í takt við efnahagsástandið hverju sinni, verið útilokuð af bankakerfinu. Það hafi verið gert fyrirvaralaust og án nokkurs samráðs bankakerfisins við stjórnvöld, Seðlabankann eða Fjármálaeftirlitið. „Hækkun á fasteignaverði og mikil þensla á fasteignamarkaði var fyrst og fremst tilkomin vegna óheftra íbúðalána bankakerfisins. Íbúðalán Íbúðalánasjóðs höfðu þar takmörkuð áhrif þar sem íbúakaupendur höfðu aðgang að ótakmörkuðum íbúðalánum bankanna án hámarkslánsfjárhæðar eða annarra takmarkandi skilyrða á svipuðum vöxtum og með mun hærra lánshlutfalli en Íbúðalánasjóður bauð,“ segir í greinargerðinni.

Stjórnvöld áformuðu að hækka hlutfall lána Íbúðalánasjóðs í 90 prósent í áföngum allt þar til bankarnir komu inn á markaðinn í ágúst 2004. Engan tilgang hafði að innleiða breytingarnar í áföngum eftir að bankarnir komu inn á markaðinn, að því er fram kemur í greinargerð Íbúðalánasjóðs.

„Hún hefði aðeins leitt til þess að Íbúðalánasjóður hefði ekki verið lengur á þessum markaði, trúlega misst hlutverk sitt og tilgang og þar með hefði megin markmiði bankanna með þessari innkomu [bankanna] verið náð,“ segir í greinargerðinni.

brjann@frettabladid.is



**ÞENSLA** Innkoma bankanna á fasteignalánamarkaðinn var að mati Íbúðalánasjóðs „áhlaup“ á sjóðinn, að því er fram kemur í greinargerð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Hækkun á fasteignaverði og mikil þensla á fasteignamarkaði var fyrst og fremst tilkomin vegna óheftra íbúðalána bankakerfisins.
>
> GREINARGERÐ ÍBÚÐALÁNASJÓÐS



**BJARNI SÆMUNDSSON** Hafrannsóknaskipið fór í níu daga leiðangur.

Rannsóknir á hrygningarslóð:

## Sumargotssíld er enn sýkt

**SJÁVARÚTVEGUR Litlar vísbendingar eru enn um að sýking í íslensku sumargotssíldinni sé í rénun. Þetta er niðurstaða leiðangurs Bjarna Sæmundssonar á hrygningarslóðir síldarinnar.**

**„Var sýkingartíðni lítið eitt lægri en í sambærilegum leiðangri fyrir einu ári, eða um 28 prósent,“ segir í frétt frá Hafrannsóknastofnun sem kveður um helming sýktu fiskanna hafa verið með sýkingu á fyrsta stigi, líkt og sumarið 2009. Ekkert bendi til annars en að öll sýkt síld drepist.**

- gar

Skipað í sameinaðar nefndir:

## Vænta svipaðs fjölda erinda

**FÉLAGSMÁL** Ekki er reiknað með að fjöldi erinda dragist saman þó nokkrar kæru- og úrskurðanefndir sem heyra undir félagsmálaráðuneytið hafi verið sameinaðar. Félagsmálaráðherra skipaði í nýjar nefndir í gær.

Kærunefnd fjöleignarhúsamála, kærunefnd húsaleigumála og úrskurðarnefnd frístundahúsamála voru sameinaðar í kærunefnd húsamála.

Þá eru kærunefnd húsnæðismála og úrskurðarnefnd félagsþjónustu sveitarfélaga nú úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála.

- bj






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**SUMARBLÍÐA** Það verður lítið hægt að kvarta yfir veðrinu næstu dagana. Bjartviðri og hægur vindur víðast hvar en skýjað með köflum og heldur hvassara suðaustan til seint í kvöld og á morgun. Áfram má þó búast við stöku skúrum, einkum þá inn til landsins syðra.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 34° |
| Berlín | 33° |
| Billund | 22° |
| Frankfurt | 29° |
| Friedrichshafen | 25° |
| Gautaborg | 25° |
| Kaupmannahöfn | 25° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 21° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 31° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 23° |
| París | 23° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 24° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*


1970 - 2010 TOYOTA Á ÍSLANDI
TOYOTA
Gríptu um stýrið
á glænýjum Toyota
Gerðu frábær kaup á
Yaris, Verso og Auris
YARIS
VERSO
Yaris Terra
Verso Terra
Auris Terra
KJÖR SEM EKKI ÞEKKJAST
Sölumenn okkar eru í hátíðarskapi og sýna einstaka samningalipurð í tilefni afmælisársins. 40 ár af frábærri þjónustu og gæðum fylgja þér út í sumarið.
2010 TOYOTA DRIVE
www.toyota.is
Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070
Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300
Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600
Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000
Today Tomorrow Toyota
Aukabúnaður á mynd: Álfelgur.
ÍSLENSKA SIA.IS TOY 50830 07/10

## KJÖRKASSINN



*Ætlar þú í tjaldútilegu í sumar?*

Já 38,6%
Nei 61,4%

**SPURNING DAGSINS Á VÍSI Í DAG:**

*Eiga stjórnvöld að fara að ábendingum AGS um skattahækkanir?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Vísir

Flugvél Landhelgisgæslunnar tekur þátt í mengunareftirliti í Mexíkóflóa:

# Aðstoðar við hreinsun olíu

**ÖRYGGISMÁL** TF-SIF, flugvél Landhelgisgæslunnar, hélt til Louisiana í Bandaríkjunum í gærmorgun þar sem hún mun sinna mengunareftirliti í Mexíkóflóa næstu fjórar vikurnar fyrir British Petroleum. Bandaríska strandgæslan hefur yfirumsjón með verkefninu sem felst í því að kortleggja olíumengun á svæðinu suður af New Orleans og leggja áherslu á að meta hvar möguleiki er á hreinsun.

TF-SIF fylgja sjö starfsmenn Landhelgisgæslunnar sem verða á staðnum tvær vikur í senn.

„Aðstoð og þátttaka Landhelgisgæslunnar sýnir að þegar stórslys verða þurfa þjóðir, jafnt litlar sem stórar, á aðstoð að halda. Landhelgisgæslan er stolt af að geta orðið bandarísku strandgæslunni og BP að liði í þessu stóra verkefni," segir í tilkynningu Landhelgisgæslunnar. Greiddur verður útlagður kostnað, launakostnaður og leiga fyrir flugvélina.

Á meðan TF-SIF sinnir verkefninu mun Landhelgisgæslan hafa aðgang að flugvél Mýflugs, TF FMS, til leitar- og eftirlitsstarfa. **- sv**



**ÁHÖFN TF-SIF** Jón Tómas Vilhjálmsson flugvirki, Benóný Ásgrímsson flugstjóri, Garðar Árnason flugmaður og Hreggviður Símonarson stýrimaður. MYND/JÓN PÁLL ÁSGEIRSSON

Götuverð á rítalíni hækkar:

# Aðgerðir lögreglu skila sér

**HEILBRIGÐISMÁL** Nýlegar aðgerðir lögreglu til að koma í veg fyrir sölu á rítalíni hafa haft áhrif að mati SÁÁ. Í verðkönnun á rítalíni sem keypt er með ólöglegum hætti kom í ljós að verðið hefur hækkað umtalsvert nýlega.

Algengt verð á rítalíntöflu hefur verið á bilinu 500 til 870 krónur það sem af er ári. Í nýjustu könnun SÁÁ meðal sjúklinga kom í ljós að meðalverð fyrir rítalín var komið í 1.150 krónur.

Aðgerðir lögreglu hafa að mati SÁÁ ómetanlegt forvarnagildi. **- bj**



**VALHÖLL BRENNUR** Hótelið á Þingvöllum brann til grunna í fyrrasumar.

Þingvallanefnd vill byggja:

# Þjóðgarðurinn fái hótelbætur

**SKIPULAGSMÁL Álfheiði Ingadóttur, formanni Þingvallanefndar, og Ólafi Erni Haraldssyni þjóðgarðsverði hefur verið falið af nefndinni að ræða við fulltrúa forsætisráðuneytisins um að þjóðgarðurinn fái að ráðstafa bótum sem fást eftir bruna Hótel Valhallar fyrir ári.**

**Þingvallanefnd telur þjóðgarðinn hafa orðið fyrir skaða við bruna Valhallar. „Valhöll var mikilvægur hluti af gæðum þjóðgarðsins og eftir bruna hússins hafa innviðir þjóðgarðsins því rýrnað.**

**Nefndin telur full rök til þess að tryggingabætur renni til uppbyggingar í þjóðgarðinum eins og áskilið er samkvæmt brunatryggingum," segir í samþykkt nefndarinnar.** **- gar**

## VESTFIRÐIR

### Færri barnaverndarmál

Á árinu 2009 bárust barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum 140 tilkynningar um 96 börn. Af þeim bárust flestar tilkynningar frá lögreglunni, eða 40 talsins. Það er mikil fækkun frá árinu 2008. Þá kom 71 slík tilkynning frá lögreglunni. Flestar, eða 66, voru um vanrækslu barna að því er segir í fundargerð barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum.

# Skattbyrðin hér á landi er sögð svipuð og í Danmörku

**Íslendingar borga næstmest í skatta af Norðurlandaþjóðunum samkvæmt útreikningum AGS. Sérfræðingar AGS segja augljóst að líta verði á greiðslur í lífeyrissjóði sem skattgreiðslur til að bera saman milli landa.**

**FRÉTTASKÝRING**

**Hversu háir eru skattar hér á landi samanborið við hinar Norðurlandaþjóðirnar samkvæmt útreikningum AGS?**

Skattbyrði Íslendinga er með því mesta sem gerist í aðildarlöndum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD), samkvæmt útreikningum sérfræðinga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS). Þetta kemur fram í skýrslu um íslenska skattkerfið, sem AGS vann að beiðni íslenskra stjórnvalda.

Sérfræðingar sjóðsins reikna skattbyrðina sem hlutfall skatta af vergri landsframleiðslu. Nýjustu samanburðarhæfu tölurnar eru frá árinu 2007. AGS telur það skekkja verulega einfaldan samanburð á íslenska skattkerfinu og kerfinu á hinum Norðurlöndunum að Íslendingar greiða í sjálfstæða lífeyrissjóði til að tryggja sér lífeyri. Á hinum Norðurlöndunum greiðir fólk hærri skatta og ríkið sér alfarið um slík lífeyrismál.

AGS notar tvær mismunandi leiðir til að bera skattbyrðina á Íslandi saman við hin Norðurlöndin, og OECD-löndin.

Í fyrsta lagi er skattheimta á Íslandi borin saman við skatta erlendis þar sem skattar til að fjármagna lífeyrisgreiðslur sem hér fara í lífeyriskerfið eru undanskildir.

Þá er skattheimta á Íslandi 37,7 prósent af vergri landsframleiðslu, umtalsvert hærri en í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, eins og sjá má í meðfylgjandi mynd. Skattheimtan er hins vegar meiri í Danmörku, 47,7 prósent

Hin leiðin sem AGS notar til að bera saman skattbyrðar milli Íslands og nágrannalandanna er að bæta greiðslum í lífeyrissjóði við skattgreiðslur.

Þá reiknast skattbyrðin á árinu 2007 sem 48,5 prósent af vergri landsframleiðslu. Það er örlítið undir skattbyrðinni í Danmörku, sem var 48,7 prósent, og svipað og hlutfallið í Svíþjóð, 48,3 prósent. Hlutfallið er mun lægra í Noregi og Finnlandi, 43,6 prósent annars vegar og 43 prósent hins vegar.

> **48,5%**
> Skattbyrðin á Íslandi þegar tekið er tillit til greiðslna í lífeyrissjóði.
> SKÝRSLA AGS

Fjármagnstekjuskattur var tíu prósent fram á mitt ár 2009, þegar hann var hækkaður í fimmtán prósent, og svo í átján prósent í ár. Þrátt fyrir að skatturinn hafi verið næstum tvöfaldaður er hann enn talsvert lægri en á hinum Norðurlöndunum. Þetta segja sérfræðingar AGS að hluta til skýrast af ólíkum reglum um frádrátt, en segja engu að síður borð fyrir báru að hækka skattinn í 20 prósent.

Virðisaukaskattur er hvergi innan aðildarríkja OECD hærri en hér á landi, 25,5 prósent. Skatturinn er þó svipaður í Danmörku, 25 prósent, en þar er ekkert lægra skattþrep fyrir matvæli, rafmagn, hita og fleira. Sérfræðingar AGS gerðu ekki tilraun til að meta mun á þjónustugjöldum eða öðrum kostnaði skattgreiðenda utan við beinar skattgreiðslur. Ekki var heldur metið hvaða þjónusta fæst fyrir það fé sem greitt er í skatt.

**brjann@frettabladid.is**

## Samanburður á skattbyrði

Skattheimta sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hér á landi er með því hæsta sem gerist á Norðurlöndunum. Aðeins í Danmörku er skattbyrðin þyngri, sé tekið tillit til þess að greiðslur í lífeyrissjóði má í raun skilgreina sem skattgreiðslur, að mati AGS.

**Samanlögð skattbyrði**




**Skattbyrði fyrir utan lífeyriskerfi**




Miðað er við skattlagningu sem hlutfall af landsframleiðslu. Tölurnar eru frá árinu 2007.

Heimild: Skýrsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins






45 hermenn hafa látið lífið í Afganistan það sem af er mánuði:

# Tólf hermenn drepnir í gær

**AFGANISTAN** Tólf hermenn Nató létu lífið í Afganistan í gær í nokkrum árásum. Í fyrradag létust þrír hermenn, afganskur lögreglumaður og fimm óbreyttir borgarar í sjálfsvígsárás þar. Þá sprengdi maður sig í loft upp við hlið lögreglustöðvar í Kandahar og nokkrum mínútum eftir það hófu uppreisnarmenn skothríð og köstuðu handsprengjum. Talibanar hafa lýst þeirri árás á hendur sér, en þeir hafa aukið árásir á opinberar byggingar í Kandahar þar sem alþjóðaherliðið mun fjölga hermönnum þar á næstunni.

45 hermenn hafa látið lífið það sem af er júlímánuði. Yfir hundrað létust í júní, en það var mannskæðasti mánuðurinn fyrir herdeildir í landinu síðan stríðið þar hófst.

Á þriðjudag voru fjórir breskir hermenn myrtir. Mikil leit stendur nú yfir í Helmand-héraði að afgönskum hermanni sem drap þrjá þeirra á þriðjudag. Hamid Karzai, forseti Afganistans, hefur heitið því að atvikið verði rannsakað og Nató segist ætla að gera allt sem í sínu valdi stendur til að ná hermanninum og þeim sem gætu verið að starfa með honum. **- þeb**



**FRÁ AFGANISTAN** Síðasti mánuður var sá mannskæðasti fyrir alþjóðaherliðið í Afganistan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Útsala

nýtt VISA tímabil

## Allar útsöluvörur

verð aðeins

# 250-3000 kr

**Bolir...Peysur...Buxur**

**...Skór**

**...Á ALLA FJÖLSKYLDUNA**

HAGKAUP

*Ein ferð betra verð*

VEISTU SVARIÐ?



1 Hversu gamalt er Hið íslenska Biblíufélag?

2 Hversu mörg tonn af lambakjöti seldust í nýliðnum júní?

3 Hverjir verða mótherjar FH í undanúrslitum VISA-bikars karla?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Matthías Guðmundsson fékk samþykki Þjóðskrár fyrir nafninu Grindvík:

# Heitir eftir heimabænum

**GRINDAVÍK** „Mér finnst þetta skemmtilegt. Ég er fæddur hér og bý hér og hef miklar tilfinningar til Grindavíkur," segir Matthías Guðmundsson, umsjónarmaður grunnskólans í Grindavík.

Hann kennir sig nú við heimabæinn og heitir Matthías Grindvík Guðmundsson. Matthías sótti um nafnbreytinguna til Þjóðskrár og mannanafnanefndar. Hann fékk jákvætt svar um hæl.



MATTHÍAS GRINDVÍK

„Ég var búinn að vera með þessa flugu í hausnum í mörg ár," segir Matthías um ástæður þess að hann breytti nafni sínu kominn á miðjan aldur. Hann var í veikindaleyfi og hafði lítið að gera þegar hann ákvað að kanna hvort hugmyndin gæti orðið að veruleika og sendi bréf til Þjóðskrár og mannanafnanefndar.

Hálfum mánuði og tíu þúsund krónum síðar var nafnið Grindvík komið í opinberar bækur.

Matthías segir eiginkonu sína, Bertu Grétarsdóttur, ekki hafa haft hugmynd um hvað hann var að brasa fyrr en nafnbreytingin var um garð gengin. Hann segir eiginkonuna sátta við nýtt nafn eiginmannsins.

Matthías Grindvík Guðmundsson hefur starfað í þrjátíu ár sem umsjónarmaður í grunnskólanum og segist njóta sín vel í starfi innan um börnin í Grindavík. - pg

Sundlaugin á Blönduósi:

## 8.400 gestir á tæpum mánuði

**BLÖNDUÓS** Rúmlega 8.400 gestir hafa farið í nýju sundlaugina á Blönduósi frá opnun hinn 16. júní síðastliðinn. Stefnt er á að fá 30 þúsund gesti fyrir lok ágúst, samkvæmt Guðmundi Haraldssyni, forstöðumanni laugarinnar. Formleg opnun verði haldin næstkomandi laugardag en iðnaðarmenn eru í óða önn við að leggja lokahönd á framkvæmdir.

Gert er ráð fyrir að sundlaugin og byggingin í heild kosti á bilinu 400 til 420 milljónir króna. - sv



**REYKJAVÍK** Leigusamningum í Reykjavík fjölgaði um 19,3 prósent í júní miðað við maí. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nýjar tölur frá Þjóðskrá:

## Leigusamningum fjölgar

**EFNAHAGSMÁL Heildarfjöldi þinglýstra leigusamninga á Íslandi var 834 í júní. Leigusamningum hefur því fjölgað um 23,7 prósent frá því í maí og um 2,6 prósent miðað við júní í fyrra.**

**Um 70 prósent allra leigusamninganna eru gerðir á höfuðborgarsvæðinu, eða 581, og fjölgar þeim um 2,1 prósent miðað við júní í fyrra. - mþl**

SKAGAFJÖRÐUR

### Niðurgreiddar afsláttartölvur

Sveitarstjórnarmenn í Skagafirði geta nú keypt sér fartölvur út á afsláttarsamning sem sveitarfélagið hefur við söluaðila. Að auki hefur byggðaráðið samþykkt að sveitarfélagið greiði þriðjung af verði tölvanna.

Bát stolið ásamt bílkerru:

## Þjófarnir skildu eftir nýjan lás

**ÞJÓFNAÐUR Hvítum trefjaplastbát með utanborðsmótor var stolið ásamt bílkerru við Mjóanes við Þingvallavatn í síðustu viku. Þjófarnir brutu upp hengilás á hliði sem lokaði svæðið af, en bættu fyrir það brot með nýjum hengilás ásamt lykli.**

**Báturinn var af gerðinni Broom, 15 fet á lengd og hvítur. Lögreglan á Selfossi vinnur að rannsókn málsins. - sv**

LÖGREGLUFRÉTTIR

### Búnaður í góðu lagi

Lögreglan á höfðuborgarsvæðinu hefur fylgst með búnaði eftirvagna að undanförnu. Fjölmargir ökumenn hafa verið stöðvaðir og í langflestum tilvikum hefur búnaðurinn verið í góðu lagi. Það er helst að hliðarspeglar séu ekki eins og skyldi og þá þurfa menn að gæta að heildarþyngd bíls og eftirvagns en sé hún meiri en 3,5 tonn þarf aukin ökuréttindi.

### Kannabisræktun stöðvað

Lögreglan stöðvaði kannabisræktun í iðnaðarhúsnæði í Háaleitishverfinu í fyrradag. Við húsleit á áðurnefndum stað fundust tæplega 70 kannabisplöntur. Það voru lögreglumenn við eftirlit í hverfinu sem runnu á lyktina og því var eftirleikurinn auðveldur.

FRÉTTAVIÐTAL: Jón Ásgeir Jóhannesson

# Segist alls engar eignir hafa flutt á Ingibjörgu

**Jón Ásgeir Jóhannesson þvertekur fyrir það að hafa flutt eignir á nafn eiginkonu sinnar. Hann segir einkaneyslu sína undanfarinn áratug ekki svo mikla, sé hún skoðuð í réttu samhengi. Hann ætlar að áfrýja alheimskyrrsetningu eigna sinna þrátt fyrir að dómari hafi hafnað áfrýjunarbeiðni.**



**ÞESS VIRÐI AÐ VERJAST** Jón Ásgeir segir það vera þess virði að eyða stórfé í málsvörn sína, enda muni hann fá það allt aftur á endanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Það hafa engar eignir verið fluttar á milli okkar. Engar," segir Jón Ásgeir Jóhannesson um þær ásakanir slitastjórnar Glitnis að eitthvað sé gruggugt við það að tilteknar eignir hérlendis séu gefnar upp sem eignir Ingibjargar Pálmadóttur, eiginkonu Jóns Ásgeirs. Slitastjórnin lætur að því liggja í rökstuðningi sínum fyrir alheimskyrrsetningu sem lagður var fram í London að Jón Ásgeir hafi flutt eignirnar á Ingibjörgu á síðustu misserum og reyni nú að telja dómara trú um að eignir sem í raun séu hans séu alfarið eign Ingibjargar.

„Þetta er bara alrangt. Eina eignin sem hefur verið flutt var þegar fasteignin [sem hýsir Hótel 101] var fyrir slysni flutt yfir á mig og það eru bara mistök sem hefur verið farið fram á við sýslumann að hann leiðrétti," segir Jón Ásgeir. Allt annað liggi ljóst fyrir; íbúðir Ingibjargar að Sóleyjargötu hafi alltaf verið hennar eign, sem og lúxusíbúðirnar á Manhattan, sem Ingibjörg hafi greitt fyrir með eigin peningum og láni frá Landsbankanum, sem nú hefur verið greitt upp að fullu.

### „Helmingurinn fór í skatt"

Meðal þess sem fram kemur í gögnum málsins er að Jón Ásgeir hafi eytt tugum milljóna á mánuði árin 2001 til 2008. Dómarinn í London undraðist að maður sem eytt hefði slíkum fjármunum ætti ekki meiri eignir í dag en þær sem Jón Ásgeir gaf upp til kyrrsetningar, sem voru virði um 240 milljóna.

Jón Ásgeir bendir á að upphæðin hafi verið gefin upp í pundum í réttarhöldunum og hafi síðan verið umreiknuð í fjölmiðlum miðað við hæsta gengi pundsins eftir hrun, þegar staðreyndin sé að meðalgengi pundsins á þessum árum hafi verið um 100 krónur. Tölurnar 50 til 65 milljónir á mánuði, sem hafa verið birtar, séu því allt of háar. Raunveruleg neysla hans hafi ekki verið nema um helmingur af því.

„Helmingurinn fór í skatt," segir Jón Ásgeir. „Ég var meðal stærstu skattgreiðenda á Íslandi um mjög langt tímabil. Ég gaf mjög mikið til góðgerðarmála um langt skeið og ég var með fjölskyldu og heimili í þremur löndum. Þannig að ef maður setur þetta í samhengi og segir: Jón eyddi 2,2 milljónum punda á ári, þá eru það engar stórar tölur miðað við það sem gengur og gerist."

### Ætlar samt að áfrýja

Jón Ásgeir segist ætla að áfrýja alheimskyrrsetningunni í London þrátt fyrir að dómari hafi hafnað áfrýjunarbeiðni hans á föstudaginn var. Hann telur að upplýsingarnar um meintar 38 milljarða bankainnistæður hans, sem komið hefur í ljós að voru í eigu verslanakeðjunnar Iceland Foods, hafi vegið þungt í þeirri ákvörðun dómarans að verða við kyrrsetningarbeiðninni.

„Slitastjórnin setti fram gögn sem afvegaleiddu dómarann og þess vegna teljum við að þetta mál geti farið fyrir hæstarétt í Bretlandi," segir Jón Ásgeir.

Annað veigamikið atriði í rökstuðningi slitastjórnarinnar hafi tengst skíðaskála Ingibjargar í Frakklandi og meintum óeðlilegum millifærslum í kringum afborganir af honum. Ljóst sé hins vegar að Ingibjörg hafi forðað skálanum frá því að lenda í höndunum á þeim sem byggði hann og átti í honum fyrsta veðrétt, með því að greiða við hann 2,5 milljóna evra skuld. Hún hafi síðan greitt Glitni 2,2 milljarða vegna lánasamnings um skálann.

„Allt þetta tal um að það sé verið að stinga einhverju undan og hlaupa í burtu er algjörlega óásættanlegt. Það er fyrst og fremst verið að reyna að standa við skuldbindingar. Í stað þess er öllu snúið á hvolf og sagt að þetta fólk sem er að reyna að standa við sínar skuldbindingar sé bara þjófar," segir Ásgeir.

### Sannfærður um frávísun

Jón Ásgeir segist enn fremur sannfærður um það að máli slitastjórnarinnar á hendur sjömenningunum í New York verði vísað frá dómi, þar sem þarlendir dómstólar hafi enga lögsögu í málinu. Þar að auki væri aldrei hægt að framfylgja slíkum dómi á Íslandi ef málið færi alla leið. „Þannig að þótt þau myndu vinna málið í Bandaríkjunum þá gætu þau ekki einu sinni farið á eftir eigum okkar á Íslandi," segir hann.

Þá segir Jón Ásgeir tölur um málskostnað sem hann þarf að greiða orðum auknar. Hann hafi til þessa einungis þurft að greiða um 50 milljónir íslenskra króna í London og hafi staðið skil á því, enda þurfi slitastjórnin samkvæmt breskum lögum að leyfa honum að nota kyrrsettar eignir í málsvörn og uppihald. Það hafi slitastjórnin þegar samþykkt.

Spurður hvort það sé þess virði fyrir mann sem á ekki eignir nema að andvirði 240 milljóna, eins og hann hefur gefið upp, að verja svo miklum fjármunum í málsvörn segir Jón Ásgeir svo vera. „Að sjálfsögðu – af því að ég fæ þá endurgreidda þegar niðurstaðan liggur fyrir. Það er bara þannig."

### „Með dollaramerki í augunum"

Jón Ásgeir segir málaferlin á hendur sér minna hann um margt á upphaf Baugsmálsins. „Það byrjaði með stórum hvelli, menn sökuðu mig og aðra um marga slæma hluti. Fjölmiðlar hlupu upp til handa og fóta og sögðu: Þetta eru mestu glæpamenn Íslandssögunnar. En ég held að þegar sannleikurinn kemur í ljós þá verði ekkert í þessu. Þetta er bara gert til að eyðileggja fólk og eyðileggja framtíð þess. Steinunn [Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnarinnar] og Árni Tómasson [formaður skilanefndar Glitnis] fá stundarklapp á bakið og Kroll og lögmenn Glitnis í Bandaríkjunum eru bara með dollaramerki í augunum, því miður."



Stígur Helgason
stigur@frettabladid.is



Húsnæðislán í erlendri mynt

# 5.000 kr. af hverri milljón á mánuði

## Íslandsbanki býður einstaklingum með erlend húsnæðislán að greiða 5.000 krónur af hverri milljón á mánuði

Nú ríkir óvissa um lánasamninga í erlendri mynt. Íslandsbanki hefur ákveðið að bjóða einstaklingum í viðskiptum við bankann, sem eru með erlend húsnæðislán, að greiða mánaðarlega sem svarar 5.000 kr. fyrir hverja milljón sem upphaflega var fengin að láni.*

**Þessi tímabundni valkostur gildir til 31. mars 2011.**

Sækja þarf um breytinguna fyrir 20. dag mánaðar svo breyting nái fram að ganga fyrir gjalddaga næsta mánaðar á eftir.

Sækja má um þennan valkost á heimasíðu bankans islandsbanki.is, í þjónustuveri í síma 440 4000 eða í útibúum.

Íslandsbanki vill þakka viðskiptavinum sínum fyrir þolinmæðina undanfarna daga. Jafnframt þykir bankanum miður sú óvissa sem ríkt hefur og þau óþægindi sem viðskiptavinir hafa orðið fyrir.

*Athugið að ef gjalddagar eru t.d. á þriggja mánaða fresti mun greiðsla hvers gjalddaga taka mið af því. Gjalddaga lána verður ekki breytt í mánaðarlega gjalddaga, þótt skilgreiningin sé miðuð við mánuð.

**Ekki er öruggt að mánaðarleg fastgreiðsla verði lægri en það sem greitt er í dag og er því mikilvægt að fara yfir greiðsluseðla áður en ákvörðun er tekin.



## Dæmi um greiðslubyrði

Greiðsla af láni með upphaflegum höfuðstól að upphæð 10 milljónir króna yrði miðað við þetta **50.000 krónur á mánuði.****

## Umsóknir berist fyrir 20. dag mánaðar

Ef gjalddagi er 1. ágúst þarf að **sækja um breytingu fyrir 20. júlí**.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 10-1281



**PAMPLONA** Árlegu nautahlaupi í Pamplona á Spáni lauk í gær. Þessir menn ætluðu sér ekki að missa af neinu og sváfu á götuhorni í gærmorgun áður en síðasta hlaupið hófst. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Áfram heldur mokveiðin á neðsta svæðinu í Blöndu:

# Tvö holl lönduðu 380 löxum

**STANGVEIÐI** Tvö holl sem voru að veiðum í vikunni á neðsta svæðinu í Blöndu veiddu samtals 380 laxa á fjórum dögum. Á þessu svæði er veitt á fjórar stangir.

Fyrra hollið veiddi um 230 laxa samkvæmt veiðibókinni. Í því holli voru meðal annarra Þórarinn Sigþórsson tannlæknir og Bolli Kristinsson kaupmaður, stofnandi fataverslunarinnar Sautján. Hluta af aflanum var sleppt aftur í ána.

Hollið á eftir veiddi 150 laxa. Stærsti fiskurinn í því holli mun hafa vegið 17 pund. Höfðu sumir veiðimenn á orði að nú vandaðist málið því frystiplássið á heimili þeirra gæti ekki tekið við öllum þessum afla. - gar



**Í BLÖNDU** Þórarinn Sigþórsson gerir það enn gott í Blöndu.

Bæjarstjóri Fjarðabyggðar:

# Tuttugu og þrír umsækjendur

**FJARÐABYGGÐ** Nýr listi yfir umsækjendur um bæjarstjórastól Fjarðabyggðar var birtur 13. júlí síðastliðinn.

Meðal umsækjenda eru Ásgeir Magnússon, forstöðumaður á skrifstofu atvinnulífsins á Norðurlandi, Ásta G. Hafberg Sigmundsdóttir, varaformaður Frjálslynda flokksins, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, bæjarstjóri á Hellu, Einar Már Sigurðarson, fyrrverandi þingmaður og skólastjóri. og Ólafur Áki Ragnarsson, fyrrverandi bæjarstjóri í Ölfusi. - sv

Umboðsmaður skuldara:

# Níu sóttu um

**EMBÆTTI Ásta Sigrún Helgadóttir, forstöðumaður Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, og Runólfur Ágústsson,fyrrverandi rektor, eru meðal níu umsækjenda um nýtt embætti umboðsmanns skuldara. Starfsemin hefst 1. ágúst og tekur meðal annars yfir störf Ráðgjafarstofunnar.**

**Aðrir umsækjendur eru Guðmundur Ásgeirsson, Guðrún Hulda Aðils Eyþórsdóttir, Guðrún Jóhannsdóttir, Hallgrímur Þ. Gunnþórsson, Hólmsteinn A. Brekkan, Ólöf Dagný Thorarensen og Sif Jónsdóttir.** - pg

**KÓPAVOGUR**

### Kettir gangi ekki lausir

Una María Óskarsdóttir, bæjarfulltrúi í Kópavogi, vill að lausaganga katta verði bönnuð í bænum líkt og gildir um hunda. Verið er að setja saman nýjar reglur um kattahald í Kópavogi.

Lögreglumaðurinn sem varð fyrir árás Raoul Moat:

# Læknar segja blinduna varanlega

**BRETLAND** Breska lögreglumanninum David Rathband, sem morðinginn Raoul Moat skaut í andlitið með haglabyssu, hefur verið sagt að hann hafi misst sjón á báðum augum og verði blindur upp frá þessu.

Rathband, sem er 42 ára gamall, var einn á eftirlitsferð í lögreglubíl þegar hann rakst á Moat sem hafði þá þegar sagst myndu myrða alla þá lögregluþjóna sem hann næði til.

Moat var vopnaður tvíhleyptri afsagaðri haglabyssu en Rathband var óvopnaður. Rathband segir að hann hafi séð Moat koma hlaupandi að bíl sínum og miða á sig haglabyssunni.



**RAOUL MOAT**

Þeir hafi horfst í augu andartak og hann hafi ekki séð neitt. Engan vott um tilfinningar. Það var það síðasta sem lögregluþjónninn sá um ævina því Moat skaut á hann úr báðum hlaupum byssunnar.

Annað skotið lenti í andliti hans en hitt í öxl. Þegar Moat var farinn tókst Rathband að kalla á hjálp um talstöð sína.

Auk Rathbands skaut Moat og særði fyrrverandi kærustu sína og barnsmóður og myrti nýjan kærasta hennar.

Eftir vikulanga eftirför lauk þessu öllu með því að Moat skaut sjálfan sig í höfuðið eftir að lögreglan hafði króað hann af.



**ÁLFTANESSKÓLI** Valáfangar í skólanum þar sem boðið er upp á stelpu- og strákaval þykja brot á jafnréttislögum. Sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu segir að verið sé að ýta undir staðalímyndir með því hvernig námskeiðin eru fram sett. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Förðun fyrir stelpur og bílar fyrir stráka

**Í Álftanesskóla er boðið upp á förðun og slúður fyrir stelpur en íþróttir og bíla fyrir stráka. Bannað er að mismuna kynjum samkvæmt jafnréttislögum. Ýtt undir staðalímyndir, segir Jafnréttisstofa.**

**MENNTUN** Álftanesskóli fer gegn jafnréttislögum með því að bjóða nemendum í áttunda, níunda og tíunda bekk upp á „stelpuval“ og „strákaval“ sem valgreinar. Jafnréttisstofu hafa borist erindi vegna málsins. Það staðfestir Tryggvi Hallgrímsson, sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu. Hann segir standa í lögunum að kennsla og námsgögn skuli vera þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

Samkvæmt upplýsingabæklingi sem er á heimasíðu skólans er farið yfir helstu áhugamál stelpna í „stelpuvali“. Spáð verði í fatnað, förðun og heilsu meðal annars og förðunarnámskeið haldin. Þá verða slúðurblöð skoðuð og farið á netið til að fylgjast með frægu fólki hér á landi og erlendis. Hjá strákunum er námsefnið helstu úrslit helgarinnar, bílar og bílaíþróttir og tækni og vísindi.

Tryggvi segir að markmiðum jafnréttislaganna skuli meðal annars náð með því að vinna gegn hefðbundnum kynjaímyndum og neikvæðum staðalímyndum um hlutverk karla og kvenna. „Þannig að það er klárt að skólar almennt geta ekki boðið upp á námskeið sem höfða aðeins til annars hvors kynsins og það er klárlega verið að ýta undir staðalímyndir kynjanna með námsgreinum sem meðal annars leggja áherslu á að konur kynni sér undirstöður í förðun og fylgjast með slúðurblöðum og svo framvegis.“ Jafnréttisstofu hafa áður borist erindi vegna valnámskeiða í grunnskólum og þá hafa breytingar verið gerðar í samræmi við jafnréttislög.

> Það er klárlega verið að ýta undir staðalímyndir kynjanna með námsgreinum sem meðal annars leggja áherslu á að konur kynni sér undirstöður í förðun og fylgjast með slúðurblöðum
>
> **TRYGGVI HALLGRÍMSSON** SÉRFRÆÐINGUR HJÁ JAFNRÉTTISSTOFU

Erna I. Pálsdóttir, aðstoðarskólastjóri Álftanesskóla, sagði í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöld að heitin á námskeiðunum séu mistök skólans og upptalningin í áföngunum sé komin frá krökkunum sjálfum. Erna sagði jafnframt að áfangarnir séu ekki kynjaskiptir heldur vinni allir saman í hóp. Námskeiðin séu þó sett klaufalega fram. thorunn@frettabladid.is

### Úr jafnréttisstefnu Álftanesskóla

Nemendum skal ekki mismunað eftir kyni, litarhætti, fötlun eða öðrum þáttum. Áhersla er lögð á að nemendur njóti alhliða menntunar og fái hvatningu til náms í samræmi við þroska og áhuga hvers og eins ... Við leggjum áherslu á eiginleika hvers einstaklings í hópnum fremur en kynjamun.

Rætt verði um staðalmyndir og fordóma og áhrif þeirra á hugmyndir drengja og stúlkna um hlutverk, getu og möguleika í lífinu.




Spurðu um beyglur frá Myllunni í versluninni þinni

*Búðu þig undir góðar stundir*

**Kauptu beyglur frá Myllunni**

Beyglurnar frá Myllunni eru bragðgóðar og henta við öll tækifæri. Eigðu þær alltaf í frystinum. Spurðu um beyglur í næstu búð. Taktu með þér poka til að eiga núna. Berðu beyglur á borð fyrir gesti eða smyrðu ljúffenga beyglu fyrir svanga krakka. Betri helmingurinn kann líka að meta volga beyglu beint í rúmið. Mundu eftir beyglunum frá Myllunni.

50% MEIRA MAGN SAMA VERÐ

ÍSLENSKT Já takk!

Nú fæst 50% meira af beyglum á sama verði og áður.




*Gríptu með poka af beyglum í búðinni, í dag!*

Veljum íslenskt

Beyglurnar frá Myllunni eru til í þremur gerðum: Fínar beyglur, beyglur með kanil og rúsínum og beyglur með hörfræjum, sesam og birki.
**Hver annarri betri!**

*Fylgstu með okkur á:*
**www.myllan.is**

MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ

# Sprengitilboð á viðarvörn




# 25% afsláttur
## af allri viðarvörn!

**3.740**
Fullt verð: 4.990

4 l
Vnr. 86332040-9040
**Viðarvörn**
KJÖRVARI viðarvörn, margir litir, 4 l.



**20% afsláttur**

OUTBACK

Fullt verð: 69.900
Vnr. 50630104
**Gasgrill** **55.900**
OUTBACK gasgrill með 3 járnbrennurum. Grillflötur 63x42 cm, grillgrind, neistakveikjari, hitadreifiplata og hitamælir. Efri grind, þrýstijafnari og slanga fylgja. Svart postulínshúðað lok. 11,8 kW.



**20% afsláttur**

OUTBACK

Fullt verð: 59.900
Vnr. 50630102
**Gasgrill** **47.900**
OUTBACK TROOPER PLUS gasgrill, 48x50 cm, grillflötur með tvískiptum brennara, grillgrind úr postulínshúðuðu pottjárni, neistakveikjara, hitamæli, efri grind, þrýstijafnara og grillsteinum.

**ALLIR VINNA**
ALLIRVINNA.IS

**100%** endurgreiðsla
**á virðisaukaskatti af keyptri vinnu á byggingastað og allt að 300.000 kr. frádráttur frá skattstofni.**
Sjá nánar á www.allirvinna.is

EXPO · www.expo.is

**24" eða 26" REIÐHJÓL**



**22% afsláttur**

Vnr. 49620202/4
**Fjallahjól** **28.900**
Fullt verð: 36.900
24" eða 26" fjallahjól, 21 gíra Shimano gírabúnaður, bretti, dempari að framan, álfelgur, glitaugu, keðjuhlíf og V-bremsur.

**28" REIÐHJÓL**



**23% afsláttur**

Vnr. 49620200
**Götuhjól** **22.900**
Fullt verð: 29.900
28" götureiðhjól fyrir karla, 6 gíra með brettum og bögglabera.

**BYKO**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.



**FRAMKVÆMDARÁÐ LUNGA 2010** LungA-listahátíðin hófst í bænum 12. júlí og lýkur á sunnudaginn.

Afmælistónleikar LungA-listahátíðarinnar utandyra:

# 50 ára og eldri þurfa ekki að borga inn

**MENNING** Tíu ára afmælistónleikar LungA-listahátíðarinnar verða haldnir utandyra á Seyðisfirði á laugardagskvöldið. Aðgangseyrir fyrir yngri en fimmtíu ára er 2.000 krónur. Aðrir gestir borga ekkert.

„Fimmtíu ára og eldri fá frítt inn. Hvers vegna? spyrja eflaust margir. Ástæðan er einföld, við viljum dreifa aldrinum meira heldur en hefur tíðkast. Því fleiri fullorðnir sem mæta á svæðið því skemmtilegra,“ segir í tilkynningu frá unga fólkinu í LungA-ráðinu 2010.

Meðal þeirra hljómsveita sem koma fram á afmælistónleikunum eru Hjaltalín, Retro Stefson, Seabear, og Bloodgroup.

Margs konar viðburðir hafa verið á LungA-hátíðinni. Má þar nefna listasmiðjur og hönnunarverkstæði sem staðið hafa frá því á mánudag. Flestir viðburðirnir fara fram í og við félagsheimilið Herðubreið.

LungA 2010 lýkur á sunnudaginn með „grilli og kveðjuknúsi fyrir listamenn, starfsfólk, leiðbeinendur og þátttakendur í listasmiðjum,“ eins og segir í dagskránni. **- gar**




Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is




**FRÉTTASKÝRING:** Vandi Orkuveitu Reykjavíkur

# Vantar milljarða upp á að eiga fyrir afborgunum

**Á seinni hluta síðasta kjörtímabils virðist hafa ríkt þögult þverpólitískt samkomulag í borgarstjórn Reykjavíkur um að ýta vandamálum Orkuveitu Reykjavíkur fram yfir kosningar. Nú er nýr meirihluti í borginni að láta gera úttekt á gríðarlega erfiðri stöðu fyrirtækisins.**



**VANDI BORGARINNAR** Reykjavíkurborg á 93% í Orkuveitunni og er í ábyrgðum fyrir öllum skuldum fyrirtækisins. Þær eru um 240 milljarðar króna og mestallar í erlendum gjaldmiðlum. Tekjurnar eru hins vegar nánast allar í krónum. Eigið fé hefur hrunið undanfarin ár í samræmi við hrun krónunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Orkuveita Reykjavíkur skuldar um 240 milljarða króna, og eru skuldirnar í erlendum gjaldmiðlum að nær öllu leyti. 80 prósent af tekjum fyrirtækisins eru hins vegar í krónum. Eigið fé fyrirtækisins hefur brunnið upp frá hruni.

Þremur mánuðum fyrir hrunið virðist sem Orkuveitan hafi ekki átt sér neins ills von. Þá gerði hún samning um að kaupa fimm túrbínur í nýjar virkjanir. Kostnaðurinn var þá metinn á 13 milljarða króna. Í september 2008, korteri fyrir hrun, samdi Orkuveitan um gríðarlega umfangsmikið jarðboranaverkefni. Í því fólst skuldbinding upp á 14 milljarða króna.

Þessi tvö verkefni fela ein og sér í sér álíka mikla skuldbindingu fyrir Orkuveituna og nemur öllum tekjum hennar í eitt ár.
Þau voru liður í að undirbúa fjárfestingar í nýjum virkjunum á Hellisheiði sem vonir stóðu til að gætu fært fyrirtækinu miklar tekjur í erlendum gjaldeyri um ókomin ár.

## Gríðarlegar afborganir

Óvíst er í dag hvort þau verða nokkurn tímann að veruleika. Bitruvirkjun hefur verið frestað um óákveðinn tíma en stefnt er að nýrri virkjun í Hverahlíð. Orku hennar á að selja annaðhvort til kísilmálmverksmiðju í Þorlákshöfn eða þá til álvers í Helguvík. Hrunið hefur sett öll þessi áform í uppnám.

Það kemur sér illa því að næstu ár þarf Orkuveitan að greiða gríðarlegar fjárhæðir í afborganir af erlendum lánum. Fjárhæðir sjást í töflu hér til hliðar. Þar sést m.a. að afborganir ársins 2013 eru 30 milljarðar, sem er hærri fjárhæð en allar tekjur fyrirtækisins síðasta ár.

Inni í þessu eru afborganir af umdeildum skuldbindingum sem tengjast stofnun fyrirtækisins REI, uppbyggingu Gagnaveitunnar og kaupum OR á eignarhlut í Hitaveitu Suðurnesja, sem síðar var seldur þvingaðri sölu að kröfu samkeppnisyfirvalda.

## Endurfjármögnun ekki í boði

Fyrsti kostur fyrirtækisins hefði verið að endurfjármagna lán sín og dreifa hluta af þungri greiðslubyrði næstu ára yfir lengri tíma. Í kjölfar hrunsins er þröngt um möguleika á slíkri lausn.
Almennt efnahagsástand gerir að verkum að framboð á lánsfé er takmarkað og alls ekki á eins lágum vöxtum og orkuveitunni hafa boðist undanfarin ár. Hvert prósentustig í auknum vaxtakostnaði kostar Orkuveituna 2 milljarða króna á ári. Eins þykir ljóst að markaðurinn hefur takmarkaða trú á Orkuveitu Reykjavíkur um þessar mundir. Það á bæði við um erlenda banka og matsfyrirtæki og innlenda lífeyrissjóði. Ákvarðanir borgarstjórnar hafa stuðlað að þessu.

Einn stærsti lífeyrissjóður landsins, Gildi, neitaði í vetur að taka þátt í skuldabréfaútboði sem Orkuveitan gekkst fyrir til þess að afla sér 10 milljarða króna. Lífeyrissjóðurinn tiltók þá ástæðu að fyrirtækið hefði tregðast við að grípa til nauðsynlegra aðgerða eins og gjaldskrárhækkana. Einnig var gagnrýnt að borgin léti Orkuveituna greiða 800 milljóna króna arð til borgarsjóðs. Gríðarlegt tap á fyrirtækinu breytti því ekki að borgarstjórn ákvað að krefja það um þennan arð.

**90%** Rekstrarafkoma OR mun aðeins nægja fyrir greiðslu um 90 prósent af afborgunum og vöxtum árið 2010 ef gjaldskrárhækkanir koma ekki til.

Svipað sjónarmið kom fram hjá matsfyrirtækinu Moody‘s þegar það lækkaði lánshæfismat orkuveitunnar og vísaði til að fyrirtækið hefði ekki hækkað gjaldskrá sína þótt tekjur hefðu rýrnað vegna verðbólgu.

## Engin lán án hækkunar gjaldskrár

„Það var pólitísk ákvörðun að hækka ekki gjaldskrár,“ sagði heimildarmaður Fréttablaðsins en síðasta borgarstjórn samþykkti einum rómi að frysta allar gjaldskrár, þar á meðal gjaldskrá OR, í tvö ár. „Þetta hefur haft mikil áhrif á fyrirtækið. Orkuveitan mun ekki fá lánsfé nema það komi skýrar vísbendingar um að tekið verði mið af þessum ábendingum og gjaldskrár verði hækkaðar.“

Stórfelldar hækkanir á gjaldskrám Orkuveitu Reykjavíkur eru sagðar óhjákvæmilegar næstu ár. Líklega muni þær hækkanir skipta tugum prósenta í nokkrum áföngum. Í minnisblaði sem fjármálastjóri borgarinnar kynnti nýlega kemur fram að 20% hækkun gjaldskrár mundi aðeins duga til þess að mæta afborgunum þessa árs.

Án gjaldskrárhækkana muni rekstrarafkoman aðeins nægja fyrir greiðslu um 90% af afborgunum og vöxtum þessa árs, 64% af greiðslubyrði næsta árs, 65% af greiðslubyrði ársins 2012 en að Orkuveitan muni aðeins rísa undir 44% af afborgunum og vaxtagreiðslum árið 2013 að óbreyttu. Eins og sést á töflunni til hliðar eru afborganir lána OR á árinu 2013 30 milljarðar króna. Það er hærri fjárhæð en allar tekjur fyrirtækisins á síðasta ári.

Eitt af því sem fram kemur í yfirlýsingu stjórnar Orkuveitunnar um rekstrarúttekt er að taka eigi saman upplýsingar um allar skuldbindingar fyrirtækisins og afrakstur fjárfestingar síðustu ára. Haraldur Flosi Tryggvason, nýr stjórnarformaður, segir aðspurður að í þessu felist að raunveruleg arðsemi einstakra ákvarðana verði könnuð. „Við höfum áhuga á að vita hver raunveruleg arðsemi af fjárfestingum fyrirtækisins er,“ segir Haraldur Flosi. „Þar eru allar fjárfestingar undir.“

Úttektinni á að ljúka innan mánaðar.

## Engin ný stóriðja

Í tengslum við aðalfund fyrirtækisins þar sem ný stjórn var kjörin kom fram að borgarstjórn ætlaðist til að virkri stóriðjustefnu Orkuveitunnar yrði hætt. Um það hvað þetta feli í sér segir Haraldur Flosi, fulltrúi Besta flokksins: „Það er opinber stefna þeirra sem ég þigg umboð mitt frá að það eigi að hverfa frá áhættusækinni fjárfestingu og snúa sér að öruggri fjárfestingu í þágu almennings.“

Staðið verði við skuldbindingar sem þegar hefur verið stofnað til en ekki efnt til nýrra fjárfestinga. Um fjórir til sex milljarðar króna hafa farið í að undirbúa nýjar virkjanir á Hellisheiði, þar af um milljarður í Bitruvirkjun, sem blásin var af á síðasta kjörtímabili. Mun meira fé liggur í undirbúningi Hverahlíðarvirkjunar. Orkuveitan hefur átt í viðræðum um að selja orku frá Hverahlíð til kísilmálmsverksmiðju í Þorlákshöfn og til álvers í Helguvík. Þau verkefni, og þar með sala á orku Hverahlíðarvirkjunar, eru í óvissu enn sem komið er.

Haraldur Flosi leggur áherslu á að staðið verði við gerðar skuldbindingar gagnvart þessum aðilum en segir að engin önnur áform séu um að Orkuveita Reykjavíkur ráðist í áhættusamar stóriðjufjárfestingar undir stjórn hins nýja meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur.

### Orkuveitan

**Ýmsar tölur um Orkuveitu Reykjavíkur**

| | |
|---|---|
| Afborganir 2011 | 17 milljarðar |
| Afborganir 2012 | 13 milljarðar |
| Afborganir 2013 | 30 milljarðar |
| Afborganir 2014 | 14 milljarðar |
| Tekjur 2009 | 26 milljarðar |
| Tap ársins 2009 | 2,5 milljarðar |
| Tap ársins 2008 | 73 milljarðar |
| Arður til borgarsjóðs | 0,8 milljarðar |
| Eigið fé í árslok 2009 | 40 milljarðar |
| Eigið fé í árslok 2008 | 48 milljarðar |
| Eigið fé í árslok 2007 | 89 milljarðar |
| langtímaskuldir OR | 240 milljarðar |
| -þar af erlendar skuldir | 214 milljarðar |

Pétur Gunnarsson
peturg@frettabladid.is



# Íslenskar *Paprikur* í nýjum umbúðum



Nú hafa íslenskir paprikubændur pakkað afurðum sínum í nýjar, endurvinnanlegar umbúðir sem hafa að geyma fjölbreyttar uppskriftir og ýmsan fróðleik. Með þessu vilja íslenskir paprikubændur tryggja að neytendur séu fróðari um paprikur, hollustu þeirra og uppruna.




Árið 1977 hófu garðyrkjubændur á Íslandi paprikuræktun. Síðan þá hefur sú ræktun verið í stöðugri þróun. Paprikur eru fitusnauðar og innihalda fáar kaloríur. Ein paprika inniheldur jafn mikið magn af C-vítamíni og fjórar appelsínur. Allar paprikur mynda fyrst græn aldin. Rauð, gul og appelsínugul paprika er því í raun fullþroskuð græn paprika sem hefur skipt um lit. Þó nokkur bragðmunur er á milli lita: græn paprika er bragðsterk og beisk; rauð, bragðmikil og sæt; gul er örlítið bragðminni en sú rauða en sætari; og appelsínugul er bragðmild og frekar sæt.




Endurvinnanlegar umbúðir

LÍFRÆNAR VARNIR VIÐ RÆKTUN

VISTVÆN LANDBÚNAÐARAFURÐ

íslenskt grænmeti


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORT
FRYSTIVARA
998
KR. KG
KS FROSIÐ LAMBASIRLOIN
FRYSTIVARA
1259
KR. KG
KS LAMBALÆRISSNEIÐAR
FRYSTIVARA
2698
KR. KG
KS FROSIÐ LAMBAFILLET
1598
KR.KG
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 20% afsláttur
239
KR.KG
KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
MERKT VERÐ 298 KR.KG. 20% afsláttur
159
KR.STK
NÚ EÐA BARA TILBÚNAR BÓNUS SAMLOKUR
198
KR. 4 STK
FJÓRAR LANGLOKUR
NÝ BAKAÐ
198
KR. 4 STK
FJÓRAR KJALLARABOLLUR
198
KR.STK
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770g
BÓNUS KORNBRAUÐ 1 KG 198 kr.stk
198
KR.STK
DUGAR Í 13 SAMLOKUR AÐEINS 15,2 KR. SAMLOKAN.
198
KR.DS
BÓNUS KALDAR GRILLSÓSUR 270ML
PIPAR OG HVÍTKLAUKS
279
KR.250g
BÓNUS FETI
Í KRYDDOLÍU & MEÐ ÓLÍFUM
30%
AFSLÁTTUR
KJARNAFÆÐI FERSKT
KRYDDAÐ HEIÐALAMB
1398 kr.kg
MERKT VERÐ 1998 KR.KG.
159
KR.DS
BÓNUS HRÁSALAT 350G
185
KR.DS
SMJÖRVI TILBOÐSASKJA
300g
179
KR. 2 LTR
698
KR: 4 X 1.5 LTR
98
KR. 0,5 LTR
598
KR. 3 PK
GÓU ÞRENNAN
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL
TILBOÐ GRÍSA-KÓTILETTUR
898 KR. KG
TILBOÐS-GRÍSAKÓTILETTUR
TILBOÐ GRÍSA-GÚLLAS
898 KR. KG
TILBOÐS-GRÍSAGÚLLAS
TILBOÐ GRÍSA ÚRB. HNAKKASNEIÐAR
898 KR. KG
TILBOÐS-GRÍSAHNAKKI ÚRB.
ÍSLENSKT GRÍSAKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU Á GÓÐU VERÐI
TILBOÐ GRÍSALUND
1398 KR. KG
TILBOÐS-GRÍSALUNDIR
TILBOÐ GRÍSA-SKANKAR
198 KR. KG
TILBOÐS-GRÍSASKANKAR
TILBOÐ GRÍSA-SNITSEL
898 KR. KG
TILBOÐS-GRÍSASNITSEL
194 KR. KG
K.S FROSIN LAMBASVIÐ
35% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 298 KR.
565 KR.KG
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 664 KR.KG 15% AFSLÁTTUR
2698 KR. KG
HOLLENSKAR FROSNAR
NAUTALUNDIR
BÓNUS
FERSKT SPÍNAT
359 KR. 200g
BÓNUS SPÍNAT 200g
ELDAÐIR KJÚKLINGLEGGIR OG VÆNGIR
ÞARF AÐEINS AÐ HITA Á GRILLINU
SPARAR TÍMA, GRILLKOL OG GAS!
30% AFSLÁTTUR
30% AFSLÁTTUR
MÓA ELDAÐIR GRILL-KJÚKLINGALEGGIR
MERKT VERÐ 776 KR.KG. 543 kr.kg
MÓA ELDAÐIR GRILL-KJÚKLINGAVÆNGIR
MERKT VERÐ 553 KR.KG. 387 kr.kg
BÓNUS
BÓNUS LÉTTREYKTAR
BBQ GRÍSABÓGSNEIÐAR
Grillkartöflur
259 KR. PK
ÞYKKVABÆJAR ELDAÐAR
BÖKUNARKARTÖFLUR 750g
498 KR. KG
KJARNAFÆÐI:
GRILL BBQ GRÍSARIF
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

**Útgjöldin**
> Kílóverð á tómötum í maí




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** Pétur Markan, knattspyrnumaður og formaður Hallveigar

## *Flugmiði til Ísafjarðar bestu kaupin*



„Bestu kaupin mín voru flugfarseðill aðra leið til Ísafjarðar fyrir hartnær níu árum," segir Pétur Georg Markan, knattspyrnumaður í Fjölni, formaður Hallveigar, félags ungra jafnaðarmanna í Reykjavík, varaþingmaður Samfylkingarinnar og guðfræðinemi við Háskóla Íslands. Hann og félagar hans í Fjölni standa í ströngu í fyrstu deildinni og sigruðu Leikni í Reykjavík á þriðjudagskvöld. Pétur hefur einnig spilað fyrir Val og Boltafélag Ísafjarðar. En hvers vegna var flugmiðinn svona góð kaup? „Ísafjörður er eins konar Pólstjarna í mínu lífi, þar finn ég ávallt rétta stefnu."

Pétur segir hins vegar að verstu kaup lífs hans sé allur sá tími sem hann hafi keypt sér til að fresta ókláruðum verkefnum. „Að fresta hlutum er eins og sæðið sem beið alltaf með að frjóvga eggið svo það gæti lifað lengur. Klára verkefnin, frjóvga eggið og byrja að lifa lífinu, það er nýja mottóið," segir Pétur.

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### ALLT HÆGT MEÐ OLÍU

■ *Völu Höskuldsdóttur, listnema og húsfreyju á Borgarfirði eystri, finnst ólífuolía ómissandi á heimilið.*



„Ólífuolía er ótrúleg. Ef það ískrar í gömlum hurðarhjörum þá hellir maður bara slurki af olíu á þær og þær verða eins og nýjar. Ef barn, eða maður sjálfur, er með eyrnaverk, þá er um að gera að dýfa hreinni tusku eða bómullarhnoðra ofan í ólífuolíu og bleyta vel í, bera það í eyrað og þá getur hún læknað verkinn og mýkt eyrað upp. Svo er ólífuolía auðvitað góð í hvers kyns mat. Með salti og límónu er hún til dæmis ómissandi út á salatið."

■ **Öryggishjálmar**

## CE-merki nauðsynlegt til að teljast öruggir

Öryggishjálmar hér á landi þurfa að vera CE-merktir og leiðbeiningar um notkun eiga að fylgja með á íslensku til þess að uppfylla tilskipun EES um persónuhlífar til einkanota. Eru þetta kröfur um öryggi og markaðssetningu. Neytendastofa tekur nú þátt í verkefni um öryggi hjálma á vegum PROSAFE, samstarfsnets evrópskra stjórnvalda á sviði vöruöryggis. Verkefnið nær yfir skíða-, reiðhjóla- og reiðhjálma en Neytendastofa hefur markaðseftirlit með hjálmum sem seldir eru neytendum til einkanota.




■ **Skil á drykkjarumbúðum**

## Vilja sameina kröfur á Norðurlöndum

Samræma ætti kröfur um skil á tómum flöskum og dósum alls staðar á Norðurlöndunum, samkvæmt Ann-Kristine Johansson, formanni umhverfis- og auðlindadeildar Norðurlandaráðs. Rúmur milljarður áldósa frá öðrum norrænum löndum liggur á víðavangi á Norðurlöndunum sökum þess að enginn sameiginlegur stuðull er til fyrir innheimtu skilagjalda. Ann-Kristine Johansson telur að sameiginlegar kröfur væri lausn á málinu. Tvíhliða samningar á milli Norðurlandanna hafa verið lagðir til, en slíkur samningur er til staðar á milli Danmerkur og Þýskalands.



# Dýrt að leigja bíl á Íslandi yfir hásumarið en ódýrt á veturna

**Leiga á bíl yfir hásumarið á Íslandi er dýrari en víðast hvar annars staðar. Ástæðan er sú að tekjur bílaleiganna koma nær eingöngu yfir sumarið þegar ferðamenn fjölmenna til landsins.**

Fréttablaðið skoðaði leiguverð hjá stóru bílaleigunum þremur á Íslandi og bar saman við bílaleiguverð samstarfsaðila þeirra í Danmörku. Niðurstöðurnar sýndu mikinn mun. Leiga í eina viku á minnstu tegund á Íslandi kostar á bilinu 104 til 128 þúsund krónur yfir hásumarið en sambærilegt verð í Danmörku er 48 til 66 þúsund krónur. Fréttablaðið leitaði skýringa á þessum mikla mun.

„Við lifum á þessum þremur mánuðum þegar hingað koma túristar. Ef þú skoðar verðið í febrúar þá er það jafnvel það ódýrasta í heimi og hér standa þúsundir bílaleigubíla óhreyfðar," segir Hjálmar Pétursson, framkvæmdastjóri hjá ALP-Avis bílaleigu. Hjálmar segir erfitt að bera saman verð hér og annars staðar þar sem íslensku bílaleigurnar starfi í allt öðru umhverfi.

Sigfús Bjarni Sigfússon, framkvæmdastjóri Hertz bílaleigu, tekur í sama streng. „Rétt er það að við erum örugglega eitthvað dýrari. En núna frá svona 10. júlí til 20. ágúst er verðið hæst og strax eftir þann tíma lækkar það töluvert," segir Sigfús. „Uppistaðan af okkar leigjendum eru ferðamenn. Við erum að keyra á 300 til 400 bílum á veturna en allt upp í þúsund á sumrin. Þetta gengur út á að eiga bílinn óhreyfðan í tíu mánuði á ári og hala síðan inn tekjurnar á þessum skamma tíma yfir sumarið. Það er ástæðan fyrir þessu verði," bætir Sigfús við.

Bergþór Karlsson, framkvæmdastjóri hjá Bílaleigu Akureyrar, segir hrun krónunnar hafa komið illa við fyrirtækin en þetta stutta ferðamannatímabil sé stóra ástæðan. „Verðið er hátt og menn kannski halda þess vegna að fyrirtækin séu að græða á tá og fingri en svo er ekki. Ég get til dæmis bent á að tvær af þremur stóru bílaleigunum skiptu um eigendur í vetur þar sem þær voru komnar í þrot þannig að fyrirtækin eru ekki að moka upp peningum."

Talsmenn bílaleiganna segja allir að viðskiptavinir sínir séu að langstærstum hluta ferðamenn enda erfitt fyrir Íslendinga að borga það verð sem tíðkast yfir hásumarið.

Áhugavert er að séu bílar leigðir til nokkurra vikna á Íslandi á sumrin nálgast verð fljótt það sem þekkist á notuðum bílum. Þannig kostar leiga í þrjár vikur á nýlegu eintaki af Opel Corsa hjá ALP-Avis 292.600 krónur en hægt er að kaupa Opel Corsa, árgerð 2001 og ekinn 215 þúsund kílómetra, á 320 þúsund hjá bílasala. Svipaða sögu er að segja um bíla hjá hinum bílaleigunum.

Af stóru bílaleigunum þremur, ALP-Avis, Hertz og Bílaleigu Akureyrar, virðist sem bílarnir séu ódýrastir hjá ALP-Avis en ekki munar miklu. Þó ber að hafa í huga að samanburður milli bílaleiga er erfiður þar sem þær bjóða í fæstum tilvikum upp á sömu bílana auk þess sem samningsskilmálar kunna að vera ólíkir.

magnusl@frettabladid.is



**BÍLAR TIL LEIGU** Ferðamenn eru uppspretta milli 80 og 95 prósenta af tekjum bílaleiganna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Vikuleiga frá 20. til 27. júlí

Ódýrasta tegund til leigu sem er í boði

| Bílaleiga | Tegund | Verð í krónum |
|---|---|---|
| Avis-Ísland | Opel Corsa | 103.796 |
| Hertz-Ísland | Toyota Yaris | 115.200 |
| Bílaleiga Akureyrar (Europcar) | Volkswagen Polo | 128.000 |
| Route1.is | Toyota Yaris | 105.800 |
| Avis-Danmörk | Volkswagen Fox | 66.360 |
| Hertz-Danmörk | Ford Fiesta | 52.126 |
| Europcas-Danmörk | Ford Focus | 48.593 |

VIÐ ERUM HÉR FYRIR ÞIG




*Svan Gunnar Guðlaugsson, útibússtjóri í Borgartúni.*

Við erum 200 starfsmanna liðsheild sem kappkostar að veita einstaklingum, fjölskyldum og fyrirtækjum persónulega þjónustu og faglega ráðgjöf.

Við erum hér alla virka daga frá 9.00-16.00. Einnig getur þú hringt eða sent okkur tölvupóst og við finnum hentugan tíma handa þér.

Okkur er ávallt sönn ánægja að taka vel á móti þér.

*Með bestu kveðju,*
*starfsfólk Byrs.*
*byr@byr.is*

BYR

BYR | Sími 575 4000 | www.byr.is

# HREINLÆTISTÆKI
## á góðu verði fyrir alla - alltaf



WC kassi kr. **16.900**
Sturtuhnappur kr. **1.995**



Salerni kr. **10.900**
Seta kr. **4.195**

Allt settið, aðeins
**33.990**



OVA handlaug 45x35 cm
**3.900**





LAILA handlaug 55 cm
**4.900**

VEMAR blöndunartæki
**4.290**



Seta kr.
**2.790**

ALIBERT salerni með stút í gólf
**19.900**

## Sturtuþil með festingum.

**Gerið verð-samanburð ykkur til hagsbóta**



| | |
|---|---|
| 55 x 220 cm | **18.400** |
| 65 x 220 cm | **25.900** |
| 75 x 220 cm | **29.900** |
| 90 x 220 cm | **35.900** |
| 120 x 220 cm | **45.900** |



Sturtuglerþil og hurð
90 x 205 cm
**37.900**
120 x 205 cm
**47.900**



evidrain®
Niðurföll fyrir baðherbergið

MASSIVE
30 cm
**23.900**
60 cm
**36.900**



Sturtuklefi 80x80x195cm með botni, vatnslás og botnventli
**48.900**

90x90x195cm
**52.900**



GREKA niðurfall í horn
35 cm
**11.900**



NOVA niðurfall
30 cm
**10.900**
60 cm **19.900**
70 cm **23.900**
80 cm **26.900**



VEMAR eldhúskrani
**4.490**



REGINOS Stálvaskur 80,5x48 cm
**14.900**



Til í mörgum stærðum

VOTTUÐ GÆÐAVARA

EURO Panelofn 50x120 cm
**15.490**

KRANAR OG HITASTILLAR FRÁ
Danfoss

***Reykjavík** Kletthálsl 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16*
***Suðurnes** Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14*
***Akureyri** Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14*
***Húsavík** Garðarsbraut 50.*
***FLÚÐUM***

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

# MÚRBÚÐIN
*– Afsláttur eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Skýr stefna í mikilvægum málum óskast:

## Samstarf án stefnu

*Ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs er mynduð um að tryggja efnahagslegan og félagslegan stöðugleika og leita þjóðarsamstöðu um leið Íslands til endurreisnar – nýjan stöðugleikasáttmála.“*

Samstarfsyfirlýsing ríkisstjórnarinnar frá vori 2009.

Ríkisstjórnin sem nú starfar er um margt ólík fyrri ríkisstjórnum Íslands. Af ýmsu er að taka en það sem einkum greinir ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur frá öðrum stjórnum er að hún sem heild hefur ekki sérstaka stefnu. Sú staðreynd þarf svo sem ekki að koma á óvart því það hefur blasað við frá því að hún tók við völdum. Þá kynnti hún til sögunnar yfirlýsingu, sambærilega að formi þeim sem fyrri ríkisstjórnir hafa kynnt við upphaf starfstíma síns. Fram að því höfðu slíkar yfirlýsingar heitið stefnuyfirlýsingar og stjórnirnar einsettu sér að vinna eftir þeim en nú bar svo við að yfirlýsingin hét samstarfsyfirlýsing. Vissulega má hrósa ríkisstjórninni fyrir hreinskilnina en á móti verður að spyrja hvort ekki hefði verið nær að Samfylkingin og VG hefðu við stjórnarmyndunina tekið afstöðu til helstu mála, mótað sér stefnu í þeim og unnið eftir henni. Því hefðu óneitanlega fylgt talsverð þægindi fyrir samfélagið allt auk þess sem það hefði auðveldað ríkisstjórninni sjálfri úrlausn margvíslegra verkefna.

SKOÐUN



Björn Þór Sigbjörnsson
bjorn@frettabladid.is

Vitaskuld eru undantekningar frá þeirri reglu ríkisstjórnarinnar að hafa ekki stefnu. Ein er til dæmis að stofna atvinnuvegaráðuneyti. Önnur er að stuðla að beinum erlendum fjárfestingum. Þriðja er samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Í ljósi þess að helstu pólitísku andstæðinga þessara stefnumála ríkisstjórnarinnar er að finna í stjórninni sjálfri eða í nánasta baklandi hennar má telja skynsamlegt að skýru stefnumálin séu ekki fleiri. Færa má rök fyrir því að ein ríkisstjórn þoli ekki nema ákveðinn skammt af stjórnarandstöðu úr eigin röðum.

Einn þeirra málaflokka sem ríkisstjórnin hefur ekki stefnu í eru skattamál. Er það býsna mikilvægur málaflokkur. En þar með er ekki sagt að ríkisstjórnin aðhafist ekki neitt í skattamálum. Eftir að hafa ráðist í viðamiklar breytingar á skattkerfinu á síðasta ári bað hún Alþjóðagjaldeyrissjóðinn að skrifa fyrir sig skýrslu um skatta og setti um leið á fót starfshóp embættismanna til að leggja fram tillögur að breytingum á skattkerfinu. Hugsanlegt er að ríkisstjórnin ætli í framhaldinu að marka sér skattastefnu. Verður fróðlegt að sjá hve margir ráðherrar ríkisstjórnarinnar munu styðja þá stefnu.

Eins og sakir standa er ríkisstjórnin eyland. Við slíkar aðstæður er ógjörningur að markmið um „efnahagslegan og félagslegan stöðugleika“ og „þjóðarsamtöðu um leið Íslands til endurreisnar“ náist. Til að svo megi verða þurfa forystumenn stjórnarflokkanna að herða tökin á stjórn landsins og umfram allt að stika sér leið að markmiðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

18 V höggborvél



Verð með vsk.
69.900

DC988KL
Öflug 18 V borvél m. höggi
3ja gíra, 0-450/1450/2000
Átak 52 Nm.
2x2,0 Ah Li-Ion rafhlöður
40 mín. hleðslutæki
Taska fylgir

PIPAR\TBWA • SÍA • 101493

Verslanir
www.sindri.is / sími 575 0000
SINDRI
Viðarhöfða 6 – Reykjavík / Bæjarhrauni 12 – Hafnarfirði

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Að fordæmi Kleópötru

Hjónin Jón Ásgeir Jóhannesson og Ingibjörg Pálmadóttir þiggja bæði ráðgjafalaun frá 365 miðlum, sem gefa meðal annars út Fréttablaðið.



Laun Jóns Ásgeirs nema á áttunda hundrað þúsund krónum á mánuði en forstjóri fyrirtækisins vill í samtali við DV í gær ekki gefa upp laun Ingibjargar, sem jafnframt er stjórnarformaður fyrirtækisins og á launum sem slíkur. Einhverjum kemur þessi staða spánskt fyrir sjónir, en það er hins vegar ekkert nýtt að forvígismenn fyrirtækja skreyti sig ráðgjafatitlinum. Þannig upplýsti Kleópatra Kristbjörg, forstjóri Gunnars majóness, í nýlegu viðtali við Vikuna að í starfi hennar hjá fyrirtækinu fælist fyrst og fremst ráðgjöf.

### Að veðja á réttan hest

Runólfur Ágústsson, fyrrverandi rektor á Bifröst, er meðal umsækjenda um stöðu umboðsmanns skuldara. Runólfur er kjörinn í starfið, enda með reynslu af því að semja um skuldir annarra og jafnvel fella þær niður. Frægt var þegar hann var rektor á Bifröst og veðjaði við nemanda um hvort ný skólabygging yrði komin í gagnið á tilteknum tíma. Að veði voru skólagjöldin – þau yrðu annaðhvort felld niður eða tvöfölduð. Nemandinn vann og gekk menntaveginn frítt þann vetur.



Kannski virka svona meðul á lánardrottna: skuldari borgar tvöfalt ef nýtt hátæknisjúkrahús rís á réttum tíma – ellegar fellur skuldin niður.

stigur@frettabladid.

## HALLDÓR




# ESB og lýðræðið

Evrópumál



Ögmundur Jónasson
alþingismaður

Hannes Pétursson, rithöfundur, skrifaði nýlega grein í Fréttablaðið. Þótt greinin sé vel skrifuð byggir hún að mínu mati á rökleysum. Hugsun Hannesar virðist vera sú að margir vinstri sinnar og hægri sinnar hafi sameinast í andstöðu við aðild að Evrópusambandinu á forsendum sem séu í senn „kómískar“ og „fyrirlitlegar“ og vitnar hann í ummæli Árna Pálssonar frá 1926 um „reigingslegan þjóðarmetnað“ sem endurspegli ágætlega hið nýja „blágræna“ bandalag hægri og vinstri manna í Evrópumálum. Minnir Hannes á svikabrigslatal frá því við undirgengumst regluverk hins Evrópska efnahagssvæðis 1994. Og hann bætir því við að nú tengi enginn lengur EES við svikráð. Inn í þennan málatilbúnað fléttar Hannes svo hrun nýfrjálshyggjunnar og vísar þar sérstaklega í Davíð Oddsson, sem hann kallar fallinn „Móses Sjálfstæðisflokksins“. Grein sína botnar skáldið með því að horfa á eftir Lilju Mósesdóttur og þessum meinta Móses þeirra Sjálfstæðismanna ganga „hönd í hönd inn í hamingjunnar lönd“ í nýju blágrænu bandalagi!

Í tilefni þessara skrifa langar mig til að víkja að nokkrum atriðum. Ég er þeirrar skoðunar að EES aðildin á sínum tíma hafi ekki verið í samræmi við stjórnarskrá Íslands og því tal um svik við hana ekki út í hött. Ég er einnig enn þeirrar skoðunar að hyggilegra hefði verið að fara svissnesku leiðina með tvíhliða samningum við Evrópusambandið í stað þess að undirgangast allt regluverk sambandsins með aðildinni að hinu Evrópska efnahagssvæði eins og við gerðum. Hvers vegna? Vegna „reigingslegs þjóðarmetnaðar“? Nei, vegna þess að málið snerist þá – og gerir enn – ekki um reiging og mont heldur um lýðræði. Hvort við sem samfélag viljum fá því ráðið hvernig við skipuleggjum okkur, orkubúskapinn, landbúnaðinn, velferðarkerfið eða hvort það skuli gert samkvæmt tilskipunum frá Brussel. Þetta er ég reiðubúinn að taka ítarlega umræðu um – og hef reyndar oft gert. Aldrei hefur verið brýnna en einmitt nú að efna til markvissrar umræðu um handfasta hluti í stað þess að blanda í einn kokteil alls óskyldum málum í óljósu líkingatali einsog sá mæti maður Hannes Pétursson óneitanlega gerir í grein sinni.

Það má vel vera að Davíð Oddsson og Lilja Mósesdóttir deili ýmsum skoðunum, einsog þeirri að hafa efasemdir um aðild Íslands að Evrópusambandinu. En að gera þau að pólitísku kærustupari til framtíðar ber ekki vott um skarpa greiningu á þeim hræringum sem nú eiga sér stað í íslenskum stjórnmálum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Langdræg neyðarráð

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Neyðarráðstafanir eiga að vera skammvinnar. Það liggur í hlutarins eðli, því að neyð er í eðli sínu tímabundið ástand. Neyðin kennir naktri konu að spinna, segir máltækið. Íslenzk neyðarráð hafa þó sum enzt lengi. Sumir gera út á þau og hagnast á þeim á kostnað almennings.

### Innflutningsbann

Byrjum í kreppunni miklu á fjórða áratug síðustu aldar. Innflutnings- og gjaldeyrishöft voru tekin upp í reglugerð 1931 í skjóli eldri heimilda í lögum. Þetta var gert meðal annars til að hlífa bændum við verðfalli búsafurða í útlöndum vegna kreppunnar. Þessi kreppuráðstöfun átti að vera tímabundin. Því var heitið á þingi, að höftunum yrði aflétt, þegar heimsbúskapurinn rétti úr kútnum. Það heit var ekki efnt. Haftasinnum óx ásmegin í millitíðinni, og æ síðan hafa þeir hvorki mátt til þess hugsa né heyra, að höftunum væri lyft til hagsbóta fyrir fólkið í landinu. Enda eru gömlu kreppuhöftin – bann við innflutttu kjöti og ostum nema smáræði við okurverði – að mestu leyti enn við lýði, 80 árum síðar, þótt ótrúlegt sé. Ástandið speglar landlægt skeytingarleysi stjórnmálastéttarinnar um almannahag. Misvægi atkvæðisréttar eftir búsetu hefur ráðið miklu um þessa niðurstöðu.

> Hvernig ætti svo veikri ríkisstjórn þá að takast að koma sér saman um mun erfiðari umbætur, sem þarf til að hægt sé að afnema gjaldeyrishöftin? Hvaða peningastefnu ætla stjórnvöld sér að fylgja til að tryggja stöðugt verðlag og laða tortryggið fjármagn á ný að landinu?

### Verðtrygging

Annað dæmi sömu ættar er verðtryggingin, sem var leidd í lög af illri nauðsyn 1979. Vandinn var sá, að verðbólgan æddi áfram og át upp sparifé almennings, sem fékk engum vörnum við komið öðrum en að reyna að forða sparifé sínu með því að eyða öllu tiltæku fé og kynda þannig enn frekar undir verðbólgu. Verðtryggingu fjárskuldbindinga var ætlað að verja sparifé landsmanna og skapa með því móti skilyrði til að hemja verðbólgu og gera verðtryggingu óþarfa. Raunar kemur ekki fram í gögnum málsins á Alþingi, að verðtryggingu væri ætlað að vera tímabundin, trúlega af því að það þótti svo sjálfsagt, að ekki þurfti að taka það fram. Verðtrygging veitti lánveitendum langþráð skjól og skerti getu gömlu ríkisbankanna til að skammta lánsfé.

Sumir telja verðtryggingu allra fjárskuldbindinga æskilega undir öllum kringumstæðum, svo að sparifé almennings haldi ávallt verðgildi sínu. Aðrir líta svo á, að almenn verðtrygging dragi úr aðlögunarhæfni hagkerfisins líkt og vísitölubinding launa, sem að fenginni reynslu var bönnuð með lögum um tíma, og komi því ekki til greina sem varanleg skipan, en þá þarf að halda verðbólgu í skefjum. Mikil verðbólga með gamla laginu án víðtækrar verðtryggingar kemur ekki lengur til álita.

Nú, röskum 30 árum eftir að verðtrygging fjárskuldbindinga var leidd í lög, er hún enn á sínum stað. Hvers vegna? Það stafar af því, að stjórnvöldum hefur ekki tekizt að hemja verðbólguna nóg til þess, að óhætt þyki að hverfa frá notkun verðtryggingar í fjármálaviðskiptum. Verðtryggingin eyddi sumum alvarlegustu afleiðingum verðbólgunnar og dró um leið úr áhuga stjórnvalda á að kveða verðbólguna niður. Því má segja, að verðtryggingin hafi orðið til þess að viðhalda verðbólgunni. Íslendingar búa enn sem jafnan fyrr við mesta verðbólgu í Evrópu að Tyrkjum einum undanskildum og það í kreppu. Efnahagsáætlun stjórnvalda í samstarfi við Alþjóðgjaldeyrissjóðinn og Norðurlönd er ætlað að ná verðbólgunni niður á ný. Mikil verðbólga er alls staðar og ævinlega til marks um vonda hagstjórn og veika innviði.

### Gjaldeyrishöft

Þegar neyðarlögin voru sett eftir hrun bankanna 2008, var ráð fyrir því gert, að gjaldeyrishöftin yrðu tímabundin. Höftin voru neyðarráðstöfun, enda samrýmast þau hvorki góðum hagstjórnarháttum né aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Höftin áttu að standa í tvö ár eða þar um bil. Sá tími er nú að mestu liðinn, en ekki bólar þó enn á afnámi haftanna. Hvers vegna ekki? Það stafar af því, að ríkisstjórnin hefur ekki megnað að gera það, sem gera þarf, til að hægt sé að afnema höftin. Þar munar mest um tafirnar á afgreiðslu IceSave-málsins og þá um leið á framgangi efnahagsáætlunar stjórnvalda. Ríkisstjórnin getur ekki einu sinni komið sér saman um að fækka ráðuneytum úr tólf í níu, svo sjálfsagt sem það er og reyndar ekki nóg, því að ráðuneytin þyrftu ekki að vera nema sjö eða átta eins og ég lýsti hér í blaðinu 31. maí 2007. Hvernig ætti svo veikri ríkisstjórn þá að takast að koma sér saman um mun erfiðari umbætur, sem þarf til að hægt sé að afnema gjaldeyrishöftin? Hvaða peningastefnu ætla stjórnvöld sér að fylgja til að tryggja stöðugt verðlag og laða tortryggið fjármagn á ný að landinu? Spurningin er brýn, því að peningastefnan er enn hin sama og fyrir hrun, þótt hún hafi beðið skipbrot. Spurningunni er enn ósvarað. Ef höftin festast í sessi og annað verður eftir því, verður Ísland eftirbátur Norðurlanda. Þess getur þá orðið langt að bíða, að Íslendingar standi aftur jafnfætis Dönum í efnahagslegu tilliti.





BESTA BÓKIN Í HANSKAHÓLFIÐ!

Aðgengileg og þægileg handbók sem hefur að geyma yfir 100 áhugaverða áfangastaði við þjóðvegi landsins.

3.890.-
v.á. 4.490.-

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Hústjöldin að seljast upp!




BARNAPOKI 100 CM
Kr. 5.995

KRAKKAPOKI 130 CM
Kr. 6.995

FULLORÐINSPOKI
Kr. 11.995

Íslensku ALPARNIR
HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

Faxafeni 8 // 108 Reykjavík // Sími 534 2727 // e-mail: alparnir@alparnir.is // www.alparnir.is

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing
Allt sem þú þarft...

# Á móti íslenskum bókmenntum?

**Virðisaukaskattur á bækur**




**Kristín Steinsdóttir**
formaður Rithöfundasambands Íslands



**Jón Kalman Stefánsson**
varaformaður Rithöfundasambands Íslands


Trúlega vita þeir hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, AGS, lítið um íslenskar bókmenntir. Og sennilega vita þeir minna en ekki neitt um íslenskan bókamarkað. Þess vegna hafa þeir líklega bent íslenskum stjórnvöldum á að snarhækka virðisaukaskatt á bækur úr 7% og upp í 25,5%. Reikniforritin þeirra segja kannski að það sé prýðishugmynd.

Gott og vel.

Við deilum ekki um hagfræði eða meðferð talna en það þarf hreint engan hagfræðing til að gera sér grein fyrir því hvernig færi fyrir íslenskum bókamarkaði ef virðisaukaskattur yrði hækkaður, hvað þá svona glæfralega. Það högg myndi stórskaða hann og með tímanum ganga af honum dauðum. Bækur hækkuðu umtalsvert í verði, og það þýddi minni sölu, sem á móti þýddi minnkandi útgáfu, sumsé, færri bækur. Færri skáldsögur, færri ljóð, færri ævisögur, færri fræðibækur, færri skólabækur. Fjöldi fólks myndi missa vinnu, fólk hjá bókaútgáfum, í prentsmiðjum, bókaverslunum, dreifingaraðilar og prófarkalesarar að ógleymdum höfundum.

Færri bækur á markaði þýddi rýrari endurnýjun höfunda, dvínandi fjölbreytni sem kæmi niður á almennu læsi. Hvað um lestrarhvetjandi verkefnin sem hafa verið í gangi undanfarin ár með góðum árangri? Voru þau ekki liður í því að snúa vörn í sókn þegar blikur voru á lofti varðandi lestur íslenskra barna? Og hvað með Reykjavíkurborg sem stefnir á að verða bókmenntaborg Unesco? Er eitthvert vit í bókmenntaborg án gróskumikillar bókaútgáfu?

Þegar stjórnvöld í Lettlandi hækkuðu virðisaukaskatt á bókum úr 5% upp í 21% dróst heildarvelta bókaútgáfu þar í landi saman um 35%, með tilheyrandi áföllum. Þegar stjórnvöld drógu hækkunina til baka varð ljóst að bókaútgáfan hafði beðið varanlega hnekki.

Reynsla Letta ætti að vera Íslendingum víti til varnaðar. Og samt er ekki nema hálf sagan sögð. Við erum þjóð vegna þess að við tölum íslensku og vegna þess að hér er öflugt menningarlíf. Ef bókaútgáfa dregst saman þá bitnar það á menningarlífinu. Áhrifin kæmu strax í ljós. Íslensk tunga myndi láta undan síga, hægt, en því miður örugglega. Og hvað er smáþjóð án síns tungumáls?

Við ætlum ekki út í deilur um AGS á Íslandi, hvort afskipti sjóðsins séu böl eða bót, en hugdettan um að hækka virðisaukaskatt á bækur er ekki bara vond, hún er hreinlega fjandsamleg menningu okkar. Tillaga af þessu tagi virðist vera sett fram af mikilli vanþekkingu, en ríkisstjórn Samfylkingar og VG á að vita betur. Verður að vita betur. Eða mikið mega þau Jóhanna, Steingrímur, Katrín og aðrir ráðherrar vera afvegaleidd ef þau svo mikið sem hugleiða þessa tillögu AGS.

# Njótum auðlindanna saman

**Hitaveita**


**Marta Eiríksdóttir**
kennari




Ég hef stundum verið að hugsa það hvers vegna opinber fyrirtæki leyfi ekki almenningi að njóta góðs af góðum rekstri. Hvers vegna getum við ekki öll haft það gott?

Almenningur er krafinn um svona og svona há gjöld fyrir t.d. rafmagn og vatnsnotkun, þegar í raun væri hægt að innheimta miklu minna. Ég horfi á öll flottheitin í kringum þessi fyrirtæki, miklar byggingar og ótrúlega flott skraut og hugsa: Hefði ekki verið hægt að minnka skrautið og rukka minna?

Þetta versnaði til muna hér á landi þegar fyrirtækin urðu einnig að hlutabréfum. Mikið sakna ég þess þegar kaupmennskan var almennt persónulegri og sanngjarnari fyrir alla. Nú er það t.d. þannig í matvörubúðunum, að ef uppáhaldsvaran þín selst ekki nógu hratt hverfur hún úr hillum búðarinnar! Ekkert persónulegt samband lengur við viðskiptavini, engin alúð, bara græða vel á hverri vöru. Það væri gaman að breyta þessu, núna þegar við erum að byggja upp annað og betra Ísland.

### Heitir pottar á Suðurnesjum

Á Suðurnesjum höfum við íbúarnir notið góðs af rekstri Hitaveitu Suðurnesja, hitareikningar hafa verið frekar sanngjarnir og fólk ráðið við að borga þá.

Ég man þegar Hitaveitan byrjaði, þá var talað um að reikningar myndu snarlækka með tímanum og að allir fengju að njóta vel þessara auðlinda saman.

Svo opnaðist fyrir Bláa lónið. Þangað gátum við íbúarnir sótt í nokkur ár og baðað okkur án endurgjalds en þarna voru viðskiptatækifæri sem auðvitað bar að nýta um allan heim. En til þess að Íslendingar hafi sjálfir efni á að fara í lónið sitt, þá þarf aðgangsmiðinn að lækka helst um 75%.

Hitaveita Suðurnesja gaf það út um daginn að miklar breytingar munu eiga sér stað á verðskrám fyrirtækisins til almennings. Bráðum ætla þeir að innheimta fyrir hvern vatnsdropa sem íbúarnir nota en fullvissuðu samt fólk um að þetta kæmi líklega ekkert verr út fyrir heimilin. Það getur ekki verið satt og ég hugsaði strax um allt fólkið, sem elskar að vera lengi í heitri sturtunni og láta þreytuna líða úr sér. Eða alla unglingana sem hanga enn lengur í sturtunni en þeir fullorðnu. Eða öll heimilin sem eiga heita vatnspotta fyrir utan heimili sín. Eða allar sundlaugarnar, sem þurfa að endurskoða verðlagningu sína. Þetta eru vondar fréttir. Já en þá verður þetta bara eins og í útlöndum, segir einhver, svona er þetta þar. Já en við erum ekki í útlöndum, við búum á Íslandi og erum ríkasta vatnsþjóð í heimi. Við eigum að njóta þess saman. Við eigum það mikið heitt vatn, að við megum alveg borga minna.

### Paradís heitra potta

Mörg heimili settu heita vatnspotta fyrir framan húsin sín, þegar Hitaveitan kom á Suðurnes og er það eitt af sérkennum margra einbýlishúsa hérna, að vera með heitan pott. Ég reikna með að sanngjörn verðlagning vatnsnotkunar okkar hafi gert það að verkum að fólki er annt um Hitaveituna og finnst þeir vinna með fólkinu sínu. Alveg eins og gamli Sparisjóðurinn, eitt af vinafyrirtækjum Suðurnesjamanna. Fyrirtæki fólksins. Nú finnst mér eins og við séum að fá rýting í bakið frá góðum vini, Hitaveitu Suðurnesja.

Bráðum hækka vatnsgjöldin og þeir sem eiga heita potta munu þurfa að minnka notkun þeirra vegna verðhækkunar. Þeir sem fara í sturtu, verða að þvo sér snöggt, nema þeir vilji borga meira fyrir þann mánuðinn. Okkur mun bregða illilega við.

### Megum hafa það gott

Þessi vatnsfríðindi eru alveg séríslensk. Við eigum næga vatnsorku og nægt heitt vatn hér á landi. Afhverju má almenningur ekki njóta vatns auðlindanna í þessu harðbýla landi?

Hvers vegna þurfa fyrirtæki alltaf að hagnast meira og meira? Og fyrir hverja, ef fólkið í landinu fær ekki að njóta þess líka? Við eigum öll að fá að njóta þeirra gæða sem landið okkar gefur. Þetta er okkar sameiginlega eign fyrst og fremst.

Landið okkar er gjöfult á heita vatnið og Íslendingar hafa baðað sig í því frá örófi alda. Að fara í sund og heitt bað eru sjálfsögð mannréttindi fyrir Íslendinga. Aðgangur almennings að þessari auðlind á að vera sjálfsagður hlutur.

Hvernig væri að láta réttlætið vísa okkur veginn inn í góða framtíð? Engar verðhækkanir, takk!


ENNEMM / SÍA / NM42850



# Metan í einum grænum

Umhverfismál

Sveinbjörn Ragnar Árnason
áhugamaður um græna orku



Félagi minn lét setja metangas orkugjafa í ameríska pallbílinn sinn um daginn. Nú keyrir hann um á grænni orku. Ameríski pallbíllinn nær allt að 300 km á hleðslunni. Sparnaðurinn er umtalsverður, rúmlega helmingi ódýrara er að aka á metangasi miðað við bensín-orkugjafann. Ef þú verður metanlaus, ýtir þú á einn takka í mælaborðinu á bílnum þínum og þú skiptir yfir á bensín-orkugjafann eins og ekkert væri.

Metan er mengunarlaus orkugjafi, við brunann verður nánast ekkert eftir af skaðlegum efnum fyrir andrúmsloftið.

Félagi minn bauð mér á rúntinn. Hann var stoltur þegar hann sagði mér að nú væri hann að keyra á „prumpinu“. Ekki var að heyra annað en að venjulegt vélarhljóð bærist úr vélarsal pallbílsins. Það tekur ca. 6-7 mánuði að borga fjárfestinguna upp miðað við venjulega notkun heimilisbíls. Því miður eru bara tvær áfyllingarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu. Auðvitað á að fara í átaksverkefni og koma upp áfyllingarstöðvum hringinn í kringum landið. Hvetja á bíleigendur til að metanvæða bílaflotann.

Geta má þess að bíllinn notast við metangasið óháð bensínorkugjafanum og öfugt að sjálfsögðu. Bílvélin ræsir sig upp á bensínorkugjafanum og er á því eða þar til vélin nær ca 60 gráðu hita. Þá skiptir hann sjálfkrafa yfir á metan, sé hann stilltur þannig.

Undirritaður er sannfærður um að metan sé málið. Það er gjaldeyrissparandi, mengar nánast ekki neitt og er miklu ódýrari orkugjafi fyrir bíleigendur. Með því að styðja við metannotkun á Íslandi er verið að skapa meiri atvinnu og eftir breytingu er bílinn þinn „grænn“ og nýtur sömu forréttinda og aðrir grænir bílar.

Undirritaður skorar á stjórnvöld að búa til ábatakerfi fyrir bíleigendur og þá sem sérhæfa sig í ísetningu á slíkum búnaði. Hægt væri t.d. að veita endurgreiðslu á virðisaukaskatti til þeirra sem breyta bílum sínum yfir á metangas.

Ef sameiginlegt átak Íslendinga væri að koma 5% bifreiða landsmanna á metangas næstu 5 ár væri hægt að spara umtalsvert í gjaldeyri fyrir þjóð sem er með gjaldeyrishöft. Geta má þess að talið er að ca. 10.000 evrur sparast við hvern bíl sem breytt er í metanorkugjafa á Íslandi.

Keyrðu á umhverfisvænni innlendri orku, það sparar gjaldeyri, eykur atvinnu, mengar ekki og sparar peninginn fyrir bíleigandann.

Metan í einum grænum!

# Um málfar

Íslenskt mál

Þór Stefánsson
skáld og framhaldsskólakennari



Um daginn skrifaði Ásgrímur Angantýsson óvenju yfirvegaða grein um íslenskt mál í Fréttablaðið. Ekki stóð á að Þorgrímur Gestsson svaraði honum og Ásgrímur svaraði honum o.s.frv. Slíkt orðaskak um íslenskt mál er ekki óalgengt. Svo lengi sem ég man eftir mér hefur umræða um málfar verið áberandi í fjölmiðlum og oftast einkennst af hneykslun á vondu og röngu máli annarra.

Andstæðir kraftar takast í sífellu á um tungumálið. Er þar ýmist um að ræða utanaðkomandi öfl eins og áhrif aðsópsmikillar erlendrar tungu eða togstreitu innan tungunnar sjálfrar. Í fyrra sambandinu var í mínu ungdæmi aðallega barist við að kveða niður tökuorð úr dönsku og tókst það býsna vel þannig að unga fólkið núna kannast ekki við mörg orð sem voru algeng í daglegu tali fyrir nokkrum áratugum og kann sumum að þykja eftirsjá í þeim. Þar hefur þjóðræknin farið með sigurorð. Nú á dögum óttast málvöndunarmenn helst ensk áhrif í orðaforða og setningargerð og skal engan undra þar sem veigamiklir hlutar skemmtanaiðnaðar nútímans fara fram á ensku.

Innan íslenska málkerfisins sjálfs er flámælið ádeiluatriði sem vel hefur gengið að útrýma úr íslensku. Þetta sérhljóðabrengl varðar svo mikinn orðaforða og veldur svo miklum ruglingi að ég gæti best trúað að hann hefði jafnað sig sjálfur þótt enginn málvöndunarmaður hefði mótmælt honum. Það virðist reyndar sífellt vera þrýstingur á meiri opnun sérhljóða og undanfarið virðist hann þrýsta e niður í a þannig að „ekki“ verður til dæmis að „akki“.

Einn meginkraftur tungumálsins miðar að einföldun þess. Ópersónulegar sagnir hafa lengi verið mönnum erfiðar. Sumar þeirra hafa frumlagsígildi í þolfalli og aðrar í þágufalli. Þannig segjum við „mig langar til“ en „mér líður vel“. Hafa margir tilhneigingu til að samræma

> Innan íslenska málkerfisins sjálfs er flámælið ádeiluatriði sem vel hefur gengið að útrýma úr íslensku. Þetta sérhljóðabrengl varðar svo mikinn orðaforða og veldur svo miklum ruglingi að ég gæti best trúað að hann hefði jafnað sig sjálfur þótt enginn málvöndunarmaður hefði mótmælt honum.

þetta og nota þágufall með þeim öllum og gefa þannig málvöndunarmönnum sífellt tilefni til leiðréttinga. Ekki bætir úr skák að margir vilja hafa algengar sagnir eins og „hlakka til“ og „kvíða fyrir“ líka ópersónulegar. Meginhluti þjóðarinnar tekur þátt í þessu stríði. Ekki er óalgengt að heyra foreldra leiðrétta börnin sín, „þú átt að segja ég hlakka til“, en segja svo sjálf, „honum hlakkar til“. Þágufallssýkin virðist alltaf jafn þrálát. Ætli hún sé ólæknandi?

Annað eilífðarvandamál er spurningin um eintölu eða fleirtölu. Þar er mönnum tíðrætt um eitt orð, „verð“. Það má ekki nota í fleirtölu þótt auðvelt sé að mynda hana samkvæmt réttum reglum og verðbólga og verðstríð knýi á um slíka notkun. Ég varð vitni að skoti í hina áttina í þriggja ára afmæli í gær þar sem afmælisbarnið tók í hönd afa síns og sagði, „við ætlum út á svöl“ um leið og hún dró hann út á svalir. Oft er gaman að máli barna sem eru að ná tökum á kerfinu og alhæfa það of mikið til þess að slétta út alla óreglu. Hér er auðvitað alveg sams konar orð og „fjöl, fjalir“ og kannski er hér komið umkvörtunarefni handa málvöndunarmönnum framtíðarinnar.

Annar meginkraftur tungumálsins miðar að fjölbreytni þess. Þannig leitast menn ávallt við að láta sér detta í hug nýtt orðalag og nýjar samlíkingar um alla skapaða hluti. Oft ganga nýjungar í bylgjum og verða tíska sem allir verða leiðir á að endingu og finna upp á einhverju nýju, jafnvel áður en málvöndunarmenn fá ráðrúm til að amast við þeim.

Mig langaði með þessu greinarkorni að taka undir þá skoðun Ásgríms að í málfarsefnum eins og öllum öðrum efnum sé betra að ræða málin af skilningi heldur en að ganga fram með boð og bönn.

*Lengri útgáfu greinarinnar má lesa á Vísi.*




Netlykill á 0 kr.

Þú getur fengið 3G netlykil á 0 kr. gegn sex mánaða bindingu. Netlykilinn geturðu notað í sumarbústaðnum, fellihýsinu eða bara á þjóðveginum, enda veitir hann aðgang að stærsta 3G dreifikerfi landsins.

**Kynntu þér hagstæðar áskriftarleiðir Símans.**

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn

# Súrir skuldarar

Skuldamál

Íris Erlingsdóttir
fjölmiðlafræðingur



Skuldarar verðtryggðra lána hafa margir krafist þess að gengistryggðu lánin, sem Hæstiréttur dæmdi ólögleg í síðasta mánuði, verði leiðrétt svo þau verði nákvæmlega jafn óréttlát og ósanngjörn og lánin sem þeir – sem og flestir landar þeirra – munu þurfa að drattast með til æviloka. Þó þessir sömu skuldarar hafi ekki sýnt mikla meðaumkun þegar íslenska krónan hrundi og höfuðstóll gengistryggðu lánanna tvöfaldaðist, finnst þeim nú óþolandi að nágrannar þeirra muni hugsanlega njóta hagnaðar sem þeir eru vissir um að fá reikninginn fyrir í formi hærri skatta.

Tveir hrunsbankanna þriggja eru nú þegar að mestu í einkaeign og allir bankarnir þrír hafa lýst því yfir að þeir muni geta staðið undir kostnaðinum við leiðréttingu lánanna (í raun hafði þegar verið slegið 50% af lánunum þegar bankarnir voru í skiptameðferð svo lækkunin mun ekki hafa óhagstæð áhrif á efnahagsreikning bankanna, þó þeir myndu að sjálfsögðu frekar vilja innheimta lánin án nokkurra leiðréttinga).

Svo hvað er það sem verðtryggðu skuldararnir hafa svona miklar áhyggjur af? Þeir fengu akkúrat það sem þeir sömdu um. Hvers vegna fer það svona í taugarnar á þeim að sjá nágranna sína sigra kerfið, svona til tilbreytingar, sérstaklega þar sem ljóst var að kerfið hafði leikið nágrannana grátt?

Aðal áhyggjuefni og spurning númer eitt ætti auðvitað að vera þessi: Hvers vegna þurfa Íslendingar, einir jarðarbúa (að því ég best veit) að sætta sig við verðtryggingu fasteigna- og bílalána?

Í öllum löndum heims, utan Íslands, er litið svo á að vextir á háum langtímalánum, eins og fasteigna- og bílalánum, séu eins konar áhættutaka lánveitandans að á lánstímanum verði verðbólga lægri en vaxtastig lánsins. Ef verðbólga eykst verða afborganirnar fljótlega lágar í samanburði við tekjur lántakandans. Ef lántakandinn tók lán þegar vextir voru háir og verðbólga í lágmarki, getur hann skuldbreytt láninu svo lánið verði ekki að uppgripi fyrir bankann.

Ætli íslensk stjórnvöld viti ekki af þeirri staðreynd að bankakerfum Bandaríkjanna og Evrópu hefur a.m.k. síðan á 19. öld einhvern veginn tekist að skrapa úr skel ágætis tilvist í þessu kerfi, jafnvel tekist að hagnast þokkalega?

Með því að verðtryggja lán tryggja íslensk stjórnvöld að bankarnir munu alltaf hagnast, alveg án tillits hvort stjórnendur þeirra hafi sýnt hina minnstu hæfni við áhættumat. Verðtryggingin hefur einnig leyst Seðlabankann undan ábyrgri peningastjórnun landsins. Verðtryggingin veltir einnig upp á sig: Í hvert sinn sem verðtryggingastiginu er breytt til að endurspegla hækkun síðasta mánaðar, sparkar það verðbólgunni aðeins hærra upp stigann, sem svo hækkar stig næsta mánaðar o.s.frv. og frv. Lánastarfsemi á Íslandi er eins og að spila í spilavíti – húsið vinnur alltaf.

Í stað þess að eyða tíma og kröftum í kvartanir yfir skyndilukku skuldara gengistryggðu lánanna ættu skuldarar verðtryggðu lánanna – sem eru nær öll þjóðin – að krefjast þess að bankarnir bjóði þeim upp á svipuð lánakjör – að verðtrygging lána verði afnumin. Í stað þess að rífast innbyrðis ættum við að standa saman gegn íslenska bankakerfinu, þessum haftasamtökum sem með blessun og stuðningi stjórnvalda hafa fengið að hneppa landslýð í ævilangan skuldaþrældóm.




# Af hverju minnkar ekki reiðin?

Samfélagsmál

Kolbrún Baldursdóttir
sálfræðingur



Af hverju minnkar ekki reiðin? Því er ekki að leyna að það er pirringur og reiði í samfélaginu sem tengist með einum eða öðrum hætti hruninu og afleiðingum þess. Einhverjir kunna að furða sig á því hve reiðin er enn djúpstæð og virðist ætla að endast lengi. Í ljósi þess hversu mikið áfall dundi yfir þjóðina á haustdögum 2008 er hins vegar ekki að undra að fólk skuli enn vera tilfinningalega sundurtætt. Þannig mun það án efa verða um sinn eða í það minnsta þar til sérstökum saksóknara hefur tekist að grynnka á málafjöldanum á hans borði. Fólk verður ekki sátt fyrr en fundnar hafa verið ásættanlegar lausnir á allra erfiðustu skuldamálum sem til var stofnað á góðæristímanum.

## Almenningur er ekki einn aðili

Almenningur er ekki einsleitur hópur. Það þýðir ekki endilega að hann sé klofinn hópur. Þrátt fyrir að vera örþjóð búa í samfélaginu ólíkir hagsmunahópar. Það er hvorki rétt né sanngjarnt að fullyrða að hrunið sé öllum að kenna en óhætt er að fullyrða að hrunið bitnaði á öllum. Reiði og pirringur fólks á sér ólíkar rætur og orsakir. Flestir eru þó sennilega reiðir út í hina svokölluðu útrásarvíkinga, og einstaka forstjóra fjármálafyrirtækja sem af græðgi mökuðu krókinn í eigin þágu á kostnað skjólstæðinga sinna sem nú blæða. Meirihluti fólks er án efa líka reiður vegna eftirlitsins sem brást og yfir andvaraleysi stjórnvalda á þeim tíma. Ekki skal gleyma að nefna óbilgirni og stífni sumra lánafyrirtækja sem nú er verið að biðla til um samvinnu og skilning.

Nú þegar verið er að leysa þessar flækjur og koma málum einstaklinga og hópa í þolanlegt horf koma hagsmunahópar fram og krefjast sérsniðinna leiðréttinga og bóta fyrir sig. Það sem mun viðhalda reiðinni og halda áfram að sundra og magna deilur er ef valin verður leið sem leysir vandamál eins hóps á kostnað einhvers annars eða allra annarra. Skýrt dæmi um þetta er ef aðgerðir til að létta á skuldabyrði þeirra sem skulda mest verða til þess að auka byrðar á ríkið með tilheyrandi niðurskurði og skattahækkunum. Lánafyrirtækjum ber fyrst og fremst að taka á sig eins mikið og þau geta. Flatar eða almennar niðurfellingar lána og afskriftir í stórum stíl geta þó leitt til þess að lánafyrirtæki fari í þrot og ríkissjóður (samfélagið) fær sendan reikning. Þeir sem tóku ekki beinan þátt í hruninu, fólk sem hefur lifað spart, verið nægjusamt, skuldar þess vegna lítið eða ekki neitt verður ekki ánægt með það.

## Græðir sá mest sem skuldar mest?

Fjöldinn er stórskuldugur. Flestir hafa tekið lán til að kaupa fasteign enda afar erfitt að gera það án þess að taka lán. En svo virðist sem stór hópur hafi einnig ákveðið að taka lán fyrir öðru eins og t.d. bílum eða til að geta lifað ákveðnum lífsstíl. Í öllum lántökum felst einhver áhætta og fólu gengistryggð lán í sér meiri áhættu en verðtryggð lán. Lánþegar gátu þó ekki séð fyrir sér hversu dýrkeypt gengistryggðu lánin urðu. Af öllum lánum þarf engu að síður að greiða. Skuldir hverfa ekki þótt þær séu hunsaðar. Ef ég borga ekki skuldir mínar þarf einhver annar að borga þær. Lántakendur eiga að borga lánin sín til baka samkvæmt einhverjum eðlilegum mælikvarða þar sem sanngjarnt viðmið er notað. Um þetta verður að vera hægt að semja. Reiði og pirringur viðhelst og magnast frekar telji menn að sá sem skuldar mest muni jafnvel græða á að hafa skuldsett sig langt umfram greiðslugetu á meðan lántökum annars konar lána er gert að greiða hverja krónu. Þróist mál með þeim hætti mun reiðin einnig krauma áfram í hópi fólks sem hefur greitt upp lán sín t.d. með þrotlausri vinnu en er nú gert að sætta sig við niðurskurð í heilbrigðiskerfinu og/eða skattahækkanir svo bæta megi stöðu fjármálafyrirtækja.

## Stjórnmálamenn og fjölmiðlar

Verkefni stjórnvalda er erfiðara en hægt er að ímynda sér. Finna þarf leiðir sem milda aðstæður án þess að stíga á tær eða kaffæra einhverja. Þess vegna skiptir máli nú að gamaldags og úrelt vopnaskak verði lagt til hliðar svo hægt sé að sameinast um skástu lausnirnar í erfiðustu málunum. Þrjóska og barnalegt atferli hefur lengi einkennt stjórnarandstöðu þessa lands og gildir þá einu hvort hægri eða vinstri stjórnarandstaða hefur átt í hlut. Atferlið lýsir sér t.d. í því að vera sífellt á móti, láta flokkspólitík blinda sér sýn og reyna að hindra eða tefja framgang mála.

Ábyrgð stjórnmálamanna er mikil svo og fjölmiðla sem stýra þjóðfélagsumræðunni. Fjölmiðlar virðast stundum missa sjónar af heildarmyndinni. Í kjölfar uppákomu tengda einum hagsmunahópi verður umfjöllun jafnvel svo dögum skiptir, einsleit og þröng. Skylda fjölmiðla er fyrst og fremst að koma gagnlegum upplýsingum á framfæri, gæta þess að jafnvægi sé í almennri umfjöllun, upplýsa fólk og reyna að liðka fyrir í lífi þess. Þeirra hlutverk er ekki að ala á reiðinni eða kynda undir hasar.

# Símafyrirtæki velja Fréttablaðið

Reyndir auglýsendur eru meðvitaðir um þá staðreynd að 95% dagblaðalesenda lesa Fréttablaðið. Þeir vita líka að Morgunblaðið bætir einungis 5% við þann hóp. Auglýsingaféð nýtist því betur þegar Fréttablaðið er valið – og það skilar árangri!

| | Fréttablaðið | Morgunblaðið |
|---|---|---|
| Síminn | 78% | 22% |
| Vodafone | 80% | 20% |
| Nova | 95% | 5% |
| Alterna | 74% | 26% |

Heimild: Gagnagrunnurinn „Auglýsingamarkaðurinn í tölum“ frá Capacent Gallup 2010.

## Auglýsing í Fréttablaðinu er allt sem þarf




**95%**

Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 95% lesenda blaðanna

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán.-lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. – Heimild: Blaðakannanir Capacent nóv 2009 - apr 2010.



## 60 ára er í dag 15. júlí

### Lovísa Hallgrímsdóttir

leikskólastjóri og stofnandi Regnbogans í Reykjavík.

Lovísa ver afmælisdeginum með fjölskyldu sinni en tekur á móti ættingjum, vinum og samferðafólki í safnaðarheimili Guðríðarkirkju í Grafarholti, sunnudaginn 18. júlí, milli kl. 16.00 og 18.00.

---

**JACQUES DERRIDA FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1930**

*„Ég læt það aldrei eftir mér að vera erfiður bara til þess að vera erfiður. Það væri einfaldlega of fáránlegt."*

***Jacques Derrida var franskur heimspekingur, fæddur í Alsír. Hann mótaði hugtakið afbyggingu sem er túlkunaraðferð í heimspeki, bókmenntarýni og félagsfræði.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

---

**ÞETTA GERÐIST: 15. JÚLÍ 1799**

## *Rósettusteinninn finnst*



Á þessum degi árið 1799 fannst Rósettusteinninn í egypska þorpinu Rosetta, en hann var lykillinn að því að ráða ritmál Egypta, híróglýfur.

Áletrunin á steininum er talin vera frá því 196 fyrir Krist en textinn er í þremur útgáfum. Sú fyrsta er rituð með egypskum híróglýfum, önnur á fornegypsku og sú þriðja á forngrísku.

Fundurinn þótti merkilegur þar sem loks var talinn möguleiki á innsýn í hin fornu egypsku mál. Fyrsta þýðing á gríska textanum var tilbúin árið 1803 en það var ekki fyrr en 1822 sem tókst loks að þýða egypsku textana.

Steinninn hefur verið til sýnis á British Museum síðan 1802.

---

GUÐBJÖRG GISSURARDÓTTIR: STOFNAR NÝTT TÍMARIT

# ÉG ER ALGJÖR STEYPUSTELPA

„Þetta er árstíðabundið blað sem kemur út fjórum sinnum á ári og fær yfirskrift hverrar árstíðar. Núna kemur út Sumar Í boði náttúrunnar. Tímaritið heitir Í boði náttúrunnar en fær alltaf yfirtitil," segir Guðbjörg Gissurardóttir, ritstjóri nýs tímarits sem kom út í síðustu viku.

„Ég er að búa til blað sem tengist íslenskri náttúru á einhvern hátt," segir Guðbjörg og heldur áfram: „Það getur verið alveg gríðarlega fjölbreytt. Við erum að tala um ferðalög innanlands, íslenskan þjóðlegan mat, útivist, fjallgöngur og sjósund. Við erum að horfa á íslenska sveit," útskýrir Guðbjörg sem segir blaðið vera í takt við hið nýja Ísland. „Þetta er lífsstílstímarit fyrir þá sem kunna að meta íslenska náttúru."

Guðbjörg segist ekki vera mikil sveitastelpa. „Þegar ég var tvítug fór ég að vinna á Hótel Búðum og þá uppgötvaði ég fyrst hvílíka náttúrufegurð við eigum á Íslandi. Skömmu síðar flutti ég til Bandaríkjanna, fór í nám í New York og bjó þar í sjö ár. Þegar maður er búinn að búa erlendis fer maður virkilega að kunna að meta íslenska náttúru."

Guðbjörg ákvað að hefja tímaritaútgáfu þegar hún var í fæðingarorlofi seint á síðasta ári. „Ég var ekki með neitt sérstakt á takteinunum eftir það og langaði að gera eitthvað rosalega skemmtilegt. Ég var ekki alveg viss hvað það ætti að vera en eina nóttina þegar ég sat uppi í rúmi og var að gefa barninu mínu brjóst þá kviknaði þessi hugmynd."

Tímaritið heitir Í boði náttúrunnar, en hefur Guðbjörg mikinn áhuga á náttúrunni? „Málið er að ég er algjör steypustelpa," segir hún glettin. „Ég fór aldrei í sveit, ég fór aldrei í fisk og ég hafði aldrei farið á sveitaball fyrr en ég var þrítug."



**EKKI MIKIL SVEITASTELPA** „Ég fór aldrei í sveit, ég fór aldrei í fisk og ég hafði aldrei farið á sveitaball fyrr en ég var þrítug." FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

En er ekkert erfitt að gefa út nýtt íslenskt tímarit í dag? „Allir vöruðu mig við því. Ég ákvað bara að láta ekkert stoppa mig og sama hvað á gengi þá ætlaði ég að gera þetta. Það er gott að vita af erfiðleikunum og ég vissi að þetta væri mikil vinna en ég ákvað að færa ákveðnar fórnir til að láta þetta gerast. Mér fannst gaman allan tímann."

**martaf@frettabladid.is**

---



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sveinn Karlsson,**

Vopnafirði,

lést að morgni mánudags 12. júlí. Útför verður auglýst síðar.

**Áslaug Sveinsdóttir** **Heimir Helgason**
**Karl Sveinsson**
**Sveinn A Sveinsson** **Sara Jenkins**
**Guðrún Sveinsdóttir** **Svanur Aðalgeirsson**
**og afabörnin.**

---



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Hilmar Sævar Guðjónsson,**

Háseylu 1, Njarðvík,

lést sunnudaginn 11. júlí á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju, þriðjudaginn 20. júlí kl. 14.00

**Sólbjörg Hilmarsdóttir** **Ólafur Sævar Magnússon**
**Hilmar Þór Hilmarsson**
**Guðjón Ingi Hilmarsson**
**Ingi Þór Ólafsson**
**Aron Smári Ólafsson**

---



†

*Móðir okkar og tengdamóðir,*

**Lára Böðvarsdóttir,**

frá Laugarvatni, Barmahlíð 54, Reykjavík,

lést mánudaginn 12. júlí á Hrafnistu í Reykjavík. Útförin fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 29. júlí kl. 15.00.

**Eggert Hauksson,**
**Ágústa Hauksdóttir,** **Jónas Ingimundarson,**
**Ása Guðmundsdóttir**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Bjarni Björgvinsson**

Hlíðarvegi 4, Kópavogi

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 8. júlí. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju, föstudaginn 16. júlí kl. 15.00.

**Lára Magnúsdóttir**
**Ingibjörg Árnadóttir**
**Björgvin Bjarnason** **Guðrún Ósk Birgisdóttir**
**Sigurlaug H. Bjarnadóttir** **Skúli Baldursson**
**Stefán Pétur Bjarnason**
**og barnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginmaður og faðir, bróðir, frændi, sonur og góður vinur okkar,*

**Krzysztof Stanislaw Chwilkowski (Kris),**

Laxagötu 2, Akureyri,

varð bráðkvaddur 12. júlí sl. Minningar- og kveðjuathöfn verður haldin í Kaþólsku kirkjunni við Eyrarlandsveg 26 á Akureyri föstudaginn 16. júlí nk. klukkan 12.00. Eru allir vinir Kris hjartanlega velkomnir. Útför fer fram síðar í kyrrþey.

Z wielkim zalem zawiadamiamy ze w dniu 12.07 odszedl od Nas nagle Krzysztof Stanislaw Chwilkowski ukochany maz, ojciec, brat, wujek, syn i przyjaciel. Msza pozegnalna odbedzie sie w Katolickim kosciele przy ulicy Eyrarlandsvegur 26 w piatek 16.lipca o godzinie 12:00.

**Lila-Krystyna Chwikowska**
**Slawomir Chwilkowski**
**Malgorzata Anna Ksepko** **Stefán R. B. Höskuldsson**
**Magdalena Ksepko** **Baldur S. Svavarsson**
**Damian Stanislaw Ksepko** **Hrafnhildur G. Björnsdóttir**
**Maria Chwilkowska**
**Eliza Chwilkowska**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Jón Valdimar Sævaldsson**

lést að heimili sínu Sólvangsvegi 3, Hafnarfirði, að kvöldi fimmtudagsins 8. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Fanney Gísla Jónsdóttir**
**synir, tengdadætur, afa og langömmubörn hins látna.**

---

†



*Hjartans þakkir fyrir hlýhug og fallegar kveðjur vegna andláts og útfarar elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og vinar,*

**Halldórs Hjálmarssonar**

húsgagna- og innanhúsarkitekts, Grenimel 9.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Droplaugarstaða sem sinnti honum af mikilli alúð og virðingu.

**Skafti Þ. Halldórsson** **Sigríður Hagalínsdóttir**
**Örn Þór Halldórsson**
**Anna Margrét Halldórsdóttir** **Ragnar Birgisson**
**Erla Rúriksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**GÓÐUR SVEFN** gerir meira fyrir útlitið en margt annað og um að gera að nota sumarfríið til þess að hvíla sig vel. Það er ekkert betra en að leyfa sér að sofa út og fá sér svo styttri fegurðarblundi við hvert tækifæri.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447


Skór & töskur í miklu úrvali
www.gabor.is



Sérverslun með
Gabor xena
FÁKAFENI 9 - Sími: 553 7060 - Opið mánud-föstud. 11-18




Hrefna Björg Gylfadóttir á litríkan fataskáp og jóðlar í einrúmi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


Eirberg



Rafskutlur
-frelsi og nýir möguleikar
Einfaldar í notkun og hagkvæmar í rekstri
Ný kynslóð
Sími 569 3100 • Stórhöfða 25 • www.eirberg.is


# Oftast í litríkum fötum

**Hrefna Björg Gylfadóttir, nemandi í Breiðholtsskóla, er á kafi í tónlist auk þess sem hún tekur ljósmyndir í frístundum sínum. Hún hefur gaman af fötum og heldur úti tískubloggi á Lookbook.**

„Ég á til dæmis kólumbískan þjóðbúning, afrísk föt og mexíkóska skyrtu í fataskápnum. Mér finnst litrík útlensk föt heillandi og föt frá slavneskum löndum finnst mér til dæmis mjög falleg," segir Hrefna Björg Gylfadóttir þegar Fréttablaðið hnýsist í fataskápinn hennar.

Hrefna er á kafi í tónlist og hefur spilað á píanó í sjö ár. Hún syngur í kór og er að kenna sjálfri sér á gítar þessa dagana. „Ég jóðla líka þegar ég er ein," segir hún hlæjandi og viðurkennir að hafa alltaf nóg að gera. „Ég er í umhverfisráði í Vinnuskólanum í Reykjavík og er að koma skólanum mínum, Breiðholtsskóla, í Grænfánann. Ég er líka í nemendaráði og skólaráði og tek ljósmyndir bæði á filmu og digital."

Kjóllinn sem Hrefna klæðist á myndinni er fyrsta notaða flíkin sem hún keypti sér og fékk hann í gegnum netið frá Bonnie Jean. „Ég held að þetta sé barnakjóll, hann er allavega mjög stuttur. Ég fékk hann frekar ódýrt. Hálsmenið sem ég er með keypti mamma í Afríku en við bjuggum þar þegar ég var lítil."

Hrefna heldur úti tískubloggi á Lookbook þótt hún segist ekki forfallið tískufrík og þyrfti að uppfæra síðuna oftar. „Nei, ég hef engar listrænar kenningar um tísku en mér finnst samt ótrúlega gaman að klæða mig."

Spurð hvort hún kaupi mikið af notuðum fötum segist Hrefna grúska á fatamörkuðum eftir skemmtilegum flíkum. Hún eigi engan uppáhalds hönnuð og versli ekki í einni búð frekar en annarri. „Ég fer inn í allar búðir og finn eitthvað skemmtilegt. En ég er bara fimmtán ára og frekar blönk svo ég versla lítið á Íslandi núna," segir hún hlæjandi.

Í sumar vinnur Hrefna sem turnvörður í Hallgrímskirkju sem hún segir mjög skemmtilegt starf. Hún fái að æfa sig í alls konar tungumálum auk þess sem ekki séu strangar reglur um klæðnað turnvarða. „Nei, sem betur fer. Vinkonurnar héldu að ég yrði að vera í nunnubúningi en það er alls ekkert svoleiðis." *heida@frettabladid.is*


ENN MEIRI VERÐLÆKKUN!
Allar vörur á útsölu
hjá Hrafnhildi
Sími: 581 2141 - www.hjahrafnhildi.is



SUMAR ÚTSALA
Gerið gæða- og verðsamanburð
6 mánaða vaxtalausar greiðslur
Svefn & heilsa
www.svefn.is

20-50% AFSLÁTTUR
Lök, hlífðardýnur, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, íslenskir PU leðurgaflar, náttborð, útlitsgallaðar dýnur og fleira.

Ný sending
SAGA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins 129.900
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. 179.900

VALHÖLL/FREYJA
Ný sending
Góð rúm á frábæru verði



Queen rúm, nú aðeins kr. 99.900

**STÍGVÉL** eru alveg nauðsynleg í útileguna þar sem aldrei er að vita nema rigni. Því er um að gera að fjárfesta í einhverjum flottum stígvélum til að skarta í sveitinni.




ALVEG SPLÚNKUNÝTT



teg. FABRICIA - glæsilegur push up í BCD skálum á kr. 7.680,-



teg. FABRICIA - fyrir stærri barminn í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 7.680,-

Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 2070
Sími 551 3366.
Opið mán.-fös. 10-18,
Lokað á laugardögum í sumar
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur












# Neðanjarðartíska

**Tískusýning í neðanjarðarlest á ferð var meðal þess sem boðið var upp á í tískuvikunni í Berlín í síðustu viku.**

Á tískuvikunni í Berlín var margt að sjá og meðal annars var hægt að fylgjast með tískusýningu í neðanjarðarlestarferð. Í lestinni var sýnd rokkuð götutíska eða nokkurs konar neðanjarðartíska.

Áhorfendur nutu ferðarinnar enda tölvert meira sem fyrir augu bar en venjulega í neðanjarðarlestinni.

emilia@frettabladid.is

Tískan sem sýnd var í neðanjarðarlestinni var rokkuð götutíska. NORDICPHOTOS/AFP


Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is






Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com
Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir



Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar




SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA

ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta
ÚTSÖLUSTAÐIR: Apótek og snyrtivöruverslanir





FLOTT Í SUMAR...
Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar



Nýtt og enn öflugra
System +
fyrir dömu og herra
kr. 34.995,-
NÝTT
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is



ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA



30-70%
AFSLÁTTUR ÁFRAM AF ÚTSÖLUVÖRUM

Vorum að taka upp nýjar vörur sem fara beint á TILBOÐ

Við erum á fyrstu hæðinni í Firði.

MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073
Erum með opið á lau. kl. 11-16
FJÖRÐUR
www.fjordur.is




Mikilvægt er að gera ákveðnar ráðstafanir á sumrin til að hárið verði ekki úfið, slitið og upplitað eftir sólargeisla, klór úr sundlaugum og saltið úr sjónum. Hægt er að fá ýmsar sumarvörur fyrir hárið sem gegna mismunandi hlutverki. Einnig getur verið gott að vera með stráhatt við höndina til að tylla á höfuðið öðru hverju til að verja hárið fyrir sólinni.

tiskuheimur.is

## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

**Bergþór Bjarnason skrifar frá París**



# Hátíska í hátíðarskapi, Dita Von Teese, Lady Gaga og öskuský

Hátískusýningarnar héldu áfram í París í síðustu viku með afskaplega margbreytilegum sýningum, misjafnlega tilkomumiklum, þar sem mátti sjá allt frá tíu til fimmtíu módelum á einni sýningu. Auðvitað allt eftir umfangi og efnahag tískuhúsanna sem sýndu en sömuleiðis voru sýningarnar mismunandi spennandi hvað varðar (listrænu?) hönnunina.

Jean-Paul Gaultier sagði nýverið skilið við Hermès þar sem hann hefur verið listrænn stjórnandi í nokkur ár en hann átti afskaplega skemmtilega sýningu og að vanda beið áhorfenda óvænt uppákoma. Brúðurin sem eins og venja er kemur í lokin var ein og spilaði á fiðlu sinn eigin brúðarmars. Fyrirsætan og fatafellan Dita Von Teese sem er í miklu uppáhaldi hjá Gaultier týndi af sér kjólhluta þar til hún stóð uppi næsta fáklædd í uppáhaldsklæðum Gaultiers, korselettinu, á svimandi háum Louboutin hælum sem að vanda voru með rauðum sólum. Fyrirsætur voru sumar hverjar með ótrúlega túrbana í ætt við Simone de Beauvoir. Hollywood-glamúr með afskaplega parísískum nælonsokkum með Eiffelturnum enda París alltaf París eins segir í gömlu lagi Maurice Chevalier, „Paris sera toujours Paris! La plus belle ville du monde“, París verður alltaf París, fallegasta borg heims, og auðvitað borg tískunnar sömuleiðis. Barbara og Juliette Gréco hljómuðu undir, dálítið sjálfhverft og fortíðarhyggjulegt, à la française! Og nú mun Gaultier einungis halda sig við sitt eigið tískuhús.

„On aura tout vu“ er tískudúett þeirra Liviu og Yassen frá Búlgaríu en ólíkt Frakklandi er Búlgaría ekkert sérstaklega þekkt fyrir tískuhönnun. Dagblaðið Libération segir frá því að stílisti Lady Gaga, Nicola Formichetti, hafi hvorki komst lönd né strönd frá París á dögunum vegna öskuskýsins úr Eyjafjallajökli og kynnst þá þessum hönnuðum. Eins og auðvelt er að ímynda sér ef litið er á litríkan klæðnað Lady Gögu hentar hátískan henni ágætlega. Þar er hver einasta flík einstök. Svo mikil er hrifning Lady Gaga á Liviu og Yassen að hún hefur tryggt sér forkaupsrétt á allri sýningunni, hvorki meira né minna. Uppsprettan að hönnun þessa dúetts að þessu sinni var hafið, jafnt sjóliðar sem krossfiskar og Heimskautabirnir. Kjólar úr flotholtum (verst að netaveiðar eru alveg dottnar upp fyrir, hefði verið hægt að fá þessa fínu flothringi í kjóla úti í Eyjum líkt og þann sem ég nota sem aðventukrans.) Ótrúlegur steinaútsaumur á yfirhöfnun líkt og krossfiskar og frakkar sem minna á hvítabirni frá Norðurpólnum. Dálítið líkt og heimur tónlistarmyndabanda Gaga, heimur ævintýra með sköpun sem er ferðlaga. Segið svo að gosið í Eyjafjallajökli hafi ekki leitt eitthvað gott af sér.



*bergb75@free.fr*



Franski skartgripasalinn Chaumet sýndi hárskraut á tískuvikunni í París í síðustu viku. NORDICPHOTOS/AFP

# Hárskraut í Parísarborg

**Á hátískuvikunni í París í síðustu viku var sýnt hárskraut frá franska skartgripasalanum Chaumet.**

Chaumet setur höfuðskart og skraut í fremstu víglínu í fyrsta sinn í sögu fyrirtækisins sem var stofnað árið 1780. Hönnuður skartgripanna trúir því að þeir fangi ljósið og dragi því fram augu þess sem ber þá.

Frá stofnun fyrirtækisins fyrir 230 árum hafa yfir tvö þúsund höfuðdjásn verið gerð hjá Chaumet. Fyrirtækið er við Place Vendôme í fyrsta hverfi Parísarborgar þar sem það hefur verið til húsa frá árinu 1907. Það var stofnað af Nitot, skartgripagerðarmanni Napóleons.

*- mmf*



Yfir tvö þúsund tegundir af hárskrauti hafa verið gerðar hjá Chaumet á 230 árum.

# Fer á milli tískusýninga

**Bandaríska leikkonan Jessica Alba hefur nýlega sést á tískusýningum í Evrópu.**

Jessica Alba fór beint af kvenfatatískusýningunum í París yfir til Berlínar þar sem hún sótti tískusýningu fyrir vor og sumarlínu Hugo Boss. Alba mætti í beinhvítum kjól í anda sjötta áratugarins með gullbelti um sig miðja og perluskreytt steinaarmbönd. Hún toppaði klæðaburðinn með himinháum, gulbrúnum hælaskóm.

*- mmf*



Jessica Alba fór af tískusýningunum í París yfir til Berlínar.








HELGARBRJÁLÆÐI
í Flash



Síðustu skokkarnir
~~Áður 16.990~~
Nú 7.990
Litir: Svartir, gráir, hvítir, drapp
Stærðir: 38-48

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201




ÚTSALAN
Í FULLUM GANGI
40-60% AFSLÁTTUR
TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

Auglýsingasími 512 54 01

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki



12 kg
Þvottavél
og þurrkari
· Tekur 12 Kg · Hljóðlát
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Sparneytin

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Flottir skór á lágum hæl!
Þægilegir og vandaðir dömuskór úr leðri með skinnfóðri

Teg. 37186
Stærðir: 36 - 40
Verð: 16.485.-

Teg: 37182
Stærðir: 36 - 40
Verð: 16.485.-



Misty skór
Laugavegi 178
Vertu vinur

Sími 551 2070.
Opið mán.-fös. 10-18.
Lokað á laugardögum í sumar
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

ÚTSALA



Full búð af nýjum vörum. Einnig nýjar vörur á útsölu

30% afsláttur af katvig og snoozy

Nýjir sumarskór frá katvig
FRÁBÆR VERÐ



Velkominn á Laugaveginn
Laugavegur 25 • Sími 533-5500
Opið Mán - Fös frá 11.00 - 18.00
Lau frá 10.00 - 16.00

Í grænni lautu
BARNAFATAVERSLUN

Auglýsingasími
512 54 01



Allt sem þú þarft...




Hjalti segir hugmyndina að fyrirtækinu hafa kviknað í tíma í skólanum í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Styðja íslenska hönnuði

**Nýtt íslenskt fyrirtæki var stofnað í síðustu viku og sérhæfir sig í að aðstoða íslenska hönnuði við að koma hönnun sinni á markað en tveimur viðskiptafræðinemum fannst þá vanta stuðning.**

„Þetta var hugmynd sem kviknaði hjá mér í vetur," segir Hjalti Rúnar Sigurðsson sem setti á stofn fyrirtæki í síðustu viku sem sérhæfir sig í að aðstoða íslenska hönnuði við að koma hönnun þeirra í framleiðslu og á markað. „Það virðist vera til svo mikið af hæfileikaríkum íslenskum hönnuðum og okkur fannst vanta stuðning við þá til að koma vörum sínum á framfæri. Okkur fannst skortur á þessu á markaðnum."

Hjalti stofnaði fyrirtækið Kikali Designers Agency ásamt vini sínum Birni Björnssyni. Þeir eru saman í viðskiptafræði í Háskóla Íslands. „Kikali varð að veruleika í síðustu viku. Það varð til út frá því að við fengum okkar fyrsta verkefni sem var búið að vera í vinnslu í svolítinn tíma og þegar það var komið á hreint þá kýldum við á þetta."

Hjalti segir að fyrsta verkefni þeirra félaga sé fyrir hönnuðinn Einar Thor sem hannað hefur Thorshammer. „Hann er búinn að vera að gera leðurarmbönd í svolítinn tíma og er að koma með leðurbelti núna. Við erum að fara að kynna vöruna sem er að koma í sölu á Íslandi," segir Hjalti og bætir við að haldnir verði styrktartónleikar á Sódómu af því tilefni. „Thorshammer verður kynntur og allur ágóði mun renna til Fjölskylduhjálpar."



Kynning fyrir hönnuðinn Einar Thor sem hannaði Thorshammer-armbönd er fyrsta verkefni Kikali.

Að sögn Hjalta kviknaði hugmyndin í tíma í háskólanum í vetur. „Ég bar þetta undir Björn vin minn og honum leist rosalega vel á þetta þannig að við ákváðum að vinna þetta betur," útskýrir Hjalti en vel hefur verið tekið í hugmyndina.

Þeir félagar, Hjalti og Björn, ætla í samstarfi við íslenska hönnuði að aðstoða þá við að komast í almenna sölu. „Og jafnvel að hjálpa þeim ef þeir vilja komast á markað erlendis. Við erum með sambönd þar og erum að byggja þau upp," segir Hjalti og tekur fram að auðvitað séu þeir líka með sambönd á Íslandi. „Við erum með vítt tengslanet sem við teljum að geti hjálpað okkur mikið við að koma þessu á framfæri."

*martaf@frettabladid.is*



Margt á sýningunni undirstrikaði karlmannlegan vöxt.



Songzio var óhræddur við að blanda saman rómantískum og töffaralegum klæðnaði.



Þessi er eins og klipptur út úr bók Alexandre Dumas um skytturnar þrjár.
NORDICPHOTOS/AFP

# *Rómantískt* FRÁ SONGZIO

**Tískuhönnuðurinn Songzio sýndi á dögunum vor- og sumartísku karla fyrir 2011.**

Óhætt er að segja að rómantíkin hafi ráðið ríkjum á tískusýningu suðurkóreska fatahönnuðarins Songzio sem fór fram í París á dögunum. Þar sýndi Songzio vor- og sumartísku karla fyrir 2011 og voru mjúkar línur, vesti, flegnar skyrtur og hnésíðar buxur áberandi í bland við töffaralega hatta, hálsklúta og leðurarmbönd.

*- rve*







# Fjársjóðir Suðurlands

**Rangárþing eystra**
**Mýrdalur**
**Skaftárhreppur**








# Hamfarasetur í bígerð

„Við sjáum þetta sem leið til að bregðast við gosinu og eftirhreytum þess auk þess sem þetta mun sjálfsagt laða að marga forvitna ferðamenn,“ segir Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri í Rangárþingi eystra, þar sem fyrirhugað er að opna svokallað Hamfarasetur síðla hausts 2010 eða vorið 2011.

Þar mun almenningi meðal annars gefast færi á að fræðast um eldvirkni og eldgos og hvernig eigi að bregðast við þegar gýs að sögn Ísólfs. „Eldgosið vakti heimsathygli og erlendis þótti mönnum mikið koma til þeirrar almannavarnaráætlunar sem var framkvæmd hér í sýslunni. Meðal annars fyrir þær sakir kom upp hugmynd um að reisa Hamfarasetrið,“ segir hann og getur þess að auk sveitarfélagsins komi sýslumaðurinn á Hvolsvelli, sem er hugmyndasmiður verkefnisins, Almannavarnarnefnd og fleiri aðilar að verkefninu.



**Almenningi mun gefast kostur á að fræðast um eldvirkni og eldgos í nýju safni í Rangárþingi eystra sem verður opnað í haust eða næsta vor.**

Ísólfur segir að í Rangárþingi eystra séu almennt miklir möguleikar í ferðaþjónustu. Meðal annars sé þar hægt að njóta einstakrar náttúru auk þess sem ýmis afþreying sé í boði, svo sem golf, laxveiði, hestaferðir, jöklaferðir og fleira. „Mikill er uppgangur á svæðinu og þess má geta að hér eru höfuðstöðvar Sláturfélags Suðurlands,, enda er Rangárvallasýsla eitt blómlegasta landbúnaðarhérað landsins.“ Hann bætir við að með Landeyjahöfn muni möguleikum í ferðaþjónustu fjölga. „Hún mun vafalaust stuðla að fjölbreyttara samstarfi milli lands og eyja.“ *- rve*

**● BLEIKJA OG LOFTÞURRKAÐ KJÖT** Í Mýrdal er margt skemmtilegt hægt að skoða og gera. Meðal áhugaverðra viðkomustaða má nefnda Fagradal fyrir austan Vík í Mýrdal þar sem hjónin Jónas Erlendsson og Ragnhildur Jónsdóttir reka býli. Gestum og gangandi gefst þar kostur á að skoða búskapinn og kaupa ýmsar kræsingar, svo sem bleikju sem hefur verið framleidd þar síðastliðin 20 ár og lambakjöt, sem hvort tveggja er hægt að fá sérunnið og reykt. Þar að auki hafa bændurnir í samvinnu við Matís verið að útbúa loftþurrkað kjöt sem bragðast einstaklega vel að þeirra sögn og verður framleitt eftir sérpöntunum. Aðrar afurðir frá býlinu má meðal annars nálgast í Hagkaupsverslunum á höfuðborgarsvæðinu, verslunum Bónus á Selfossi og í Hveragerði og hjá ýmsum ferðaþjónustuaðilum í grennd við Fagradal. Nánari upplýsingar á Facebook.



**Útgefendur:** Rangárþing eystra, Mýrdalur og Skaftárhreppur | **Ritstjórar og ábyrgðarmenn:** Þuríður H. Aradóttir, Ragnar Kristjánsson og Sandra Brá Jóhannsdóttir | **Símanúmer:** 488 4200, 487 1935 og 487 4840 | **Heimasíða:** www.hvolsvollur.is, www.vik.is og www.klaustur.is | **Tölvupóstur:** thuri@hvolsvollur.is, ragnar@vik.is og sandra@klaustur.is | **Ljósmyndir á forsíðu:** Ragnar Th. Sigurðsson, Monique Starr, Ingibjörg Eiríksdóttir og Helga Davids. | **Útlit forsíðu:** Þórhildur Jónsdóttir.

**Fegurðin er að Fjallabaki**

**Spennandi Útivistarferðir um Fjallabak**
*Strútsstígur* - Falleg og fjölbreytt gönguleið á Skaftártunguafrétti
*Sveinstindur* -Skælingar - Stórkostlegt gönguland á bökkum Skaftár
***Bókanir í síma 562 1000***



**ÚTIVIST**
Laugavegi 178 - Sími 562 1000 - utivist.is

**● UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐIN AÐ KIRKJUHVOLI** Fjögur fyrirtæki reka upplýsingamiðstöðina á Kirkjubæjarklaustri og sýna þar myndir og fróðleik. Það eru Skaftárhreppur, Skaftáreldar ehf., Kirkjubæjarstofa og Vatnajökulsþjóðgarður. Vatnajökulsþjóðgarður leggur áherslu á vesturöræfin, sem er hluti af Skaftárhreppi og Lakagíga. Skaftáreldar ehf. sýna stuttmynd um Skaftáreldana 1783-1784 og afleiðingar þeirra. Kirkjubæjarstofa leiðir hugann að „Sögunni í sandinum“ – nunnuklaustrið er var á Kirkjubæ og líf systranna þar. Auk þess sem sýningin „Á slóðum Skaftárelda – eldfjall, maður, náttúra“ gefur okkur færi á að komast í nánd við þau efni náttúrunnar sem náttúruöflin eru að takast á við í sínum umhleypingum.



# Náttúruparadís í nýju ljósi

**Rangárþing eystra er eitt þeirra svæða sem varð fyrir barðinu á eldgosinu í Eyjafjallajökli. Þuríður Aradóttir, markaðs- og kynningarfulltrúi sveitarfélagsins, segir svæðið óðum vera að ná sér aftur á strik þar sem náttúruundur og fallegar gönguleiðir laði marga að.**



**Rangárhreppur eystra er sannkölluð útivistarperla og gönguleiðir víða.**
MYND/RAGNAR TH. SIGURÐSSON

„Auðvitað hefur þetta haft sín áhrif, bæði á umhverfið og alla ferðamennsku á svæðinu sem var um tíma í lamasessi en er nú að komast á skrið,“ segir Þuríður Aradóttir, markaðs- og kynningarfulltrúi sveitarfélagsins Rangárþings eystra þar sem öskufalli úr Eyjafjallajökli er fyrir löngu lokið og gras tekið að grænka, þótt ummerki eftir gosið og eftirhreytur þess séu enn sýnileg á svæðinu.

„Askan er ekki með öllu horfin sérstaklega uppi á fjöllum þar sem fólk finnur kannski helst fyrir henni. Hún er þó ekkert lýti. Þvert á móti skerpir askan bara á andstæðum í fjölbreytilegri náttúrunni. Þannig sést ekki lengur í þessa dæmigerðu sinuliti sem áður voru, þar sem grænir og gráir litir ráða nú ríkjum,“ segir hún og bætir við að fyrst í stað hafi verið talið að þessar breytingar myndu fæla ferðamenn frá en annað hafi nú komið á daginn.

„Heldur betur dró úr straumi ferðamanna hingað en þeim er nú aftur farið að snarfjölga. Segja má að ferðamannatíminn hafi byrjað mánuði á eftir áætlun vegna eldgossins en við erum hins vegar bjartsýn á að sá tími eigi eftir að lengjast eitthvað þar sem okkur berast sífellt fleiri fyrirspurnir að utan frá ferðamönnum sem eru áhugasamir um allt þetta ferli sem við höfum gengið í gegnum og vilja gjarnan heimsækja okkur,“ segir hún og getur þess að enda sé Rangárþing eystra sannkölluð útivistarperla, bæði sé þar að finna náttúruundur í tengslum við gosið og svo alls kyns skemmtilegar gönguleiðir.



**Þuríður Halldóra Aradóttir segir erlenda ferðamenn sýna öskusvæðinu mikinn áhuga.** MYND/ERLA BERGLIND

„Nýverið voru til dæmis stikaðar gönguleiðir yfir hraunið, sem bætast þar með við þá flóru gönguleiða sem fyrir eru á svæðinu. Hér eru auðvitað vinsælt að ganga meðal annars upp á Þríhyrning og Þórólfsfellið, vegna náttúrufegurðar og einstaks útsýnis sem nær yfir Markarfljót og á Eyjafjallajökul. Í einhverjum tilvikum geta menn svo valið um að fara á eigin vegum eða í skipulagðar og jafnvel sérsniðnar gönguferðir eins og boðið er upp á inn í Þórsmörk og að svæðinu kringum Emstrur. Auk þess eru hér margir hellar sem búið er opna sem skemmtilegt er að skoða.“

Þuríður segir að þeir sem ætli að ferðast um öskusvæðið þurfi ekki að hafa áhyggjur af slysahættu eða heilsutjóni. „Það er kannski helst að þeir sem ganga á öskusvæðinu geti reiknað með þyngri göngu og sums staðar er ágætt að hafa grímu við höndina, en annars eru ferðaþjónustuaðilar á svæðinu boðnir og búnir að veita ferðamönnum allar upplýsingar sem með þarf.“ *- rve*

# Jarðminjar einstök verðmæti

„Markmiðið er að vernda jarðminjar og koma á framfæri og stuðla að sjálfbærri efnahagslegri þróun á svæðinu meðal annars með því að þróa jarðferðamennsku,“ segir Ragnhildur Sveinbjarnardóttir sem hefur umsjón með verkefninu Katla Geopark sem hefur verið unnið að síðustu misseri og miðar að því að gera svæðið í sveitarfélögunum Rangárþingi eystra, Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi að sameiginlegu jarðminjasvæði.

Hugtakið jarðminjasvæði eða jarðvangur er vel þekkt úti í heimi, þar sem þegar eru starfsrækt 37 slík svæði í 15 Evrópulöndum að sögn Ragnhildar. „Þar geta ferðamenn fræðst um jarðminjar, náttúruna og allt sem hún hefur upp á að bjóða,“ útskýrir hún og bætir við að svæðið innan sveitarfélaganna fyrrnefndu sé kjörið til að gegna þess konar hlutverki og þá meðal annars vegna einstakrar náttúrufegurðar.

„Umhverfið hér er auðvitað einstakt, ekki síður en sagan og menningin og víða hægt að afla sér upplýsinga um jarðminjar, svo sem á Bydebúð í Vík og á Kirkjubæjarstofu á Kirkjubæjarklaustri. Með sameiginlegum jarðminjagarði viljum við koma á góðum samstarfsgrundvelli og skerpa frekar á þessum þætti,“ segir Ragnhildur og bætir við að verkefnið sé vel á veg komið. *- rve*



MYND/RAGNAR TH. SIGURÐSSON

**Unnið er að því að gera sameiginlegt jarðminjasafn í Rangárþingi eystra, Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi.**




# FUNHEITAR EÐA SVALAR *í grillveisluna*

Þykkvabæjar
forsoðnar grillkartöflur
kartöflusalat
hrásalat

**Einfalt og gott!**




Þykkvabæjar




„Brúðkaup“

Notaðu öfluga og ókeypis leit á Vísi til að finna allt sem þú þarft að vita um lítil og stór brúðkaup, veislurnar, borðbúnaðinn, kransakökurnar, og veislugestina – eða bara eitthvað allt annað. Leitaðu að efni úr Fréttablaðinu og af Vísi. Það eina sem þarf er leitarorð. **Vísir er með það.**

vísir.is ...ég sá það á Vísi





Reynisdrangar og Dyrhólaey.



Sundlaugin í Vík er vinsæll viðkomustaður.

# Hentar vel að koma hingað

**Elías Guðmundsson er stærsti gestgjafi Víkur. Hann rekur Víkurskála og veitingastaðinn Ströndina og á Hótel Vík, ásamt konu sinni. Það er undir merki Edduhótels.**



**„Þetta var svolítið þungt högg í starti,“** segir Elías um áhrif öskunnar en hann stækkaði hótelið í vetur um ellefu herbergi og veitingasal. Myndir Þórir Kjartansson

„Við veðjuðum á þungavigtarsumar. Sumarið í fyrra var svo gott og spár gerðu ráð fyrir öðru slíku en raunin hefur orðið önnur,“ segir Elías sem ásamt konu sinni, Vilborgu Smáradóttur, réðist í stækkun á Hótel Vík síðastliðinn vetur um 11 herbergi og veitingasal, samtals tæpa 4.000 fermetra.

Nú taka þau við 84 í gistingu í herbergjum á hótelinu og fimm litlum sumarhúsum undir hömrunum. Allt var þetta tómt bæði í apríl og maí vegna eldgossins og veitingasalir líka. „Þetta var svolítið þungt högg í starti,“ viðurkennir Elías. „Við vorum með mikið fyrirfram bókað á hótelinu í vetur en það hrundi mikið úr því í júní og júlí og margir dagar eru gótóttir. Svo erum við í stríði við bílaleigurnar því þær taka extra gjald af útlendingum sem ætla að keyra í gegnum öskusvæðið. Það er mjög ósanngjarnt finnst okkur,“ segir Elías og telur ekki veita af samstöðu þeirra sem sinna ferðaþjónustu í því árferði sem nú ríkir.

Elías rekur líka Víkurskála og segir aldrei í sögu hans hafa verið jafn rólegt og í vor frá því hann var byggður árið 1974. En nú er að lifna yfir og margir hópar koma til Víkur á vegum ferðaskrifstofa að sunnan, allt árið um kring. „Það þykir henta vel að koma hingað því á leiðinni er svo margt að sjá, fossana, jöklana, sandana, fjöruna, sjóinn og fjöllin og svo björgin full af fugli að sumrinu. Allt í einum pakka.“

Fyrir þá sem dvelja yfir nótt er auk hótelsins farfuglaheimili til að gista á og gott tjaldstæði. „Þar stoppa margir þegar gott er veður,“ segir Elías og getur þess að sundlaugin á staðnum sé vinsæl af ferðamönnum og margir komi við í Víkurprjóni sem sé með úrval af ullarvörum og minjagripum.

Í Brydebúð vestur í þorpi er veitingastaðurinn Halldórskaffi, upplýsingamiðstöðin og söfnin og svo rekur Elías sjálfur eðalveitingastaðinn Ströndina, auk sjoppunnar og grillsins í Víkurskála. „Ströndin er Bístró veitingastaður með útsýni yfir ströndina, drangana og þorpið. Þar erum við meðal annars með rétti úr hráefni úr heimabyggð,“ nefnir hann. „Til dæmis hvannasúpu sem er gríðarlega vinsæl.“ *- gun*



Líf og fjör er á Sunnlenska sveitamarkaðinum sem er bak við verslunina Kjarval á Hvolsvelli. MYND/ÁRNI JENSEN

# Veglegur sveitamarkaður

Á miðjum Hvolsvelli, sirka 25 metra frá þjóðveginum, er búið að setja upp veglegan sveitamarkað í þremur 70 ára gömlum bröggum. Hann ber heitið Sunnlenski sveitamarkaðurinn og annar af forsvarsmönnum hans er Árni Jensen.

„Sunnlenski sveitamarkaðurinn er í raun og veru umbun sem við bjuggum til vegna þess að það var svo ömurlegt að vera þarna á svæðinu í vor. Við komum saman nokkrir aðilar sem vildum reyna að gera eitthvað skemmtilegt og skapa umgjörð til að matvælaframleiðendur, hannyrðaframleiðendur og listmunaframleiðendur gætu komið saman með vörur,“ segir hann.

Árni býr á höfuðborgarsvæðinu en er ættaður að austan og vildi gjarnan styðja við samfélagið þar. „Fólkið mitt býr fyrir austan svo þetta var góð afsökun fyrir að eyða sumrinu í sveitinni,“ segir hann brosandi. Hann segir markaðinn hafa fengið frábærar viðtökur hjá fólki á svæðinu. „Það er virkilega gaman að taka þátt í verkefni sem allir eru jákvæðir fyrir. Það eina sem hefur skyggt á er að bílaleigur hræða fólk frá að keyra um svæðið.“ *- gun*



**●GENGIÐ Á SÓLHEIMAJÖKUL** Gönguferðir upp á Sólheimajökul eru meðal ferða sem Íslenskir fjallaleiðsögumenn bjóða upp á en Sólheimajökull er einn aðgengilegasti skriðjökull landsins. Í göngunum gefur að líta öskulög síðustu alda, auk nýrrar ösku úr Eyjafjallajökli. Í upphafi ferðar er farið yfir notkun brodda og ísaxa og skulu ferðalangar klæða sig vel. Alls tekur ferðin 10 tíma. Sjá www.fjallaleidsogumenn.is.



Byggða- og samgöngusafnið á Skógum er eitt vinsælasta byggðasafn landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fjörugt menningarlíf

Fjörugt menningarlíf er í Rangárþingi eystra, að sögn Guðlaugar Svansdóttur oddvita. Meðal annars stendur yfir útiljósmyndasýningin 860 + á Hvolsvelli, sem stendur fram á haust. Njálusýningin á Sögusetrinu á Hvolsvelli laðar til sín gesti en nýlega var leiðsögn fyrir börn bætt við dagskrána. Málverkasýning er líka í gangi í Galleríi Ormi, sem staðsett er í Sögusetrinu, eftir Sigrúnu Jónsdóttur listakonu á Ásvöllum.

„Í Sögusetrinu er líka Kaupfélagssafnið okkar þar sem hægt er að rifja upp gamla tíma en til sýnis eru munir frá kaupfélagstímanum," útskýrir Guðlaug. Hún segir einnig Byggða- og samgöngusafnið á Skógum vinsælt af ferðamönnum. „Þangað koma á bilinu 40 til 50.000 gestir árlega. Þar er líka kaffihús inni í samgöngusafnshlutanum. Svo er Kaffi Eldstó nýtt kaffihús í gamla pósthúsinu á Hvolsvelli og þar eru uppi teikningar eftir Katrínu Óskarsdóttur. Eins er ljósmyndasýning Drafnar Freysdóttur frá Djúpavogi í matsalnum í Smáratúni í Fljótshlíð, svo hér er mikið um að vera," segir Guðlaug.

Laugardaginn 24. júlí verður hjólreiðahátíð á Hvolsvelli og götugrill um kvöldið. Þá helgi er hátíðin Veltingur á Kaffi Langbrók í Fljótshlíð. „Með haustinu verður Kjötsúpuhátíð, þar sem allir fá kjötsúpu. Á næsta ári er svo 1.000 ára afmæli Brennu-Njálssögu og er undirbúningur hafinn fyrir þá hátíð." Nánar á www.hvolsvollur.is og Facebook. *- rat*

# Neyðarskýli gert upp

„Þetta er gamalt neyðarskýli frá Slysavarnafélagi Íslands," segir Ingibjörg Eiríksdóttir, stjórnarmaður í félaginu Fótspor í Skaftárhreppi. „Neyðarskýlið var reist á grunni fyrsta kaupfélagsins á svæðinu."



Neyðarskýlið er staðsett við Skaftárós á Meðallandsfjöru. MYND/INGIBJÖRG EIRÍKSDÓTTIR

Fyrsta verkefni félagsins Fótspora - félags um sögu og minjar í Skaftárhreppi, sem stofnað var á haustmánuðum á síðasta ári, var að hlúa að gamla neyðarskýlinu við Skaftárós. Húsið var gert upp og þar var sett upp sýning um menningar-, verslunar- og björgunarsögu þess. „Þarna er í dag það sem kallað er á ferðamannamáli köld gestastofa," segir Ingibjörg.

Neyðarskýlið er staðsett við Skaftárós á Meðallandsfjöru. Farið er frá Syðri-Steinsmýri en leiðin krefst þess að fólk sé á góðum jeppum „Fyrir það fyrsta er mikið ævintýri að keyra þarna niður eftir því fara þarf yfir sandfláka með melgresiskollum, mjög sérstakt landslag. Öræfajökullinn er á aðra hönd og Atlantshafið eins og það leggur sig fram undan við svarta sandströndina," segir Ingibjörg. Hægt er að kaupa akstur frá Kirkjubæjarklaustri að neyðarskýlinu. *- mmf*

# Dagsferðir með leiðsögn

Á bænum Geirlandi hafa hjónin Erla Ívarsdóttir og Gísli Kjartansson rekið sveitahótel samhliða fjárbúskap í tuttugu ár. Í sumar bættu þau ferðum með leiðsögn um nágrennið við þjónustuna.

„Við bjóðum upp á dagsferðir í hellaskoðun þar sem skoðaðir eru þrír til fjórir hellar og gengið að tignarlegum fossi í Hverfisfljóti," segir Gísli. „Við leggjum af stað klukkan 9 að morgni og komum til baka um 18, eftir því hvernig gengur og viðrar." Nesti, hjálma og ljós útvegar Gísli til ferðarinnar en hann mælir með því að fólk mæti í gönguskóm og með vettlinga.

Einnig eru farnar dagsferðir inn að Langasjó. Þá er ekið frá Kirkjubæjarklaustri inn að Langasjó og stoppað á leiðinni meðal annars í Hólaskjóli og fossinn í ánni Ófæru skoðaður og Eldgjá. Gísli segir útsýnið einstakt í góðu veðri. „Ekið



Erla Ívarsdóttir rekur Hótel Geirland ásamt manni sínum, Gísla Kjartanssyni.

er alveg fram á brún þar sem hægt er að horfa yfir Skaftána og hraunið, hvernig það hefur runnið úr Lakagígum. Svo er ekið niður með Skælingum sem er mjög falleg leið og mikið útsýni. Það eru ekki miklar göngur í þessari ferð svo hún er mjög fjölskylduvæn og fólk er óskaplega ánægt með ferðirnar það sem af er sumri."

Heimasíða hótelsins er www.geirland.is. *- rat*

HOSTELLING INTERNATIONAL

Þórsmörk
-einstök náttúruperla


Ljósmyndin er tekin 14. júlí 2010





Hefur þú komið í Mörkina í sumar?

Komið í Húsadal og upplifið þessa náttúruperlu í aðeins 150 km fjarlægð frá Reykjavík. Þórsmörk er ævintýraland náttúruunnenda með endalausum möguleikum og af Valahnjúk er einstakt útsýni yfir gosstöðvarnar á Fimmvörðuhálsi og Eyjafjallajökli.

Fjölbreytt gisting
Í Húsadal er fjölbreytt gistiaðstaða fyrir einstaklinga og hópa til styttri eða lengri dvalar. Tveggja manna herbergi, smáhýsi og skála auk þess sem gott tjaldsvæði er í boði.

Frábær aðstaða
Það eru komin sjö ár síðan Atlanta-dúóið OutKast sendi síðast frá sér plötu, ef við undanskiljum kvikmyndatónlistarplötuna Idlewild sem kom út 2006. Þeir André Benjamin (André 3000) og Antwan Patton (Big Boi) eru að sögn farnir að huga að nýrri plötu þó að enn sé alls óvíst hvenær hún muni líta dagsins ljós. Það er gleðiefni þar sem OutKast náði á sama tíma að vera framsækin og hugmyndarík og senda frá sér smelli sem náðu til fjöldans.



En OutKast aðdáendur hafa aðra ástæðu til að gleðjast þessa dagana þar sem annar helmingur dúósins, Big Boi, var að senda frá sér fyrstu sólóplötu sína. Hún heitir Sir Lucious Left Foot: The Son of Chico Dusty og er búin að vera í smíðum síðan 2007. André hefur alltaf verið talinn mikilvægari og hæfileikaríkari helmingur OutKast, en Big Boi sýnir það og sannar á nýju plötunni að hann gefur félaga sínum lítið eftir. Platan er frekar létt og skemmtileg, en líka tónlistarlega fersk og fjölbreytt. Og Big Boi á stórleik sem rappari.

Á plötunni er fullt af gestaröddum, en þó ekki rödd André 3000. Plötufyrirtæki OutKast, LaFace, sagði þvert nei við því að rödd hans fengi að heyrast á plötunni sem Def Jam gefur út. Þarna eru m.a. T.I., Sleepy Brown, Jamie Foxx, B.o.B., Too Short og fönkfaðirinn sjálfur, George Clinton. Nafnið á plötunni hljómar eins og þetta gæti verið þemaplata sem segði sögu Luciousar Left Foot, en svo er þó ekki. Lucious er einfaldlega Big Boi sjálfur og Chico Dusty er faðir hans, en hann lést um það leyti sem Big Boi hóf vinnu við plötuna.

**0** Plötur sem Bítlarnir gáfu út eftir að John Lennon gaf út sólóplötuna Imagine árið 1971.

**1** Plötur sem Radiohead hefur gefið út eftir að söngvarinn Thom Yorke gaf út sólóplötu árið 2006.

**2** Plötur sem Take That hefur gefið út án Robbie Williams eftir að hann yfirgaf hljómsveitina árið 1995.



**EINN Á FERÐ** Brandon Flowers sendir frá sér fyrstu sólóplötu sína í september.

# Verður sólóplata Brandons Flowers banabiti Killers?

**Brandon Flowers tilkynnti um útgáfu sólóplötu sinnar á vefsíðu The Killers. Þýðir það að hann sé að taka við af hljómsveitinni? Er The Killers hætt? Örugglega ekki, en miklu púðri hefur engu síður verið varið í sólóplötu Flowers sem kemur út í september.**

Síðasta ár var stórt hjá Brandon Flowers og félögum í The Killers. Hljómsveitin fylgdi eftir plötunni Day & Age sem kom út seint árið 2008 og festi sig í sessi sem ein af stærstu rokkhljómsveitum heims. Ekki virtist þó allt með felldu því orðrómur um endalok hljómsveitarinnar var lífseigur og einnig sú staðreynd að Flowers, söngvari The Killers og aðaltalsmaður, byrjaði að vinna að lögum á fyrstu sólóplötu sína. Hún hefur hlotið nafnið Flamingo og kemur út í september.

Í sumar sendi Flowers frá sér fyrsta lagið af sólóplötunni, poppslagarann The Crossfire. Lagið og hljómur þess svipar til þess sem The Killers gerði á síðustu plötu. Bassaleikurinn er léttleikandi og hljómborð eru áberandi. Þá er viðlagið afar dramatískt. Allt eru þetta sömu fingraför og Flowers hefur skilið eftir á lögum The Killers – eini munurinn er sá að nú er hann einn í forgrunni.

Brandon Flowers hefur ekki gefið upp hvaða hljóðfæraleikarar spila undir með honum á plötunni fyrir utan Ronnie Vannucci trommara The Killers. Leiða má líkur að því að hann leiki sjálfur á bassa og hljómborð, enda liðtækur á þeim sviðum. Þessar vangaveltur gætu alveg eins verið út í bláinn. Flowers fékk með sér stór nöfn til að stýra upptökum á plötunni, meðal annars þá Stuart Price, Daniel Lanois og Brendan O'Brien. Price hefur unnið með Madonnu og vann síðustu plötu The Killers með hljómsveitinni. Lanois hefur unnið með Bob Dylan og U2 á meðan O'Brien hefur unnið með Pearl Jam og Bruce Springsteen – sem Flowers lítur upp til í sköpun sinni.

Mikið púður er lagt í markaðssetningu á sólóplötu Brandons Flowers, en hann hefur ekki upplýst hvort hann fylgi plötunni eftir með tónleikaferðalagi. Sú staðreynd að Flowers notaði vefsíðu The Killers til að tilkynna útgáfu sólóplötunnar lét menn velta vöngum yfir framtíð hljómsveitarinnar. Er The Killers hætt og hann að taka við? Flowers sló á þessar vangaveltur í sumar þegar hann sagði félagana vera byrjaða að spjalla um nýja plötu og hvenær hún yrði tekin upp. Það lítur því ekki út fyrir að sólóplata söngvarans geri útaf við hljómsveitina.

atlifannar@frettabladid.is






# Bona Drag endurútgefin

Útgáfurisinn EMI hyggst gefa út endurnýjaða útgáfu af plötunni Bona Drag með Morrissey í lok september. Platan kom út árið 1990 og innihélt fyrstu smáskífulög og B-hliðar söngvarans.

Morrissey hefur veitt útgáfunni blessun sína og verður platan gefin út á geisladiski og tvöföldum vínyl. Sex óútgefin lög frá níunda áratugnum verða á plötunni og umslagið verður betrumbætt.

Á meðal laga á plötunni eru November Spawned a Monster, Everyday Is Like Sunday, Yes, I Am Blind og Suedehead.



Morrissey sendi síðast frá sér nýtt efni í fyrra þegar hann gaf út plötuna Years of Refusal. Hann er nú ekki samningsbundinn útgáfufyrirtæki og óvíst er hvenær plata er væntanleg.

**NÝTT GAMALT** Sex ný gömul lög verða á endurútgáfu Bona Drag með Morrissey.


NÚ ER KÁTT Í HÖLLINNI
RISA
MARKAÐUR
Í LAUGARDALSHÖLLINNI
TÓNLIST - DVD - BÆKUR
Vörur frá kr. 299
KR. 499
KR. 999
KR. 499
KR. 799
KR. 799
KR. 999
KR. 999
KR. 499
KR. 499
KR. 499
KR. 499
KR. 499
KR. 499
KR. 999
KR. 1299
KR. 999
KR. 799
KR. 999
KR. 999
KR. 799
KR. 599
KR. 599
Þúsundir titla í boði
Nýjar vörur daglega
OPIÐ 11 - 19 ALLA DAGA VIKUNNAR

> VÆNTANLEG Í BÍÓ Á NÝ

Leikkonan **Ellen Page,** sem skaust upp á stjörnuhimininn sem ólétti unglingurinn í Juno, leikur í nýrri mynd eftir leikstjórann Christopher Nolan. Kvikmyndin ber heitið Inception og er leikarahópurinn leiddur af Hollywood-stjörnunni Leonardo DiCaprio. Kvikmyndin Inception er væntanleg í íslensk kvikmyndahús í næstu viku.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Geimtryllir með ófreskjum og hasar

Kvikmyndin Predators var frumsýnd í bíóhúsum borgarinnar í vikunni en hún mun vera hasarmynd þar sem geimverurnar og illmennin Predators hafa stórt hlutverk. Þetta er fjórða myndin um illmennin en þau komu fyrst fyrir sjónir almennings árið 1987 í myndinni The Predators.

Myndin er um fyrrverandi hermanninn og nú málaliðann Royce, leikinn af Adrian Brody, sem villist í frumskógi án þess að muna hvernig hann komst þangað. Þar hittir hann hóp af alls konar fólki sem einnig hefur ekki hugmynd hvernig það endaði í skóginum.

Á leið sinni um frumskóginn til að leita hjálpar rekast þau á ýmiss konar hindranir og uppgötva að þau eru lent í heimi geimvera þar sem þau eru hluti af leik kattarins að músinni, geimverur á móti manneskjum.

Leikarinn Adrian Brody þurfti að þyngjast um 12 kíló og bæta á sig töluverðum vöðvamassa fyrir myndina og hefur hann lýst yfir áhuga sínum á að taka að sér fleiri hasarhlutverk. Brody er aðallega þekktur fyrir að fara með dramahlutverk í myndum eins og The Pianist.

Predators hefur fengið misjafna dóma. Sumir segja hana verðugan fulltrúa upphaflegu myndarinnar meðan aðrir gagnrýnendur vestanhafs telja hana klisjukennda.



**PREDATORS** Geimtryllir með alvöru illmennum.



**JAMES CAMERON** Sagði leikurum sínum að þeir mættu ekki búast við því að fá Óskarstilnefningu og að þeir ættu ekki að vera svekktir. NORDICPHOTOS/GETTY

## Bjóst ekki við Óskarsverðlaunum

**Leikstjórinn James Cameron segist hafa sagt við leikarahópinn sinn í myndinni Avatar að búast ekki við tilnefningu til Óskarsverðlauna. Avatar var tilnefnd til níu verðlauna á hátíðinni, sem fór fram í byrjun árs, meðal annars fyrir bestu leikstjórn og mynd ársins en engin fyrir leik í myndinni. Zoe Saldana og Sam Worthington léku aðalhlutverkin og Cameron segist vera viss um að ef myndin hefði ekki verið tölvugerð að hluta, hefðu þau bæði fengið tilnefningu fyrir leik sinn.**

**Avatar var aðsóknarmesta mynd síðasta árs í bíóhúsum og er talin hafa brotið blað í kvikmyndasögunni.**

# Græni risinn og grái fiðringurinn

**Þá er græna tröllið Shrek mætt aftur í bíóhús landsins í öllu sínu veldi og meðal annars í þrívídd. Kvikmyndin Shrek sæll alla daga eða Forever after á frummálinu er fjórða myndin í röðinni um ævintýri tröllsins, stígvélaða kattarins, asnans og prinsessunnar Fionu. Myndin var frumsýnd í íslenskum bíóhúsum í gær.**

Shrek er leiður á lífinu, leiður á því að vera alltaf glaður og óskar þess að geta verið frjáls í einn dag. Svona eins hann var í gamla daga. Áður en hann varð konungborinn, faðir og gift tröll. Tröll sem gat verið einn í kofanum sínum upp í fjalli. En bara í einn dag. Þá kynnist hann illmenninu Rumpelstiltskin sem fær hann til að skrifa undir samning, sem gerir það að verkum að Shrek fer í annan heim. Veröld þar sem Rumpelstiltskin er konungur í ríkinu og tröll eru eftirlýst. Vinur hans asninn man ekki eftir honum, Fiona er honum ókunnug og stígvélaði kötturinn er orðinn feitur. Eitthvað verður Shrek að gera til að endurheimta líf sitt og komast aftur til síns heima, sem var ekki svo slæmt eftir alltsaman.



**LEIÐUR Á LÍFINU** Í fjórðu myndinni um tröllið Shrek er hann kominn með gráa fiðringinn og vill flýja heimilið í einn dag.

### Handritshöfundurinn í hlutverk

Handritshöfundurinn og teiknarinn **Walt Dohrn** var fenginn til að lána illmenninu Rumpelstiltskin rödd sína. Walt Dohrn skrifaði meðal annars handritið að Shrek 3 og hefur einnig unnið við að teikna Shrek og teiknimyndirnar um Svamp Sveins. Á öllum fundum þar sem teiknararnir voru að fara yfir handritið og teikna senurnar var hann látinn tala fyrir Rumpelstiltskin. Enginn komst með tærnar þar sem hann var með hælana í að túlka illmennið og var handritshöfundurinn því ráðinn sem rödd persónunnar í hópinn með frægu leikurunum.



Þessi fjórða mynd hefur fengið misjafna dóma. Sumir gagnrýnendur telja hana vera með betri myndum í Shrek seríunni á meðan aðrir segja að það sé eins gott að ævintýrum græna tröllsins sé loksins lokið. Í New York Post fær myndin slæma útreið og gagnrýnandinn segir að fata af ösnum sé fyndnari en myndin. Hann setur út á handritið og segir söguþráðinn vera slappan og útþynntan. Myndin fær eina stjörnu af fjórum. Los Angeles Times er mun jákvæðara í garð myndarinnar. Gagnrýnandinn segir að grái fiðringurinn fari Shrek vel og að þessi mynd sé mun betri en Shrek 3. Illmennið Rumpelstiltskin er talinn koma með ferskan blæ inn í annars vel þekktan hóp af teiknuðum karakterum og Mike Myers er sagður fara enn og aftur á kostum sem Shrek. Myndin fær 70 stig af 100 mögulegum á Meta Critic síðunni.

Það er úrvalslið leikara sem talar fyrir teiknimyndapersónurnar, en þau Mike Myers og Cameron Diaz lána Shrek og prinsessunni Fionu rödd sína. Spænski sjarmörinn Antonio Banderas er stígvélaði kötturinn og Eddie Murphy talar fyrir asnann. Einnig lána fleiri valinkunnir leikarar rödd sína til dæmis Julie Andrews, John Cleese og Katy Griffin.

alfrun@frettabladid.is



Ertu klár fyrir Verslunarmannahelgina?



# MÉR FINNST RIGNINGIN GÓÐ



~20%

afsláttur

af léttum sjófatnaði fyrir Verslunarmannahelgina

66° NORÐUR



REGNSTAKKUR

Verð: 1.950 kr.



LÉTTAR SMEKKBUXUR

Verð nú: 6.500 kr.



REGNSTAKKUR

Verð: 1.950 kr.

## FRIGG

SJÓSTAKKUR

Litir

Verð nú: 7.000 kr.



Léttir sjóstakkar allir litir (~20% afsláttur)

66° NORÐUR

## GLYMUR

SVEFNPOKI

Verð: 9.500 kr.



Góður fibre svefnpoki sem þolir -12°C. Þyngd: 2530 g.

66° NORÐUR

## ÞÓR

GÖNGUTJALD

Verð: 25.200 kr.



Gott tveggja manna göngutjald með 5000 mm vatnsheldni. Þyngd: 2000 g.

66° NORÐUR

66north.is

Þessar vörur verða seldar á Útsölumarkaði í Faxafeni 12

Sumarleikur á Facebook

> Í FYLGD HUNDSINS

Söngkonan Carrie Underwood gekk í það heilaga með íshokkíleikmanninum Mike Fisher fyrir stuttu. Brúðkaupið var látlaus og fallegt að ósk brúðarinnar en það var eitt atriði sem vakti athygli gestanna því Underwood gekk inn kirkjugólfið í fylgd Chiuhuahua-hvolpsins síns sem heitir Ace. Hundurinn fékk sérsaumaðan bleikan hundasmóking þakinn Swarovski-kristöllum í tilefni dagsins.



**Fólk**
folk@frettabladid.is

# Dansandi Hallgerður langbrók

„Ég, Snædís, Katrín og Saga ákváðum að prófa að vinna saman að verki þar sem við höfðum allar unnið sem sjálfstætt starfandi danshöfundar í sjálfstæðum verkum. Við tókum eiginlega ákvörðun um að vinna með kvenskörunga Íslandssögunnar því við erum allar mjög ákveðnar sjálfar og því fannst okkur gaman að túlka þessar merku konur," segir Sigríður Soffía Níelsdóttir danshöfundur.

Sigríður Soffía, eða Sigga Soffía eins og hún er kölluð, skipar Dansfélagið Krummafót ásamt þremur öðrum vinkonum sínum þeim Katrínu Gunnarsdóttur, Snædísi Lilju Ingadóttur og Sögu Sigurðardóttur. Stúlkurnar, sem allar eru lærðir dansarar og danshöfundar, stofnuðu dansfélagið formlega í síðustu viku og vinna nú að fyrsta verki sínu saman. Verkið fjallar um kvenskörunga Íslandssögunnar eins og til að mynda Bergþóru Skarphéðinsdóttur, Hallgerði langbrók og Helgu fögru. Stúlkurnar hafa fengið fjölbreyttan hóp listamanna með sér í lið til að gefa verkinu betri mynd. Ólafur Jósepsson betur þekktur sem Stafrænn Hákon sér um tónsmíðar fyrir verkið, Ingibjörg Sigurjónsdóttir sem er nýútskrifuð af listabraut, sér um leikmyndina og Nína Óskarsdóttir hannar búninga.

„Það er mikið búið að tala um útrásarvíkinga upp á síðkastið og okkur fannst kominn tími til að sjá almennilega kvenskörunga á sviði," segir Sigga Soffía.

Verkið verður sýnt á Reykjavík Dance Festival í september. - ls



**DANSFÉLAGIÐ KRUMMAFÓTUR** Nína, Sigga Soffía, Snædís, Katrín, Saga, Ingibjörg – og fyrir framan er Ólafur eða Stafrænn Hákon.

# Sér eftir Tommy

Kynbomban Pamela Anderson segist enn hugsa til endaloka hjónabands síns og rokkarans Tommy Lee með svolítilli eftirsjá. „Ég hef verið miður mín síðustu fimmtán árin vegna skilnaðarins, aðallega vegna strákanna. Ég held ég hafi bara fest mig við hvern þann sem vildi stofna fjölskyldu með mér, en karlmennirnir sem ég laðaði að mér voru ekki draumaprinsinn sem ég hafði ímyndað mér. Nú vil ég heldur vera ein og hugsa um strákana mína. Kannski kynnist ég manni, ef ekki þá munu strákarnir sjá um mig í ellinni," sagði fyrrum Baywatch-stúlkan en hún á synina Brandon Thomas og Dylan Jagger með Tommy Lee. Hún segir syni sína ekki eyða miklum tíma með föður sínum en vonar að það muni breytast í framtíðinni. „Ég held þeir muni eyða meiri tíma með honum þegar þeir eldast. Tommy verður sextán ára að eilífu en hann eyðir eins miklum tíma með þeim og hann getur. Ég hef sætt mig við það að samband okkar er það sem það er," sagði Anderson döpur í bragði.



**SÉR EFTIR TOMMY** Pamela Anderson segist enn sjá eftir skilnaðinum við Tommy Lee. NORDICPHOTOS/GETTY

# Brjálaður Gibson

Fleiri upptökur þar sem Mel Gibson heyrist öskra og hóta kærustu sinni, rússnesku tónlistarkonunni Oksönu Grigorievu. Eftir að upptökurnar komu fram í dagsljósið hefur leikarinn ekki átt sjö dagana sæla og hefur umboðsskrifstofa hans meðal annars sagt honum upp og búið er að fresta útgáfu nýrrar kvikmyndar hans um óákveðinn tíma.

Á nýrri upptöku heyrist Gibson meðal annars hóta Grigorievu lífláti og segir hana hafa átt það skilið þegar hann sló hana eitt sinn. „Ég yfirgaf konu mína því við áttum ekki saman. Þú og ég eigum ekki saman og þú reynir ekki einu sinni," öskrar Gibson á kærustuna. Þegar hún segist ætla að hringja á lögregluna espast hann enn frekar. „Hvað segirðu? Þú ert í mínu húsi. Ég mun grafa þig undir rósarunna einn daginn. Skilurðu það? Ég mun gera það því ég get það."



**REIÐUR** Mel Gibson er búinn að klúðra farsælum ferli sínum innan kvikmyndabransans. NORDICPHOTO/GETTY


ERTU AÐ FARA Í SUMARFRÍ?

Þú getur afpantað Fréttablaðið á meðan þú ert að heiman.
Hafðu samband í grænt númer 800-1177 eða sendu póst á netfangið dreifing@posthusid.is

Pósthúsið

FRÉTTABLAÐIÐ

Pósthúsið ehf. annast dreifingu Fréttablaðsins, nánari upplýsingar á www.visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...


# PREDIKARASONUR SEGIR FRÁ LÍFI SÍNU Á NÝRRI PLÖTU

**Sigurður Laufdal tónlistarmaður er tilbúinn með nýja plötu sem kemur með haustinu. Sigurður er meðal annars þekktur fyrir þátttöku sína í raunveruleikaþættinum Bandinu hans Bubba fyrir tveimur árum og sem sonur Ómega-predikarans Guðlaugs Laufdal.**



**SIGURÐUR LAUFDAL** Er tilbúinn með nýja plötu sem ber nafnið Barn síns tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þessi plata er eiginlega ég að segja frá síðustu tíu árum í mínu lífi með tónlistinni," segir Sigurður og bætir við að hann sé mikill unnandi ljóðlistar og semji mikið í tómstundum. Platan, sem ber heitið Barn síns tíma, er hans aðferð til að koma ljóðunum frá sér. Sigurður semur tónlistina og textana sjálfur.

Sigurður er gítarleikari en við gerð plötunnar fékk hann góða menn til liðs við sig. Þetta er fyrsta platan sem hann gefur út en Sigurður vakti athygli árið 2006 fyrir lagið Í frelsarans nafni þar sem hann notaði sín eigin orð til að túlka Biblíuna. Vakti það einna helst athygli vegna þess að faðir hans er Guðlaugur Laufdal sem predikar Guðs orð á sjónvarpsstöðinni Ómega með gítarinn við hönd. Það lag er samt ekki að finna á plötunni.

„Það má eiginlega segja að ég semji eitt lag á ári en á plötunni eru ellefu lög," segir Sigurður og segir að þau fjalli öll um hluti sem hann hefur lent í og karaktera sem hann hefur hitt á seinustu tíu árum. Sjómennskuna sem fór illa í hann og ástina sem hann hefur upplifað. „Ég er með margar góðar sögur. Eitt lagið er til dæmis til Bubba Morthens. Það lag heitir Grafhýsi frægðarinnar en það sagði Bubbi við mig þegar hann rak mig úr öðrum þætti seríunnar. Hann ætlaði að setja mig í grafhýsi frægðarinnar og sagði að ég væri bara lítill sætur strákur í leðurbuxum í fjölmiðlum eftir á," segir Sigurður og bætir við að hann sé nú ekkert ósáttur við Bubba. Hann vilji samt sýna Bubba að það sé meira í hann spunnið en það sem kom fram í þáttunum.

„Ég vil að aðrir geti tengt sig við það sem ég er að semja og syngja um," segir Sigurður að lokum.

alfrun@frettabladid.is

# Opnunarhátíð á Faktorý bar

„Við Arnar vorum búnir að vera með þessa hugmynd í maganum í þónokkuð langan tíma. Okkur langaði að opna svona múltí-funktíonal stað og þetta húsnæði býður svo sannarlega upp á það," segir Villý Þór Ólafsson, einn eigenda Faktorý bars.

Villý ásamt félögum sínum, Arnari Fells Gunnarssyni og Birki Birni Haukssyni, eru eigendur nýs skemmti- og tónleikastaðar í miðbænum, Faktorý Bar, þar sem Grand rokk var áður. Félagarnir eru allir nýgræðingar í rekstri á skemmtistað. Nú um helgina verður haldin þriggja daga opnunarveisla þar sem mikil gleði og glaumur verður alla dagana.

Í kvöld ætlar Benni Hemm Hemm að halda smá útgáfutónleika og ætla meðlimir í hljómsveitinni Retro Stefson að spila með honum. Á morgun verður það hljómsveitin Hjálmar sem ætlar að stíga á svið ásamt gestaleikurum og eftir það ætlar Biggi Maus að þeyta skífum fram á nótt. Það er síðan á laugardaginn sem Mammút, Agent Fresco, Feldberg og Two Tickets to Japan ætla að skemmta. Frítt verður inn á alla þessa gleði nema Hjálma á morgun og kostar 1.500 krónur það kvöld.

„Við erum búnir að vera með opið síðustu tvær helgar en það var til að athuga hvort dælurnar virkuðu ekki og hvernig húsið bæri okkur. Nú opnum við af alvöru," segir Villý. Staðurinn verður svipaður í anda og Grand rokk, sem áður var í þessu húsi, nema í nútímalegri búningi og með það í huga að yngja aðeins upp aðsóknarhópinn. Félagarnir hafa stórar hugmyndir um staðinn og má nefna minni leiksýningar og kvikmyndasýningar sem dæmi um hvað verður á dagskrá á staðnum. Svokallað leikherbergi verður sett upp með billjardborði, poolborði, pókerborði og fótboltaspili sem opið verður á daginn. Auk þess eru stækkanir á teikniborðinu en þó ekki þannig að staðurinn missi sjarma sinn.

„Í sumar verður afgreiðslutíminn frá hádegi alla daga og verður það svo endurskoðað í vetur. Allt fyrir eldhús er til staðar í húsinu þannig að smá matseðill verður sennilega einn daginn. Húsið býður upp á svo mikla möguleika þannig að við erum með endalausar hugmyndir," segir Villý spennt- ur fyrir framhaldinu. - ls



**VILLÝ, ARNAR OG BIRKIR** Félagarnir eru með stórar hugmyndir og eru spenntir fyrir því sem koma skal

NÝTT KORTATÍMABIL

# Sumarútsala

Allt að 70% afsláttur af völdum vörum

Enn meiri verðlækkun

Rýmum fyrir nýjum vörum

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

fókus

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

# Sveik vinkonu sína



Leikkonan Jennifer Aniston sást nýverið á stefnumóti með óþekktum manni, sem er nú sagður vera leikari að nafni Christopher Gartin. Gartin þessi er tveggja barna faðir og fyrrum eiginmaður vinkonu Aniston, Joanne Gartin, sem er einnig góð vinkona Courteney Cox. „Þetta vekur ekki áhuga minn. En það er satt, Jennifer hefur verið vinkona mín í yfir tíu ár. Við höfum þekkt hvor aðra lengi,“ sagði Joanne Gartin þegar hún var spurð út í samband Aniston og fyrrum eiginmanns síns.

Samkvæmt heimildarmanni er nokkur kuldi á milli Joanne og Aniston um þessar mundir, eins og gefur að skilja. Talsmaður Aniston hefur staðfest að leikkonan hafi hitt Christopher nokkrum sinnum og snætt með honum kvöldverð en neitaði að segja nokkuð um hvort þau væru par.

**NÝR KÆRASTI?** Jennifer Aniston er sögð vera að hitta fyrrum eiginmann góðrar vinkonu sinnar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Grennast saman

**Demi Moore og eiginmaður hennar, leikarinn Ashton Kutcher, hafa ákveðið að setja heilsuna í fyrsta sæti og eru nú á sérstökum kúr sem á að bæta heilsuna. Kúrinn samanstendur af mikilli hreyfingu og safa búnum til úr sítrónu, cayenne pipar og sýrópi.**

**Moore deildi þessum upplýsingum með aðdáendum sínum í gegnum Twitter-síðu sína. „Annar dagur í hreinsuninni og við hjónin ætlum í fjallgöngu með hundana. Þessi dagur er betri en sá fyrsti. Þetta er allt fyrir heilsuna,“ sagði hin unglega leikkona á síðu sinni.**



**SAMAN Í DETOX** Demi Moore og Ashton Kutcher gera allt saman, líka detox.

# Myndaði Ísland úr hliðarrúðum hópferðabíla

**Ljósmyndarinn Svavar Jónatansson tók yfir 200.000 myndir á ferðalögum sínum í kringum landið. Hann setti saman tvö myndbönd úr myndunum og hefur gefið þau út á DVD.**



**SVAVAR JÓNATANSSON** Gefur út mynddisk með myndböndum sem gerð eru úr ljósmyndum sem hann tók á ferð sinni um landið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Ég fékk þessa hugmynd upprunalega þegar ég keyrði hringinn í kringum landið á mótorhjóli árið 2004. Á ferðalaginu velti ég fyrir mér myndatöku af landinu og hvernig best væri að framkvæma það. Það var svo ekki fyrr en árið 2007 sem ég sá vöruflutningabíl og datt í hug að nota þá og rútur til að keyra með og taka myndir út um hliðarrúðuna,“ segir Svavar Jónatansson, 28 ára ljósmyndari.

Svavar gefur út DVD disk nú í vikunni sem sýnir vinnu hans síðastliðin 3 ár. Hann ferðaðist með áætlunarbílum um hringveg 1 og tók myndir út um hliðarrúðuna. Það voru fyrirtækin Austfjarðaleið, Flytjandi, Kask, Landflutningar, Netbus, Sba-Norðurleið og Sterna sem leyfðu Svavari að sitja þessi ár á meðan hann safnaði myndunum. Um er að ræða hátt í 200.000 myndir sem teknar eru á mismunandi árstíðum og í mismunandi veðurfari. Af þessum fjölda hefur hann valið um 40.000 myndir sem hann hefur sett saman í tvö 43 mínútna löng myndbönd ásamt aukaefni og gefið út DVD diski. Hann fékk söngvarann Daníel Ágúst Haraldsson til að semja tónverk sem spilast undir þessari myndrænu keyrslu.

„Myndböndin fela í sér óslitna keyrslu þar sem árstíðaskiptingar og veðurbreytingar eiga sér stað á fáeinum sekúndum,“ segir Svavar. Í aukaefninu fá sérvaldir staðir á landinu ítarlegri yfirferð og sýnir Svavar breytileika ýmissa kennileita eftir veðri og birtu og má þar nefna Baulu, Esjuna, Vatnajökul, Hafnarfjall, Eyjafjöll og fleiri staði.

Svavar sýndi stækkaðar myndir og hluta úr verkinu á Vetrarhátíðinni í Höfn í Hornafirði en hann vann verkið einmitt þar líka. Í maí var honum, ásamt Daníel Ágústi, boðið að koma með verkið til Winnipeg í Kanada. Verkið fékk mjög góðar viðtökur þar og var þeim sýndur mikill áhugi. Einkum af Vestur-Íslendingum sem þekkja til sögu forfeðra sinna og gátu séð heimahaga þeirra í verkinu. „Það er mjög mikið atriði fyrir mig að sýna verkið hér heima líka og er ég að einbeita mér að því að það verði að raunveruleika,“ segir Svavar.

Framhaldið hjá Svavari er síðan að mynda þá hluta landsins sem eru ekki á hringveginum eins og til að mynda Snæfellsnes og Reykjanes, en um þessar mundir er hann byrjaður á Snæfellsnesinu. Heimasíða verkefnisins er www.inlandoutland.com þar sem hægt er að sjá myndir Svavars og brot úr myndböndunum. linda@frettabladid.is

# Shiloh vill vera eins og strákarnir

Leikkonan Angelina Jolie hefur verið á forsíðum ófárra tímarita undanfarið og veitt þó nokkur persónuleg viðtöl, en þetta er gert til að kynna nýjustu mynd hennar, Salt. Í nýju viðtali við tímaritið Vanity Fair ver Jolie fatastíl dóttur sinnar. „Mér finnst Shiloh heillandi og valkostirnir sem hún velur sér einnig. Ég vil ekki vera foreldri sem þvingar barn sitt til að klæðast einhverju sem því líður illa í. Það finnst mér slæmt uppeldi. Börn ættu að fá að tjá sig á hvern þann hátt sem hentar þeim og án þess að við, fullorðna fólkið, dæmum þau fyrir það. Við erum of gjörn á að dæma fólk og setja það í flokka,“ sagði leikkonan og bætir við að dóttir sín vilji helst klæðast íþróttagöllum og vilji líkjast bræðrum sínum í einu og öllu.



**LANGT Í LAND** Angelina Jolie segir fólk of gjarnt á að setja hvert annað í flokka. NORDICPHOTOS/GETTY

# Meiddist á tónleikum

**Söngvarinn Jon Bon Jovi meiddist á kálfa á tónleikum með hljómsveit sinni Bon Jovi í heimaborg sinni New Jersey. Hann lét það ekki á sig fá og lauk tónleikunum, þrátt fyrir að hafa þurft að haltra um sviðið. „Engar áhyggjur. Ég er ekki á leiðinni neitt annað. Ég fann kálfavöðvann fara áðan. Ég er gamall, hvað get ég sagt?“ sagði hinn 48 ára söngvari. Hann lét meiðslin heldur ekki stöðva sig á næstu tónleikum sem voru í New York og ætlar að halda ótrauður áfram að syngja það sem eftir er sumarsins.**



**BON JOVI** Rokkarinn meiddist á kálfa á tónleikum í New Jersey.


NÝTT Í BÍÓ!










SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| PREDATORS | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| PREDATORS LÚXUS | kl. 5.40 - 10.20 | 16 |
| SHREK 4 3D 3D ÍSL TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| SHREK 4 2D ÍSL TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| SHREK 4 3D ENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 - 8 | L |
| KNIGHT AND DAY | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| KNIGHT AND DAY LÚXUS | kl. 8 | 12 |
| KILLERS | kl. 10.30 | L |
| GROWN UPS | kl. 3.30 - 5.45 - 10.20 | |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| PREDATORS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| KNIGHT AND DAY | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| KILLERS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 5.45 - 10.30 | L |
| THE A TEAM | kl. 8 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| PREDATORS | kl. 8 - 10 kraftsýning | 16 |
| KNIGHT AND DAY | kl. 8 - 10 | 12 |
| KILLERS | kl. 6 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SHREK 4 ENSKT TAL 3D | 4, 6 og 8 | L |
| SHREK 4 ÍSLENSKT TAL 2D | 4 | L |
| SHREK 4 ÍSLENSKT TAL 3D | 4 og 6 | L |
| PREDATORS | 8 og 10 (POWER) | 16 |
| KNIGHT AND DAY | 5.50, 8 og 10.10 | 12 |
| THE A - TEAM | 10.10 | 12 |

SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D ísl. | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK FOREVER AFTER-3D ensku Tali | kl. 8 - 10:10 | L |
| BOÐBERI | kl. 8 - 10:10 | 14 |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 5:40 - 8:10 - 10:40 | 12 |
| TWILIGHT SAGA | kl. 3 - 5:40 - 8:10 - 10:40 | |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 10:50 | 16 |
| LEIKFANGASAGA 3 ísl. | kl. 1 - 1:30 - 3:20 - 3:40 - 5:50 | L |
| TOY STORY 3 ensku Tali | kl. 8 - 10:20 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 8 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 5:40 | 10 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |

já -er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK FOREVER AFTER-3D ensku Tali | kl. 8 - 10:10 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D M/ ísl. Tali | kl. 3:20 - 5:40 | L |
| TOY STORY 3-3D M/ ensku Tali | kl. 8 | L |
| BOÐBERI | kl. 10:20 | 14 |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D ísl. Tali | kl. 6 | L |
| SHREK FOREVER AFTER-3D ensku Tali | kl. 8 - 10 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 ísl. Tali | kl. 6 | L |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 | 12 |
| BOÐBERI | kl. 10:30 | 14 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D ísl. Tali | kl. 6 - 8 | L |
| GROWN UPS | kl. 10:10 | L |
| KILLERS | kl. 8 - 10:10 | L |
| BOÐBERI | kl. 6 | 14 |

# GULA HÚSIÐ
## FAXAFENI 8



**2.999 kr**
Fyrir 2 jakka

**1.999 kr**
Fyrir 2 buxur

**2 fyrir 1**

**2 fyrir 1** af völdum jakkafata-buxum og Jakkafatajökum.



**990 kr stk**

Vinsælu barna-reiðjakkarnir komnir aftur



**50% afsláttur**

**349 kr**
5 pör í pakka

Tennissokkar dömu og herra



**990 kr stk**

Fallegir bolir



**599 kr stk**

Dömubómullarbolir, margar gerðir

# Gæðavörur á frábæru verði
## Eitthvað fyrir alla fjölskylduna



**990 kr**

Barnabuxur



**990 kr**

Combat
Barnabuxur



**990 kr**

Bee&Bee
Dömubuxur
stærðir 48 -54



**990 kr**

Leggingsbuxur úr teygjuefni

www.gulahusid.is

Opnunartími: Mán-lau. 10:00 - 18:00, Sun. 12:00 - 17:00

## > Guðjón frá Fram til nýliða Selfoss



Hornamaðurinn Guðjón Finnur Drengsson hefur ákveðið að söðla um og ganga í raðir Selfoss. Guðjón er raunar fjölhæfur leikmaður sem getur vel spilað sem skytta eða miðjumaður. Selfoss er nýliði í N1-deild karla en Fram er eina liðið sem Guðjón hefur spilað með hér heima á löngum og giftusamlegum ferli. „Mér líst vel á það sem minn gamli félagi Sebastian Alexandersson hefur sett upp á Selfossi. Þetta verður mjög spennandi og ég kvíði því ekkert að keyra yfir heiðina í snjónum í vetur,“ sagði Guðjón léttur en hann er kærkomin viðbót við reynslulítið lið Selfyssinga sem er að mestu skipað heimamönnum.

**sport**

sport@frettabladid.is

**ALFREÐ FINNBOGASON:** LÍKT VIÐ EIÐ SMÁRA HJÁ THE SUN Í SKOTLANDI FYRIR EVRÓPULEIKINN GEGN MOTHERWELL

# *Blaðamaðurinn má eigna sér þessa samlíkingu*



„Það er gríðarleg tilhlökkun í leikmannahópnum,“ segir Alfreð Finnbogason, Bliki. Liðið mun spila sinn fyrsta leik í Evrópukeppni í kvöld þegar það mætir skoska liðinu Motherwell í annarri umferð forkeppni Evrópudeildar UEFA.

„Við erum ekki með reynt Evrópulið. Ég held að Jökull I. Elísabetarson hafi spilað Evrópuleik með KR en það skiptir svo sem ekki öllu máli. Við höfum margir hverjir spilað með yngri landsliðum Íslands og þekkjum svolítið inn á þetta umhverfi,“ segir framherjinn.

Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, sá æfingaleik Motherwell gegn Ayr United um síðustu helgi sem það vann 2-1. „Óli var með okkur á fundi áðan þar sem hann fór yfir hvernig liðið spilar. Það er auðvitað erfitt að dæma lið út frá einum leik og því vitum við ekkert nákvæmlega hvað við erum að fara út í.“

Deildarkeppnin í Skotlandi er ekki hafin á meðan Blikar eru á góði skriði heima. „Leikurinn kemur á fínum tíma fyrir okkur. Við erum búnir að vinna fjóra leiki í röð og komum fullir sjálfstrausts í leikinn. Það er margt sem vinnur með okkur en ef við mætum ekki í leikinn getum við gleymt því að komast áfram. Það er þó klárlega markmiðið,“ segir Alfreð.

Hann var í viðtali í gær við skoska útgáfu af The Sun sem er þekkt fyrir að skreyta fréttir sínar af vild. Í frétt þeirra segir meðal annars að Alfreð hafi verið líkt við Eið Smára Guðjohnsen. „Ég hef ekki heyrt það áður en hann má eigna sér það sem sá fyrsti,“ sagði Alfreð um blaðamanninn sem hringdi í hann fyrir helgi en tilkynnti ekki frá hvaða miðli hann væri. „Það var frekar spes.“

Í greininni er einnig vitnað í Alfreð þar sem segir: „Ég lít upp til Eiðs Smára.“ – „Það er fullsterkt til orða tekið hjá honum,“ segir Alfreð um úrvinnslu blaðamannsins á orðum sínum. Hann vill þó ekki sýna Eiði neina óvirðingu enda fór hann fögrum orðum um kappann í viðtalinu.

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *Pepsi-deild kvenna*

Þór/KA-Grindavík 5-0

1-0 Mateja Zver (8.), 2-0 Mateja Zver, víti (55.), 3-0 Rakel Hönnudóttir (68.), 4-0 Arna Sif Ásgrímsdóttir (80.), 5-0 Gígja Valgerður Harðar dóttir (90.+2).

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Valur** | **10** | **8** | **2** | **0** | **42-7** | **26** |
| Þór/KA | 10 | 7 | 1 | 2 | 31-11 | 22 |
| **Stjarnan** | **10** | **5** | **2** | **3** | **20-8** | **17** |
| Breiðablik | 10 | 5 | 2 | 3 | 18-14 | 17 |
| **Fylkir** | **10** | **5** | **1** | **4** | **20-15** | **16** |

### *1. deild karla*

KA-ÍA 1-1

1-0 Guðmundur Óli Steingrímsson (27.), 1-1 Hjörtur Júlíus Hjartarson (52.).

HK-Víkingur R. 2-1

1-0 Ingi Þór Þorsteinsson (57.), 2-0 Birgir Magn ússon (84.), 2-1 Sigurður Egill Lárusson (90.).

Fjarðabyggð-Þór 1-1

0-1 Ármann Pétur Ævarsson, 1-1 Fannar Árnason

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Þór** | **11** | **6** | **4** | **1** | **25-13** | **22** |
| Víkingur | 10 | 7 | 1 | 2 | 18-9 | 22 |
| **Leiknir** | **11** | **7** | **1** | **3** | **19-11** | **22** |
| ÍR | 11 | 5 | 4 | 2 | 16-17 | 19 |
| **Fjölnir** | **11** | **5** | **3** | **3** | **21-15** | **18** |
| HK | 11 | 4 | 3 | 4 | 16-19 | 15 |

**Upplýsingar** um markaskorara eru fengnar af netmiðlinum fótbolta.net.



**AARON PALOMARES** Sækir hér að marki Víkinga í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

1. deild karla í fótbolta:

## Þórsarar fóru í toppsætið

**FÓTBOLTI** Þrjú lið eru með jafnmörg stig í efstu sætum 1. deildar karla eftir leiki gærkvöldsins. Þórsarar eru komnir í toppsætið á markatölu en Víkingar misstu toppsætið eftir 0-2 tap á móti HK í Kópavogi. Þórsurum nægði 1-1 jafntefli við Fjarðabyggð á Eskifirði til að komast á toppinn.

Víkingar sátu í toppsætinu fyrir leiki kvöldsins með einu marki betra í markatölu en Leiknir og með einu stigi meira en Þórsarar. Eftir tapið á móti HK er Víkingsliðið komið niður í 2.-3. sæti með Leikni en liðin eru núna nákvæmlega jöfn að stigum og markatölu.

Ingi Þór Þorsteinsson og Birgir Magnússon komu HK í 2-0 á móti Víkingi en Sigurður Egill Lárusson minnkaði muninn í lokin. Víkingar fengu góð færi í leiknum en nýttu þau ekki.

Ármann Pétur Ævarsson kom Þór yfir á Eskifirði en Fannar Árnason tryggði heimamönnum í Fjarðabyggð 1-1 jafntefli. Stigið dugði þó Þór til að fara á toppinn því liðið er með fjórum mörkum betri markatölu en Víkingur og Leiknir. **- óój**

# Ég veit allavega eitthvað um andstæðinginn okkar

**Logi Ólafsson segir að KR muni spila agaðan og skynsamlegan varnarleik í 1. umferð forkeppni Evrópudeildarinnar í kvöld. KR mætir Karpaty frá Úkraínu og segir þjálfarinn að forsenda þess að komast áfram sé að halda hreinu.**

**FÓTBOLTI** Karpaty Lviv frá Úkraínu sendi útsendara á sínum vegum á leik KR og Glentoran í 1. umferð forkeppni Evrópudeildar UEFA. KR komst áfram og mætir Karpaty í fyrri leik liðanna í kvöld á KR-vellinum.

„Þeir hafa það fram yfir okkur að þeir vita meira um okkur en við um þá,“ segir Logi Ólafsson, þjálfari KR, en Karpaty spilaði sinn fyrsta leik í deildinni á þessu tímabili um síðustu helgi. Liðið tapaði þeim leik 1-0.

„Rúnar Kristinsson náði reyndar að horfa á þann leik og taka upp hluta af honum. Ég er búinn að horfa á það og svo fengum við góða aðstoð frá Alexander á Fótbolta.net. Hann tók saman upplýsingar fyrir mig og sendi mér. Ég veit því eitthvað um liðið í staðinn fyrir ekkert,“ sagði Logi.

Karpaty er miðlungslið í Úkraínu en spilar hefðbundinn austur-evrópskan fótbolta að mati Loga. Liðið er meðal annars með þrjá brasilíska leikmenn í sínum röðum.

„Við rennum í raun alltaf nokkuð blint í sjóinn í svona leiki. Ég veit núna hver er hvað og hvar menn spila. Þeir eru með gott lið og eru góðir í öllum grundvallaratriðum knattspyrnunnar,“ sagði Logi um atvinnumannaliðið frá Úkraínu.

„Þeir eru fljótir, sterkir og með góða tækni. Við munum leggja leikinn upp eins og leikina við Glentoran. Fyrst og fremst ætlum við að spila agaðan og skynsaman varnarleik. Við munum ekki breyta neitt útaf okkar leikkerfi eða slíkt en þó gætu orðið áherslubreytingar sem snúa að því hvar við mætum andstæðingnum.“

Seinni leikurinn er svo í Úkraínu í næstu viku. Það endaði þó í fimmta sæti deildarinnar á síðasta tímabili en hefur verið um miðja deild undanfarin ár. Deildin í Úkraínu hefur verið lítt spennandi síðustu fimmtán ár, Shaktar Donetsk og Dynamo Kiev hafa einokað fyrstu tvö sætin og skipst á að verða meistari.

„Við horfum á þetta þannig að við þurfum að ná góðum úrslitum í fyrri leiknum til að eiga einhverja möguleika á að komast áfram. Það þýðir að við þurfum að halda hreinu og helst að ná að skora. Við vitum að við fáum einhver færi til þess og við þurfum að reyna að nýta þau,“ sagði Logi.

Aðeins er leyfilegt að selja miða í sæti á KR-vellinum í kvöld og vonast Logi eftir fullri stúku. „Við þurfum á öllum þeim stuðningi sem við getum fengið í þessum leik,“ sagði þjálfarinn.

**hjalti@frettabladid.is**



**VERÐA AÐ NÝTA FÆRIN** Logi segir að leikmenn KR verði að nýta færin sín í kvöld. Björgólfur Takefusa er einn þeirra en hann fór illa með mörg færi í leiknum þar sem myndin er tekin, gegn Þrótti í VISA-bikarnum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**TAPLAUSIR** Íslenska landsliðið hefur ekki tapað leik á árinu 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ísland á styrkleikalista FIFA:

## Fer upp um heil ellefu sæti

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið tók gott stökk á nýjum styrkleikalista FIFA sem gefinn var út í gær en liðið er nú í 79. sæti, ellefu sætum ofar en þegar síðasti listi var gefinn út.

Nýkrýndir heimsmeistarar Spánverja eru í efsta sætinu og mótherjar þeirra í úrslitaleik HM, Hollendingar, eru í öðru sæti. Brasilíumenn voru á toppnum en eru nú í 3. sætinu.

Ísland hefur ekki verið hærra á listanum síðan í mars 2009 (75. sæti) en liðið er taplaust í fjórum landsleikjum á árinu, hefur unnið 2 leiki, gert 2 jafntefli og er með markatöluna 6-0. **- óój**

Eygló Ósk Gústafsdóttir:

## Bætti Íslandsmet stóru systur

**SUND** Eygló Ósk Gústafsdóttir úr Ægi setti nýtt Íslandsmet á Evrópumeistaramóti unglinga í Helsinki í gær. Eygló synti þá 200 metra baksund á 2:18,83 mínútum og endaði í tólfta sæti í undanúrslitunum. Eygló bætti þarna met stóru systur sinnar um 5/100 úr sekúndu en Jóhanna Gerða Gústafsdóttir synti 200 metrana á 2:18,88 mínútum í Sarcelles 14. mars 2009. **- óój**



FH-ingar eru svo gott sem úr leik eftir 5-1 tap á móti BATE í Hvíta-Rússlandi í forkeppni Meistaradeildarinnar:

# Spilum bara fyrir stoltið í seinni leiknum

**FÓTBOLTI** FH-ingar töpuðu illa fyrir BATE Borisov í fyrri leik liðanna í 2. umferð undankeppni Meistaradeildarinnar en leikið var í Borisov í Hvíta-Rússlandi í gær. BATE-liðið vann leikinn 5-1 og er nánast komið áfram í næstu umferð þar sem liðið má tapa 3-0 í Krikanum eftir viku.

„Það eru auðvitað vonbrigði að tapa þessum leik 5-1. Við spiluðum virkilega vel og vorum skipulagðir í svona 50 til 60 mínútur,“ sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH eftir leikinn.

FH-ingar héldu hreinu í fyrri hálfleiknum og þetta leit vel út þar til að allt breyttist í upphafi seinni hálfleiks.

„Þeir komu sterkir inn í seinni hálfleikinn og gerðu þá breytingar á liði sínu. Þegar þú ferð á útivöll í Evrópukeppninni á móti jafnsterku liði og við vorum að spila við þá þarf að halda skipulaginu frá upphafi til enda,“ sagði Heimir.

Pavel Nekhaychik skoraði fyrsta markið eftir aðeins þriggja mínútna leik í seinni hálfleik og Renan Bressan kom BATE í 2-0 tíu mínútum síðar. Nekhaychik innsiglaði síðan þrennu sína með tveimur mörkum á þriggja mínútna kafla undir lok leiksins. Mörk hans komu á 85. og 88. mínútu.

„Við misstum hausinn í restina og þeir gengu á lagið og kláruðu þennan leik,“ sagði Heimir um lokakafla leiksins þar sem rigndi inn mörkum. Atli Viðar Björnsson skoraði eina mark FH-inga á 89. mínútu og minnkaði muninn í 4-1.

„Þetta var gott mark hjá Atla Viðari sem kom eftir gott spil og hann setti hann í hornið í kringum vítateiginn,“ sagði Heimir en markið gaf Hafnfirðingum smá von. Hún dó snögglega mínútu síðar þegar Vitali Rodionov kom BATE-liðinu í 5-1.

„Þegar þú tapar 5-1 í fyrri leiknum í undankeppni Meistaradeildar þá snýst seinni leikurinn bara um stolt liðsins. Við verðum að mæta í seinni leikinn og spila fyrir stoltið,“ sagði Heimir en seinni leikurinn fer fram í Kaplakrika í næstu viku. **- óój**



**ATLI VIÐAR BJÖRNSSON** Gaf FH smá von með marki sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Gelert
ÓDÝRT
í ÚTILEGUNA
VERTU FYRSTUR AÐ TJALDA
Gelert
QUICK PITCH
2 manna tjald
POP-UP
Verð nú
7.999kr.
QUICKPITCH SS
2 person
2.05kg
75x75 x3cm
2000
LiteWEIGHT
UPGRADE
NEW
Gelert
QUICK PITCH
2 manna tjald
verð áður 9.999kr
verð nú 7.999kr
Vertu fyrstur að tjalda!
QUICK PITCH – Tjaldið sem þú tjaldar á innan við mínútu!
Farðu á www.hagkaup.is og sjáðu myndbandið
Gelert
Tryfan classic 300DL
svefnpoki
4.999kr
3 SEASON
1.8Kg
COMFORT -0.3°C +4.8°C
EN13537
Gelert
gæða útileguvörur!
Verð nú
1.999kr.
Gelert
Svefnpokar
verð frá
1.999kr
Gelert
Vindsæng einföld
verð áður 3.499kr
verð nú 1.999kr
Gelert
Vindsæng tvöföld
verð áður 3.999kr
verð nú 2.999kr
299kr.
Grillbursti
299kr.
Grillsvampar
299kr.
Grillpinnar
299kr.
Grilltöng
299kr.
Grillpenslar
499kr.
Grillbursti
499kr.
Grillpinnar
499kr.
Grilláhöld
499kr.
Kveikjari
499kr.
BBQ vifta
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
Gildir til 18. júlí eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Tiger stefnir á sögulegan sigur

**Tiger Woods getur um helgina orðið fyrsti maðurinn í sögunni til þess að vinna Opna breska meistaramótið í golfi í þrígang á hinum heimsfræga St. Andrews-velli. Tiger hefur unnið í bæði skiptin sem hann hefur keppt þar. Öll umræða um mótið er í kringum Tiger sem mætir til leiks með nýjan pútter.**

**GOLF** Í dag hefst hið stórskemmtilega Opna breska meistaramót í golfi. Það fer að þessu sinni fram á St. Andrews-vellinum sem er einn frægasti golfvöllur heims. Tiger Woods kann afar vel við sig á þessum velli enda hefur hann unnið þar í tvígang með stæl.

Hann mætir þó til leiks með annan pútter en hann vann mótið með í síðustu tvö skiptin. Tiger hefur spilað með þeim pútter í 11 ár og unnið 13 risamót með pútternum.

„Ég hef verið í vandræðum með að pútta á hægum flötum og ákvað því að gera þessa breytingu. Hún hefur gengið ágætlega," sagði Tiger um þessa áhugaverðu breytingu. Breskir fjölmiðlar hafa reynt að þjarma að honum vegna einkalífsins en Tiger hefur ekkert viljað tala um það.

### Mættur til þess að spila golf en ekki tala um einkalífið

„Ég er ekki kominn til þess að ræða mitt einkalíf. Ég er mættur til þess að spila á gamla vellinum á St. Andrews, heimavelli golfsins. Það verður ekki betra og ég þrái ekkert meira en að vinna þetta mót. Að vinna á þessum velli er einn af hápunktum míns ferils. Að vera hluti af frábærri sögu þessa vallar er góð tilfinning."

St. Andrews-völlurinn er bæði frægur og umdeildur. Sumir kalla hann meistaraverk, aðrir eru á því að bilaðir menn hafi búið hann til og hreinlega hata völlinn. Tiger Woods segir að þetta sé sinn uppáhaldsvöllur og Phil Mickelson vill halda Opna breska á þessum velli á hverju ári. Lee Westwood segir aftur á móti að hann sé ekki á meðal 100 bestu vallanna í Bretlandi.

Það er búið að spila golf á þessu landsvæði síðan á 12. öld en af alvöru frá 1552. Upprunalega var völlurinn 22 holur en árið 1764 var búið að breyta honum í 18 holu völl.

„Þetta er æðislegur golfvöllur. Það þurfti algjöran snilling til þess að hanna þennan frábæra völl," sagði Tiger Woods sem eðlilega kann vel við völlinn.

„Þetta er andlegur staður og yndislegur völlur. Maður verður tilfinninganæmur er maður mætir út á þennan völl því maður veit að á þessum velli byrjaði golfið. Jack Nicklaus sagði að maður yrði aldrei sáttur við ferilinn fyrr en maður væri búinn að vinna hérna. Ég held að allir kylfingar séu sammála því," sagði Phil Mickelson.

Þeir sem gagnrýna völlinn hvað harðast benda á að Gamla konan, eins og völlurinn er gjarnan kallaður, treysti of mikið á vindinn til þess að vernda orðspor vallarins. Þarna er yfirleitt vindasamt og því þurfa kylfingar stöðugt að breyta um taktík á vellinum. Jafnvel oft á hverjum hring. Svo má reyndar ekki gleyma því að á vellinum eru 112 djúpar sandgryfjur.

„Það er afar snúið að spila þarna. Ef það er logn þá gæti maður líklega spilað á 65 höggum. En ef það er vindur eins og oftast þá gæti efsti maður verið að spila á 80 höggum. Það er ótrúlegt hverju vindurinn getur breytt," sagði Tiger.

„Maður þarf líka að taka mörg mjög löng pútt á þessum velli. Það er ekkert alltaf auðvelt að ná tvípútti. Það er hægt að komast inn á 18 flatir en samt koma út á lélegu skori. Það er snilldin við það hvernig þessi golfvöllur er hannaður. Hann stendur tímans tönn. Kylfingar slá lengra, búnaðurinn verður sífellt betri en völlurinn verður alltaf jafn erfiður," bætti Tiger Woods við.

Mótið er sýnt beint á Skjá einum í opinni dagskrá. Nánari umfjöllun um mótið má finna á golfsíðu Fréttablaðsins sem er á næstu opnu.

henry@frettabladid.is

## Síðustu tíu meistarar á Opna breska meistaramótinu






**2000**
***Tiger Woods*** *USA*
**269 (-19)**
St. Andrews

**Magnaður Tiger**
Woods vann ótrúlegan átta högga sigur og fór alla fjóra hringina á undir 70 höggum. Hann er aðeins þriðji meistarinn sem nær þeim árangri.

**2001**
***David Duval*** *USA*
**274 (-10)**
Royal Lytham & St. Annes

**Flottur Duval**
Frábær lokahringur á fjórum undir pari ásamt hringjum upp á 69 og 65 tryggðu Duval sigur á 130. Opna breska mótinu.

**2002**
***Ernie Els*** *S-Afríka*
**278 (-6)** Eftir umspil
Muirfield

**Alvöru umspil**
Els, Levet, Elkington og Appleby fóru fyrstir allra í fjögurra manna umspil. Els tryggði sér sigur með frábæru pútti.

**2003**
***Ben Curtis*** *USA*
**283 (-1)**
Royal St. Georges

**Vann í fyrstu tilraun**
Curtis vann eftir baráttu við Woods, Singh og Björn. Þetta var í fyrsta sinn sem kylfingur vinnur mótið í fyrstu tilraun síðan Tom Watson gerði það 1975.






**2004**
***Todd Hamilton*** *USA*
**274 (-10)** Eftir umspil
Royal Troon

**Óvæntur sigurvegari**
Hamilton fór í lokahollið með Ernie Els og hafði betur eftir æsispennandi hring. Sigurinn var innsiglaður með stuttu pútti.

**2005**
***Tiger Woods*** *USA*
**274 (-14)**
St. Andrews

**Sögulegt mót**
Tiger í sínu allra besta formi og leiðir frá upphafi til enda. Frammistaða hans skyggði á þá staðreynd að Jack Nicklaus tók þátt í síðasta skipti á Opna breska.

**2006**
***Tiger Woods*** *USA*
**270 (-18)**
Royal Liverpool

**Þrefaldur Tiger**
Tiger náði forystunni á öðrum hring. Hélt Els, DiMarco og Furyk fyrir aftan sig og vann í þriðja skipti á Opna breska – hans ellefti risatitill.

**2007**
***Padraig Harrington*** *ÍRL*
**277 (-7)** Eftir umspil
Carnoustie

**Mót Evrópumannanna**
Harrington átti eitt högg á Garcia fyrir lokaholuna. Klúðraði holunni og endaði á sex höggum. Kom til baka í umspilinu og vann.




**2008**
***Padraig Harrington*** *ÍRL*
**283 (+3)**
Royal Birkdale

**Tvöfaldur Íri**
Harrington verður sextándi kylfingurinn sem nær þeim árangri að vinna tvö ár í röð á Opna breska. Vann með fjórum höggum og fékk örn á 17.

**2009**
***Stewart Cink*** *USA*
**278 (-2)** Eftir umspil
Turnberry

**Óvæntur sigur hjá Cink**
Cink vinnur sitt fyrsta risamót eftir umspil við gömlu kempuna Tom Watson sem missti pútt á 18. holu. Watson var bensínlaus í umspilinu.



**2010**
***Woods snýr aftur á St. Andrews***
Woods hefur unnið í bæði skiptin sem hann hefur keppt á St. Andrews. Með sigri um helgina verður hann fyrsti kylfingurinn sem nær þrennu á „heimavelli golfsins".

**Tvöfaldir sigurvegarar á St. Andrews**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Tiger Woods** | USA | 2000 | 2005 |
| **Jack Nicklaus** | USA | 1970 | 1978 |
| **James Braid** | SKO | 1905 | 1910 |
| **John H. Taylor** | ENG | 1895 | 1900 |
| **Bob Martin** | SKO | 1876 | 1885 |

**Skorkort Tigers**

| Hringur | 1 | 2 | 3 | 4 | *Samtals* |
|---|---|---|---|---|---|
| 2005 | 66 | 67 | 71 | 70 | ***274 (-14)*** |
| 2000 | 67 | 66 | 67 | 69 | ***269 (-19)*** |

Heimildir: Opna breska meistaramótið Myndir: Getty Images © GRAPHIC NEWS



**ROK** Rose er hér við æfingar í erfiðu veðri á St. Andrews.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Englendingurinn Justin Rose:

# Hefur trú á heimamönnum

**GOLF** Englendingurinn Justin Rose mun spila í áhugaverðasta hollinu á Opna breska meistaramótinu í dag en hann spilar með þeim Tiger Woods og Kólumbíumanninum Camilo Villegas.

Rose hefur tröllatrú á breskum og írskum golfurum sem hann segir það góða að þeir gætu keppt í Ryder-bikarnum án aðstoðar annarra Evrópumanna.

Alls eru átta breskir og írskir kylfingar inn á topp 20 á heimslistanum.

„Við munum veita Bandaríkjamönnunum keppni. Við höfum alltaf átt einn eða tvo frábæra kylfinga en nú eru þeir miklu fleiri," sagði Rose en Bandaríkjamenn hafa oftar en ekki verið sigursælir á Opna breska meistaramótinu.

„Ég býst við okkur á meðal efstu manna og að minnsta kosti einum okkar alveg við toppinn."

- hbg



**VANDRÆÐI** Daninn Thomas Björn gat vart haldið á regnhlífinni sinni í gær.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Veðrið setur strik í reikninginn:

# Skítaveður í Skotlandi

**GOLF** Opnunaratriði Opna breska meistaramótsins var aflýst vegna aftakaveðurs í gær. Þá áttu fyrrverandi meistarar að keppa í fjögurra holu móti.

Það var bæði rok og rigning í Skotlandi í gær eða hreinlega skítaveður eins og það kallast á íslensku. Skipuleggjendur sáu því ekki fram á að geta haldið mót meistaranna með neinni reisn.

Þrátt fyrir leiðindaveðrið í gær fóru keppendur aðalmótsins út á völl í gær og æfðu sig. Það gekk misvel hjá mönnum enda aðstæður nánast glórulausar.

Engu að síður er stefnt að því að spila í dag þó svo spáð sé áframhaldandi roki og rigningu en það á að rigna alla keppnisdagana.

Þetta gæti því orðið skrautlegt og afar áhugavert mót.

- hbg

Dagur Sigurðsson hættur með austurríska landsliðið í handbolta eftir farsælt tveggja og hálfs árs starf:

# Sárast að missa af Japansleiknum á HM

**HANDBOLTI** Dagur Sigurðsson er hættur sem landsliðsþjálfari austurríska landsliðsins og mun nú einbeita sér að fullu að þjálfa þýska liðið Füchse Berlin. Dagur tók við landsliðinu í febrúar 2008 og undir hans stjórn náði Austurríki sínum besta árangri frá upphafi þegar liðið endaði í 9. sæti á EM 2010.

„Þetta var ekki erfið ákvörðun því hún var eiginlega óumflýjanleg. Þetta var ekkert drama. Ég kannaði hvort að það væri einhver grundvöllur fyrir samstarfi og var ágætis vilji fyrir því. Þegar upp var staðið þá náðum við ekki saman og því fór sem fór," sagði Dagur Sigurðsson en hann hefur verið í viðræðum síðan í apríl.

„Þetta er búið að vera mjög gaman og ég geng stoltur frá þessu. Þeir eiga alla möguleika til þess að halda sér á floti. Þeir eru að fara inn í skemmtilegan riðil í undankeppni EM og svo inn á HM. Þeir ættu að geta fengið góðan mann til að taka við," segir Dagur en hann hefur ekki hugmynd um hver tekur við af honum.

„Ég sá fyrir mér að ég gæti hreyft svolítið við þessu og það hefur alveg tekist. Svo er bara stöngin inn og stöngin út hvort það verði alvöru árangur eða ekki. Við vorum heppnir með það á Evrópumótinu að það datt með okkur," segir Dagur en auk frábærs árangurs á EM þá skilaði hann liðinu inn á HM í Svíþjóð en þetta er fyrsta heimsmeistarakeppni austurríska landsliðsins síðan 1993.

„Það er mjög gaman að því að hafa skilað liðinu inn á HM. Það hefðu flestir búist við því að ég myndi hætta strax en ég hafði mjög gaman af því að taka að mér þetta aukaverkefni og hjálpa þeim svo að þeir þyrftu ekki að ráða mann strax undir pressu. Það var líka gott fyrir liðið að það væru engar hræringar fyrir þá leiki. Nú hafa þeir fínan tíma til að finna góðan mann," segir Dagur. Austurríki mætir Íslandi bæði á HM og í næstu undankeppni EM en það eru þó ekki Íslandsleikirnir sem hann sér mest eftir að missa af.

„Sárasti parturinn af þessu er að missa af því að spila á móti Japan. Ég hefði haft rosalega gaman af því þar sem gamli þjálfarinn minn í Japan er orðinn landsliðsþjálfari Japana og kom þeim inn á HM. Það hefði verið virkilega gaman fyrir mig persónulega að mæta þeim. Það er það sárasta því ég er búinn með Íslandspakkann," segir Dagur. Hann segist alveg geta hugsað sér að verða aftur landsliðsþjálfari en nú hafi hann nóg að gera við að undirbúa Füchse Berlin fyrir komandi tímabil.

- óój



**DAGUR SIGURÐSSON** Austurríki vann Þýskaland, Slóveníu, Úkraínu, Rússland og Serbíu undir hans stjórn. MYND/DIENER

KR-ingurinn Guðjón Baldvinsson segir að það sé gat í lærvöðvanum á sér á stærð við egg en þó styttist í endurkomu framherjans:

# Ég þarf bara að verða latur eins og hinar bollurnar

**FÓTBOLTI** KR-ingurinn Guðjón Baldvinsson hefur verið frá í sex vikur vegna meiðsla. Hann lenti í samstuði í lok maí og meiddist á læri sem tvöfaldaðist við áreksturinn og Guðjón gekk um með hækjur til að byrja með.

Hann hefur verið mun lengur frá en hann bjóst við. „Það kom í ljós að það vantar bara stórt stykki í lærvöðvann. Það er á stærð við stórt egg,“ sagði Guðjón.

„Vöðvinn þar fyrir neðan er skemmdur líka sem og sinarnar og taugarnar þarna í kring. Þetta er að verða ansi pirrandi,“ sagði Guðjón sem hefur barist við meiðsli í tvö ár en horfði loksins fram á að spila heill í eitt sumar.

„Þetta var ekki það sem ég ætlaði mér en svona er þetta í fótboltanum. Ég er hægt og rólega að komast yfir sársaukann en þetta tekur tíma. Ég spilaði gegn Glentoran hér heima í tíu mínútur en fann alveg að ég var ekki nógu góður eftir þann leik. Lærið verður aldrei eins og það var áður en ég mun samt geta spilað fótbolta áfram.“

Guðjón segir að hann þurfi hreinlega að breyta leikstíl sínum til að hætta að meiðast. „Ég þarf að hætta þessari baráttu,“ gantaðist framherjinn. „Ég þarf bara að vera latur eins og hinar bollurnar,“ sagði hann og kímdi.

Guðjón segist stefna á að skora gegn Haukum á sunnudaginn í tólftu umferð Pepsi-deildarinnar. „Ég skoraði á móti þeim í fyrstu umferðinni og það er fínt markmið,“ sagði Guðjón. **- hþh**




**LENGI FRÁ** Guðjón bjóst við að vera frá í tíu til tólf daga en þeir eru nú orðnir fimmtíu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**MEIRA EN VINIR?** Svo segir þýskur umboðsmaður. NORDIC PHOTOS/AFP

Umboðsmaður Ballacks:

## Bara hommar í þýska liðinu

**FÓTBOLTI** Michael Becker, umboðsmaður Michaels Ballack, er búinn að gera allt brjálað í Þýskalandi eftir að hann sagði að það væru ekkert nema hommar í þýska landsliðinu.

Í viðtali við Der Spiegel segir Becker að hinn nýi og skemmtilegi leikstíll liðsins sé nátengdur kynhneigð leikmanna. Þar sem leikmenn liðsins séu hommar þá hafi þeir verið of mjúkir til þess að standast spænska landsliðinu snúning.

Þýska knattspyrnusambandið hefur ekki viljað svara þessum ásökunum og landsliðsþjálfarinn, Joachim Löw, sagðist ekki vilja leggjast svo lágt að svara slíkum yfirlýsingum. Orðrómur um að hann sé samkynhneigður er ekki nýr af nálinni.

Viðtalið fékkst ekki birt í blaðinu en blaðamaðurinn sem tók viðtalið greindi frá því sem Becker hélt fram. **- hbg**



**KÁTUR** Dwyane Wade fer fyrir nýju liði Miami Heat. MYND/AP

Miami Heat-liðið í NBA:

## Margir vilja fá að vera með

**KÖRFUBOLTI** Miami Heat fer vel af stað í að byggja upp leikmannahóp sinn fyrir komandi tímabili í NBA-deildinni. Ofurþríeykið Dwyane Wade, LeBron James og Chris Bosh munu nefnilega fá hjálp frá þeim Udonis Haslem, Mike Miller og Zydrunas Ilgauskas á næsta tímabili.

„Við erum komnir með þá þrjá stærstu sem okkur vantaði. Ég fæ mikið af skilaboðum frá leikmönnum sem vilja líka fá að vera með,“ segir Dwyane Wade.

„Þetta snýst um að finna rétta menn á rétta staði í liðinu. Það hafa ekki allir persónuleikann til að takast á við þetta verkefni og þetta verður að vera rétta blandan. Búningsklefinn verður að vera í góðu standi og við verðum að vera þolinmóðir til þess að byggja upp þetta lið,“ sagði Dwyane Wade sem sjálfur tók minni laun til að hjálpa til að búa til meistaralið í Miami. **- óój**



# golf

golfogveidi@frettabladid.is

**6** er talan yfir flesta sigra einstaklings á Opna breska meistaramótinu. Það var breski kylfingurinn Harry Vardon sem náði þessum árangri á tímabilinu frá 1896 til 1914. Vardon ætti að vera flestum kylfingum kunnur fyrir grip sem kennt er við hann, „Vardon-gripið“.

**5** sinnum hefur Tom Watson sigrað á Opna breska meistaramótinu. Hann á flesta titla af núlifandi kylfingum. Watson, sem er sextugur, sigraði síðast árið 1983. Frægasti sigur hans var án efa „Einvígið í sólinni“ árið 1977 á Turnberry. Þá atti hann kappi við Jack Nicklaus.

# Sleggjurnar gætu komið á óvart

**Kylfingurinn Örn Ævar Hjartarson á enn metið á nýja vellinum á St. Andrews. Hann lék á 60 höggum fyrir tólf árum. Fréttablaðið fékk hann til að spá í spilin fyrir Opna breska meistaramótið sem hefst í dag. Hann telur Tiger Woods líklegastan en nefnir marga til.**

„Þetta er hápunkturinn á golfvertíðinni,“ segir Örn Ævar Hjartarson kylfingur um Opna breska meistaramótið sem að þessu sinni er haldið á St. Andrews, vöggu golf-íþróttarinnar. Örn Ævar hefur nokkrum sinnum leikið á gamla vellinum. „Þegar ég spilaði þarna í fyrsta skiptið þá fékk ég gæsahúð þegar ég stóð á fyrsta teig og ég var með gæsahúð nánast allar átján holurnar.“



ÖRN ÆVAR HJARTARSON

„Það er eitthvað sem segir mér að Tiger Woods eigi eftir að gera góða hluti. Þó hann hafi verið slakur undanfarið þá erum við að tala um Tiger Woods. Honum líður greinilega mjög vel á St. Andrews. Það er augljóst í öllum viðtölum sem maður sér við hann að það að keppa á St. Andrews er algjör toppur hjá honum og svo er hann auðvitað búinn að vinna Opna breska í tvö síðustu skipti sem það hefur verið haldið á þessum velli.“

Örn Ævar segir að það kæmi heldur ekki á óvart ef einhver mjög högglangur kylfingur myndi sigra.

„Sleggjurnar gætu komið sterkar inn. John Daly er ein af þeim. Hann er gjörsamlega óútreiknanlegur og svo sigraði hann auðvitað þarna árið 1995. Bandaríkjamaðurinn J.B. Holmes er önnur sleggja sem gæti líka komið á óvart.“ Aðspurður telur Örn Ævar þó hæpið að Alvaro Quiros, högglengsti kylfingur evrópsku mótaraðarinnar, sé í þessum hópi. „Spánverji á links-velli – ég veit það ekki.“

Auk Tiger, Holmes og Daly nefnir Örn Ævar Phil Mickelson, Norður-Írann Rory McIlroy og hinn hávaxna Englending Chris Wood.

„Wood endaði í fimmta sæti á Royal Birkdale fyrir tveimur árum en þá var hann áhugamaður. Hann er alinn upp á Carnoustie-vellinum og þekkir því vel til links-valla. Mickelson hefur samt alltaf verið minn maður. Það væri rosalega gaman ef hann myndi blanda sér í baráttuna. Hann er svona týpa sem fer bara út á völl og spilar og spilar grimmt. Ef hann dregur inn á flöt þá slær hann inn á flöt. Það væri heldur ekki slæmt að sjá hann smella sér í efsta sætið á heimslistanum sem hann gerir ef hann vinnur þetta mót.“

trausti@frettabladid.is



**HINN BREYSKI ALÞÝÐUMAÐUR** John Daly nýtur hyllis margra en hann er afar litríkur kylfingur bæði innan vallar sem utan. Örn Ævar segir Daly vera gjörsamlega óútreiknanlegan og að það kæmi ekki á óvart ef hann myndi taka upp á því að blanda sér í toppbaráttuna.

## Lykillinn er að sleppa við glompurnar

Örn Ævar segir að lykillinn að góðum hring á St. Andrews sé að sleppa við að lenda í glompum.

„Ef þú slærð til vinstri ertu nánast alltaf öruggur því glompurnar er yfirleitt hægra megin. Bolti í glompu er oftast tapað högg á St. Andrews. Þeir kylfingar sem draga boltann eru því í góðum málum. Þegar ég lék þarna fyrst þá var ég með kylfusvein með mér. Hann lét mig alltaf slá til vinstri og jafnvel inn á næstu braut. Þetta getur samt verið tvíeggja sverð því ef menn eru vinstra megin þá er aðkoman að flötinni erfiðari. Það er ekkert einfalt við þennan völl.

Örn Ævar segir að 17. holan (Road-hole) sé erfiðust. „Hún var meira að segja erfiðust áður en þeir lengdu hana, sem þeir gerðu fyrir mótið í ár. Jafnvel þó maður eigi gott upphafshögg þá er ekkert öruggt. Flötin er tíu metra löng og uppi á stalli. Glompa fyrir framan og vegur fyrir aftan.“





## Veðbankar spá Woods sigri

Veðbankar virðast almennt sammála um að Tiger Woods eigi mesta möguleika á sigri á Opna breska meistaramótinu. Bwin gefur Tiger stuðulinn 4 en Bet365 stuðulinn 6,5.

Báðir veðbankarnir telja að næstlíklegastir séu Rory McIlroy og Phil Mickelson. Bwin gefur þeim báðum stuðulinn 17 en Bet365 gefur Mickelson stuðulinn 19. Báðir veðbankarnir setja stuðulinn 19 á Ernie Els, sem er efstur á FedEx-stigalistanum.

Af þeim kylfingum sem virðast í besta leikforminu, fær Steve Stricker, sem sigraði á John Deere-mótinu í bandarísku mótaröðinni um síðustu helgi stuðulinn 34 á Bwin og 36 Bet36. Ítalinn Edoardo Molinari, sem sigraði á Opna skoska meistaramótinu í evrópsku mótaröðinni á sunnudaginn, fær stuðulinn 55 á Bwin og 71 á Bet365.

EINFALT MEÐ EINARI

## Komdu þér upp góðu vanaferli þegar þú leikur golf

**Einar Gunnarsson** PGA golfkennari Stykkishólmi



Áður en þú slærð högg hvort sem þau eru löng, stutt eða pútt skaltu koma þér upp góðu vanaferli. Í góðu vanaferli felst að framkvæma sömu hreyfingarnar og sömu hugsanirnar fyrir hvert högg. Þetta veitir kylfingum öryggi og eykur líkurnar á betra golfi.

Margir kylfingar taka æfingasveiflu áður en þeir framkvæma högg en gleyma huglæga þættinum í því ferli. Kylfingar ættu að venja sig á að sjá höggið sem verið er að slá fyrir sér áður en slegið er og eins er gott að sjá sjálfan sig fyrir sér sveifla kylfunni á réttan hátt. Hver og einn kylfingur þarf að koma sér upp sínu vanaferli sem hann er sáttur við. Í góðu vanaferli gæti falist eftirfarandi: a) skoðaðu legu boltans og aðstæður í högginu b) sjáðu sjálfan þig fyrir þér framkvæma góða sveiflu, pútt eða vipp og hvernig boltinn mun fljúga eða rúlla c) taktu æfingasveiflu eða stroku þannig að þú sért sáttur/sátt d) framkvæmdu höggið eða púttið e) ljúktu ferlinu eftir höggið þannig að ef höggið var gott þá geymirðu það í minninu og ert stoltur/stolt en ef það var ekki gott þá tekurðu æfingasveiflu sem þú ert sáttur/sátt við. Mundu bara að æfa vanaferlið á æfingasvæðinu og láta vanaferlið vera innan þess tímaramma sem golfreglunar kveða á um til að tefja ekki leik.

## Hollráð Hinna

### Öryggi á vellinum

Öryggi á golfvellinum þarf að vera ofarlega í huga kylfinga öllum stundum. Hinrik Gunnar Hilmarsson, sem annast hefur eftirlit, vallarvörslu og dómgæslu hjá Golfklúbbi Reykjavíkur, ráðleggur kylfingum eftirfarandi:

1. Vara sig á kylfunni á teig. Það er mikill kraftur í kylfunni þegar henni er sveiflað og hún getur því valdið alvarlegum skaða.
2. Golfboltinn er alvarlegasta hættan og allt svæðið fyrir framan leikmann er hættusvæði.
3. Á mörgum golfvöllum er skert útsýni og þar skal gæta fyllstu varúðar.
4. Ef við sjáum golfpoka á braut eru allar líkur á að leikmaður sé þar nálægt jafnvel þótt við sjáum hann ekki.
5. Ef minnsta hætta er á að boltinn geti hitt einhvern þá eigum við undantekningalaust að hrópa af miklum krafti „FORE“. Þá eigum við einnig að beygja okkur og verja höfuðið þegar við heyrum kallað „FORE“.








GOLF & HEILSA



## Bakverkir golfarans

**Magni M. Bernhardsson**, kírópraktor með sérhæfingu í golfmeiðslum jafnt sem íþróttameiðslum.

Bakverkir eru mjög algeng meiðsli hjá golfiðkendum. Margar ástæður eru fyrir þessum meiðslum því er mikilvægt að finna orsökina hjá hverjum og einum og leiðrétta til að koma í veg fyrir frekari og jafnvel verri meiðsl. Slæm líkamleg staða, rangur sveifluferill, vöðvaójafnvægi, skertur hreyfanleiki í hrygg og vöðvum. Hvað er til ráða?

- Vöðvastyrking. Mikilvægt er að leggja áherslu á þá vöðvahópa sem koma að sveiflunni. Ekki gleyma að leggja áherslu á rassvöðva, kviðvöðva og mjóbak.
- Hitið upp. Golfsveifla er mikið álag á liði og vöðva því hreyfingin er snögg og kraftmikil. Hitið alltaf upp fyrir golf leik á sama hátt því það eykur stöðugleika á fyrsta teig.
- Teygjuæfingar. Að teygja 5-10 mínútur á hverjum degi skilar miklum árangri til lengri tíma og minnkar líkurnar á meiðslum í framtíðinni. Nægur hreyfanleiki er undirstaða góðrar golfsveiflu.

Láttu meta hvaða æfingar og teygjur henta þér til að koma í veg fyrir meiðsli. Njóttu þess að spila golf án verkja.

Nú er rétti tíminn til framkvæmda:

# 100% endurgreiðsla

á virðisaukaskatti af keyptri vinnu
og allt að 300.000 kr. frádráttur
frá skattstofni.

Sjá nánar á www.allirvinna.is

ALLIR VINNA
ALLIRVINNA.IS

## Gæða-þakefni í BYKO!

Íslensk framleiðsla
í hæsta gæðaflokki.

Í BYKO færðu allar gerðir og liti
af gæðaþakefni á frábæru verði.



BYKO

EXPO · www.expo.is

## > Homer Simpson

„Hvenær læri ég? Lausnir á vandamálum lífsins er ekki að finna á botni flösku heldur í sjónvarpinu!“

***Homer Simpson er ein farsælasta sjónvarpspersóna allra tíma og verður á dagskrá Stöðvar 2 klukkan 17.58.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ SUNNA VALGERÐARDÓTTIR HLUSTAR MEIRA Á ÚTVARPIÐ**

## *Djassaðar sinfóníur, birkikvæmi og nýlagað kaffi*

Það er eitthvað afskaplega róandi við Rás 1. Ég vaknaði í vikunni við ilminn af kaffi og rjómamjúka rödd sem þuldi upp erlend nöfn sem ég hafði aldrei heyrt áður og erfitt var fyrir röddina að bera fram: „Þarna heyrðum við í Paolo Nuvioziottino, Carvellino Maruzzionilininoio og Feruzio Mirabellissimo og strengjakvartett, spila …“. Upptalningunni fylgdi svo einhvers konar djössuð sinfónía og gerði hún það að verkum að ég rölti fram og athugaði þessa skemmtilegu vöknun nánar.

Ég áttaði mig fljótt á því að búið var að kveikja á Gufunni og mér kom ekki til hugar að skipta. Það fyllti mig einhver gömul og notaleg tilfinning. Eitthvað sem ég tengi við sveitaferðir frá því að ég var lítil – gistinóttum hjá ömmu og afa og slysavali á útvarpsstöðvum í bílum á milli landshluta. Útvarpsleikrit, upplestur, klassísk tónlist og garðyrkjuþættir eru bara meðal þeirra gullmola sem leynast á þessari hugljúfu FM bylgju. Ég mæli með henni við uppvaskið þá sérstaklega.



Ég var með stillt á Rás 1 og á dagskrá var Út um græna grundu – sem er garðyrkjuþáttur, fyrir þá sem ekki vita – yfir óhreinum diskum sem voru búnir að vera í því ástandi allt of lengi. Það var alveg hreint prýðilegt. Ég lærði til dæmis ýmislegt um birkikvæmi á Suðurlandi og hvaða sumarblóm þola best sólarlandaferðir eigenda sinna. Báðir eru þetta efnisþættir sem ég taldi mig vera nokkuð vel að mér í en var það greinilega alls ekki. Fyrir þáttinn, það er að segja. Núna er ég ekki bara komin með það á hreint að mig langar í sólarlandaferð, heldur veit ég líka hvaða blóm ég get ræktað án þess að ég þurfi að kveðja þau að eilífu þegar ég loks skelli mér. Og svo ég er komin með hugljúfa rútínu á morgnana.

## FIMMTUDAGUR



▶ **18.00** TMNT: Teenage Mutant Ninja Turtles STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.15** Grey's Anatomy STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.20** Castle SJÓNVARPIÐ



▶ **20.50** The Closer STÖÐ 2



▶ **21.10** Royal Pains SKJÁR EINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.10 Stiklur - Með fróðum á frægðarsetri** Ómar Ragnarsson fer um landið og greinir frá því sem fyrir augu ber. (e)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Hvaða Samantha?** (33:35)

**17.55 Stundin okkar** Endursýndur þáttur frá vetrinum. Textað á síðu 888 í Textavarpi.

**18.25 Dalabræður** (3:10) (Brödrene Dal) Norsk þáttaröð um bræður sem slá öll met í klaufaskap. (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Réttur er settur** (3:10) (Raising the Bar) Bandarísk þáttaröð um gamla skólafélaga úr laganámi sem takast á fyrir rétti.

▶**20.20 Castle** (9:10) Bandarísk þáttaröð. Höfundur sakamálasagna er fenginn til að hjálpa lögreglunni þegar morðingi hermir eftir atburðum í bókum hans.

**21.05 Nýgræðingar** (153:169) (Scrubs) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í.

**21.30 Trúður** (6:10) (Klovn IV) (e)

**22.00 Tíufréttir**

**22.10 Veðurfréttir**

**22.20 Framtíðarleiftur** (Flash Forward)

**23.00 Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum** Þáttur um Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum sem fram fór á Laugardalsvelli helgina 10. og 11. júlí.

**23.40 Hvaleyjar** (1:12) (e)

**00.35 Fréttir (e)**

**00.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Journey to the Center of the Earth**

**10.00 Leatherheads**

**12.00 TMNT: Teenage Mutant Ninja Turtles**

**14.00 Journey to the Center of the Earth**

**16.00 Leatherheads**

▶**18.00 TMNT: Teenage Mutant Ninja Turtles**

**20.00 The Hoax**

**22.00 The Heartbreak Kid**

**00.00 Girl, Interrupted**

**02.05 The U.S. vs. John Lennon**

**04.00 The Heartbreak Kid**

**06.00 I Think I Love My Wife**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Litla risaeðlan, Stuðboltastelpurnar, Harry og Toto, Scooby-Doo og félagar

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Last Man Standing** (2:8)

**11.00 Sjálfstætt fólk**

**11.45 Logi í beinni**

**12.35 Nágrannar**

**13.00 NCIS** (4:25)

**13.45 La Fea Más Bella** (200:300)

**14.30 La Fea Más Bella** (201:300)

**15.15 The O.C.** (17:27)

**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Stuðboltastelpurnar, Scooby-Doo og félagar, Litla risaeðlan, Harry og Toto

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (7:22)

**18.23 Veður** Markaðurinn

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.09 Veður**

**19.15 Two and a Half Men** (11:24)

**19.40 How I Met Your Mother** (8:24)

**20.05 Amazing Race** (1:11) Þrettánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla.

▶**20.50 The Closer** (3:15) Fimmta þáttaröð þessarar rómantísku og gamansömu spennuþáttaraðar um Brendu Leigh Johnson.

**21.35 Fringe** (22:23)

**22.20 The Wire** (7:10) Fimmta syrpan í hörkuspennandi myndaflokki sem gerist á strætum Baltimore í Bandaríkjunum.

**23.20 Twenty Four** (24:24) Áttunda serían af spennuþættinum Twenty Four um leyniþjónustumanninum Jack Bauer sem þráir nú ekkert heitar en að fá að draga sig í hlé.

**00.05 Monk** (3:16)

**00.50 Lie to Me** (5:22)

**01.35 Mrs. Henderson Presents**

**03.15 Russian Dolls (Les poupées russes)**

**05.20 The Simpsons** (7:22)

**05.45 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## SPORT *besta sætið*

**16.50 John Deere Classic** Útsending frá John Deere Classic mótinu í golfi en mótið er hluti af PGA mótaröðinni í golfi. Til leiks mættu margir af snjöllustu kylfingum heims.

**19.50 Sterkasti maður Íslands** Sýnt frá keppninni um Sterkasta mann Íslands en flestir af sterkustu mönnum landsins eru mættir til leiks í þessu skemmtilega móti.

**20.20 John Deere Classic** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.

**21.15 Meistaradeild Evrópu: Inter - Chelsea** Útsending frá leik Inter og Chelsea í Meistaradeild Evrópu.

**23.00 Herminator Invitational** Sýnt frá Herminator Invitational mótinu í golfi sem haldið var í Vestmannaeyjum annað árið í röð. Það er Hermann Hreiðarsson sem stendur fyrir mótinu eins og nafnið gefur til kynna og mæta margir þjóðþekktir einstaklingar til leiks.

**23.45 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.10 Þýskaland - Serbía** Útsending frá leik Þýskalands og Serbíu á HM 2010.

**20.00 Premier League World** Flottur þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.

**20.30 Ronaldinho** Í þessum þáttum eru margir af bestu knattspyrnumönnum sögunnar skoðaðir og skyggnst á bakvið tjöldin. Í þessum þætti verður fjallað um Ronaldinho, leikmann AC Milan á Ítalíu.

**20.55 Brasilía - Fílabeinsströndin** Útsending frá leik Brasilíu og Fílabeinsstrandarinnar á HM 2010.

**22.45 Frakkland - S-Afríka** Útsending frá leik Frakklands og Suður Afríku á HM 2010.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**06.30 Dr. Phil** (e)

**07.15 Rachael Ray** (e)

**08.00 Opna breska meistaramótið 2010** (1:4) Allir bestu kylfingar heims mæta til leiks á opna breska meistaramótinu sem sýnt er í beinni útsendingu í opinni dagskrá á SkjáEinum. Leikið verður á gamla vellinum á St. Andrews í Skotlandi. Þetta er í 28. sinn sem mótið fer fram í St. Andrews og Tiger Woods hefur sigrað í tvö síðustu skiptin sem leikið var á þessum velli, árin 2000 og 2005.

**19.00 America's Funniest Home Videos** (16:46)

**19.30 Matarklúbburinn** (6:6) Landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Sætran grillar gómsæta rétti sem kitla bragðlaukana.

**19.55 King of Queens** (8:23)

**20.20 Family Guy** (9:14) Teikinmyndasería með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.

**20.45 Parks & Recreation** (11:24) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki.

▶**21.10 Royal Pains** (13:13) Skemmtileg þáttaröð um ungan lækni sem slær í gegn sem einkalæknir ríka fólksins í Hamptons. Það er komið að lokaþættinum að sinni og Hank sinnir ungri konu sem sér undarlega hluti gerast í gömlu húsi.

**22.00 Law & Order** (12:22) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York.

**22.50 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.35 In Plain Sight** (4:15) (e)

**00.20 Sumarhvellurinn** (5:9) (e)

**00.45 America's Next Top Model** (12:12) (e)

**01.30 Bass Fishing** (6:8) (e)

**02.15 King of Queens** (8:23) (e)

**02.35 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Lögspekingar um hæstaréttardóm

**21.00 Eitt fjall á viku** Gengið umhverfis Vatnsnes frá Hvammstanga

**21.30 Skýjum ofar** Unaðsstundir í háloftum

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

„Útilega“

Notaðu öfluga og ókeypis leit á Vísi til að finna allt sem þú þarft að vita um útilegur, tjöld, svefnpoka, vindsængur, prímusa, kassagítara, grillsósur – eða bara eitthvað allt annað. Leitaðu að efni úr Fréttablaðinu og af Vísi. Það eina sem þarf er leitarorð. **Vísir er með það.**




vísir.is
...ég sá það á Vísi

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL.20.05

### Amazing Race

Þrettánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla þar sem keppendur þeysast yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala. Eins og áður eru keppendur afar ólíkir en allir eiga það sameiginlegt að vilja sigra.



## VIÐ MÆLUM MEÐ

### Fringe
### Stöð 2 kl. 21.35

Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrulegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni, dr. Walter Bishop, og syni hans, Peter, rannsaka þau röð dularfullra atvika.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Framtíð lýðræðis
**14.03** Allir í leik
**15.03** Útvarpssagan: Út að stela hestum
**15.25** Bláar nótur í bland
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Á sumarvegi
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**18.50** Veðurfregnir
**19.00** List og losti
**19.30** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva
**21.30** Kvöldsagan: Vatnaniður
**22.10** Orð kvöldsins
**22.20** Sakamálaleikrit Útvarpsleikhússins: Því miður, skakkt númer
**22.55** Útvarpsperlur: Ég vildi að ég sæi strolluna
**23.45** Heimsókn til listamanna
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** Skemmtilegir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

▶**20.15 Grey's Anatomy** (5:17) Komið er að fjórðu seríu Grey's Anatomy. Ungu læknanemarnir eru orðnir að fullnuma og virðulegum skurðlæknum.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 Gossip Girl** (16:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.

**22.30 Mercy** (12:22) Dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER. Við fylgjumst með lífi og starfi þriggja kvenna sem vinna saman sem hjúkrunarfræðingar á Mercy-spítalanum í New Jersey.

**23.15 Ghost Whisperer** (22:23) Magnaður spennuþáttur með Jennifer Love Hewitt í hlutverki sjáandans Melindu Gordon sem rekur antikbúð í smábænum Grandview.

**00.00 True Blood** (4:12) Önnur þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bill en saman þurfa þau að berjast gegn mótlæti íbúa smábæjarins Bon Temps í Louisiana.

**01.00 Grey's Anatomy** (5:17)

**01.45 The Doctors**

**02.30 Fréttir Stöðvar 2**

**03.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.25** Only Fools and Horses **12.55** Only Fools and Horses **13.25** My Family **13.55** My Family **14.25** After You've Gone **14.55** After You've Gone **15.25** Dalziel and Pascoe **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** After You've Gone **18.00** Whose Line Is It Anyway? **18.30** Grownups **19.00** Two Pints of Lager (and a Packet of Crisps) **19.30** Mistresses **20.20** Grownups **20.50** Whose Line Is It Anyway? **21.20** The Weakest Link **22.05** After You've Gone **22.35** Whose Line Is It Anyway? **23.05** Grownups **23.35** Two Pints of Lager (and a Packet of Crisps)

## DR 1

**12.00** Redningstjenesten på vej **12.30** By på Skrump **13.00** Sommertid **13.30** Søren Ryge præsenterer **14.00** That's So Raven **14.25** Caspers skræmmeskole **14.50** Hyrdehunden Molly **15.00** Minisekterne **15.05** Peter Pedal **15.30** Fandango med Sebastian og Chapper **16.00** Hvad er det værd? **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** By på Skrump **18.00** Jamie Oliver i Italien **18.25** Sommervejret **18.30** Så for sommer **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret **19.35** Aftentour 2010 **20.00** Nedtælling til dommedag **21.30** Höök **22.30** Naruto Uncut **22.55** Naruto Uncut

## NRK 1

**12.20** Sommertid **12.50** Smaken av Danmark **13.20** Ut i naturen **13.50** Sommeråpent **14.40** Dallas **15.30** Kroppen **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Kokkekamp **16.40** Norge i dag **17.00** Dagsrevyen **17.30** David Suchet på Orientekspressen **18.20** Oscarshall - et kongelig smykke **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.20** Pressa **21.05** Kveldsnytt **21.20** Vår aktive hjerne **21.50** Rebus **23.00** Munter mat **23.30** Blues jukeboks

## SVT 1

**12.00** Vinnarna **12.30** Grattis kronprinsessan **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Engelska Antikrundan **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Strömsö **16.55** Grön glädje **17.20** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Mitt i naturen **18.30** Djursjukhuset **19.00** Himmelblå **19.45** Undercover Boss **20.35** Allsång på Skansen **21.35** Uppdrag Granskning **22.35** Om Stig Petrés hemlighet **23.35** Grizzly man



## FERÐALÖGIN



*Ég hlusta nú oft á útvarpið þegar ég keyri um landið, Bylgjuna eða Rás 2, en svo koma slagarar eins og Creep með Radiohead og mörg lög með Queen mér í gott skap.*

Freyr Alexandersson, þjálfari kvennaliðs Vals í fótbolta.

# Urðu vitni að auðkýfingaeinelti á Búðum

„Okkur vorur boðnar mjög háar upphæðir frá auðkýfingunum fyrir aukalög þegar böllin voru að klárast. Það var ekki verið að bjóða neina 2.000 krónu seðla heldur fleiri tugi þúsunda,“ segir Franz Gunnarsson, gítarleikari Búðabandsins, Ensími og fleiri hljómsveita.

Búðabandið kemur saman á ný um þar næstu helgi, en Franz er í hljómsveitinni ásamt Þórdísi Claessen og Bryndísi Ásmundsdóttir leikkonu. Hljómsveitin dregur nafn sitt af Hótel Búðum, enda var hún um tíma nokkurs konar húsband hótelsins. Á tíma góðærisins komu auðkýfingar mikið saman á Hótel Búðum og urðu meðlimir bandsins oft vitni að þeim leikskólaleik sem auðkýfingarnir voru í.

„Auðkýfingarnir mættu á heilu bílaflotunum af glænýjum, svörtum, Mercedes Benz-jeppum og jafnvel snekkjum og þyrlum þessa stuttu leið úr Reykjavík,“ segir Franz. „Eitt sinn urðum við vitni að því að einn þeirra mætti á um það bil ársgömlum Benz. Þegar hann kom inn varð hann fyrir þvílíku einelti frá hinum fyrir að vera á gömlum bíl. Maðurinn reyndi að afsaka sig með því að hann væri að bíða eftir nýjum, en var hálf púaður út í horn fyrir gamla bílinn sinn,“ segir Franz þegar hann rifjar upp ruglið sem fylgdi góðærinu.

Liðin eru hátt í tvö ár frá því að bandið spilaði síðast saman. Þórdís er í námi í New York og Bryndís býr á Akureyri en þau ætla að nota tækifærið nú seinna í júlí þegar þau verða öll á sama stað og gleðja aðdáendur sína. Það verða tvennir tónleikar, 23. og 24. júlí á Prikinu.

„Við vorum farin að minnka spilamennskuna á Hótel Búðum. Stemningin sem fylgdi þessu var bara ekki sú sama og á gamla hótelinu og við vorum farin að spila meira hér í bænum. Þetta hefur svo legið niðri síðan við fórum öll hvert í sína áttina en nú er kominn tími til að koma aðeins saman aftur,“ segir Franz. **- ls**



**BÚÐABANDIÐ** Upplifðu mjög sérstaka stemningu þegar þau spiluðu fyrir auðkýfingana í góðærinu.



**LÁRÉTT**
**2.** himinn, **6.** mannþvaga, **8.** knæpa, **9.** skora, **11.** rykkorn, **12.** frétt, **14.** gróðabrall, **16.** halló, **17.** hélt á brott, **18.** til viðbótar, **20.** ætíð, **21.** land í asíu.

**LÓÐRÉTT**
**1.** nauðsyn, **3.** kúgun, **4.** sárasótt, **5.** lítill sopi, **7.** biðja innilega, **10.** kirna, **13.** útdeildi, **15.** fugl, **16.** dauði, **19.** nafnorð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** loft, **6.** ös, **8.** krá, **9.** rák, **11.** ar, **12.** fregn, **14.** brask, **16.** hæ, **17.** fór, 18. enn, 20. sí, 21. laos.
**LÓÐRÉTT: 1.** þörf, **3.** ok, **4.** fransós, **5.** tár, **7.** sárbæna, **10.** ker, **13.** gaf, **15.** kría, **16.** hel, **19.** no.


IMAGE FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE IMAGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010


## GUÐMUNDUR INGVI ÞORVALDSSON: HEIÐUR AÐ LEIKA Á MÓTI EDDIE

# Berst við Eddie í nýju Iron Maiden-myndbandi

„Ég er Iron Maiden-aðdáandi frá fornu fari. Á þeim tíma sem ég var að byrja að spila á gítar voru það lög þeirra sem urðu fyrir valinu. Það eru sennilega fá lög sem ég hef eytt jafn miklum tíma í og The Prisoner. Eyddi mörgum dögum í að reyna að ná því fullkomnu, en auðvitað tókst það aldrei,“ segir Guðmundur Ingi Þorvaldsson leikari.

Guðmundur leikur í nýjasta myndbandi hljómsveitarinnar Iron Maiden við lagið The Final Frontier sem var frumsýnt á vefsíðu hljómsveitarinnar í gær. Í myndbandinu flýgur Guðmundur út í geim þar sem hann berst við skrímslið Eddie, andlit og merki Iron Maiden, um lykil sem eytt getur jörðinni.

„Það var ofboðslega gaman að taka þátt í myndbandinu. Mjög fært fólk kemur að því, bæði þeir sem tóku upp og skrifuðu handritið en einnig fyrirtækið Darkside Animation Films sem sá um tölvuvinnuna. Fólk lagði gríðarlega vinnu í framleiðsluna og alveg frábært að sjá þetta verða til,“ segir Guðmundur.

Leikstjóri myndbandsins, Nick Scott, fann Guðmund í gegnum umboðsfyrirtæki hans, Olivia Bell Management. Eftir að hafa kynnt sér hann í gegnum heimasíðu Guðmundar var honum boðið að koma á fund. Í fyrsta handritinu sem Guðmundur fékk í hendurnar ætluðu meðlimir Iron Maiden að fara með hlutverk en sökum tónleikaferðalags um Bandaríkin skrifuðu þeir sig út og myndbandinu. Nú fara Guðmundur og Eddie einir með hlutverkin þar sem þeir berjast um lykilinn.

„Myndbandið var tekið upp á þremur stöðum. Við byrjuðum í yfirgefinni herstöð sem Bandaríkjamenn skildu eftir. Þetta er staður þar sem oft var tilkynnt að fljúgandi furðuhlutir hefðu sést á sjöunda áratugnum og hvílir mikil dulúð yfir staðnum. Næst fórum við í yfirgefið orkuver og að lokum var farið í stúdíó þar sem búið var að byggja leikmynd og geimskipið og ég lék fyrir framan svokallað „green-screen“,“ segir Guðmundur.

Iron Maiden er mjög stórt vörumerki og er allt lagt undir hljómsveitina. Þeir völdu þessa hugmynd úr mörgum tilboðum og tók það þá langan tíma að fínpússa hugmyndina svo hún myndi passa þeirra stíl. „Ég á boð um að fá að koma á tónleika með þeim hvar sem er og hvenær sem er til að hitta á þá og geri ég ráð fyrir að það verði frábært,“ segir Guðmundur.

linda@frettabladid.is



**VÍGALEGUR** Guðmundur Ingi sem orrustuflugmaður í harðri baráttu í nýjasta myndbandi Iron Maiden.

### PUNKTAR UM GUÐMUND

- Guðmundur útskrifaðist úr Leiklistarskóla Íslands 1998.
- Hann hefur meðal annars verið í Ávaxtakörfunni, Grease, Hatti & Fatti, leikritinu um Jón Odd og Jón Bjarna, Bláa hnettinum, Annie, Footloose og Fame.
- Hann hefur leikstýrt um 20 sýningum í atvinnuleikhúsi.
- Hann hefur gefið út fimm plötur með eigin tónlist.
- Hann hefur leikið í um 20 sjónvarps - bíó og stuttmyndum.
- Hann hefur unnið sem ráðgjafi Menntaskóla Borgarfjarðar um uppbyggingu félagslífs í nýjum skóla og kennt bæði börnum og unglingum leiklist.
- Árið 2008 ákvað hann að flytja til London og fara í meistaranám í Leikstjórn og görningalist.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Eins og Fréttablaðið greindi frá á dögunum fóru þær Alma, Klara og **Steinunn** úr hljómsveitinni The Charlies í partí í Playboyhöllinni hans Hugh Hefner á mánudagskvöldið. Stúlkurnar skemmtu sér vel í partíinu og voru í skýjunum með hversu flott allt var, enda umvafðar skærustu stjörnum Hollywood. Sem dæmi má taka að bomban **Kim Kardashian** mætti og leikararnir Jamie Foxx, Joaquin Phoenix og Pauly Shore skemmtu sér vel en sá síðastnefndi virðist vera tíður gestur í partíum Hefners. Ekki fylgir sögunni hvort stúlkurnar hafi myndað einhvers konar tengsl hjá Playboy en þær eru allavega reynslunni ríkari.



**Svala Björgvinsdóttir** fer hamförum á bloggi sínu killakali.tumblr.com en hún er búsett í Los Angeles ásamt meðlimum hljómsveitarinnar Steed Lord. Það hefur vakið athygli lesenda að Svala hefur undanfarið bloggað mikið um pabba sinn söngvarann Björgvin Halldórs. Kynnir hún hann fyrir enskumælandi lesendum sínum sem ástsælasta söngvara íslensku þjóðarinnar og fylgja margar myndir af Björgvini frá hinum ýmsu skeiðum í lífi hans. Bloggið, sem er tískublogg, sýnir Björgvin fara í gegnum mörg tímabil í fatnaði og sannar að hann hefur ifirleitt verið með puttana á púlsinum í tískunni. Það má því segja að Svala sé að kynna Björgvin fyrir Bandaríkjunum.



## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. 195 ára.
2. 555 tonn.
3. Víkingur frá Ólafsvík.


TILBOÐ DAGSINS
HJÁ HAFINU

| | |
|---|---|
| Villt laxaflök | 1890 kr/kg |
| Villtur lax í teriyaki | 1890 kr/kg |
| Villtur lax í sítrónusmjöri | 1890 kr/kg |
| Villtur lax í sneiðum | 1590 kr/kg |

HAFIÐ FISKIPRINSINN
Þú getur alltaf treyst á prinsinn
Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi • s: 554 7200
www.hafid.is


# Há áfengisgjöld sliga Karamba

„Starfsfólkið grét þegar við tilkynntum að við gætum ekki haldið áfram rekstri,“ segir María Hjálmtýsdóttir, eigandi Karamba, sem lýkur starfsemi sinni eftir helgina. Staðurinn hefur verið starfræktur í eitt og hálft ár á horni Laugavegar og Klapparstígs og notið vinsælda í skemmtistaðaflóru miðbæjarins.

„Það eru aðallega há áfengisgjöld og há leiga sem eru að gera út af við okkur. Við erum búin að reyna okkar besta í að halda áfram á þessum stað en það gengur því miður ekki,“ segir María og bætir við að það sé ekki auðvelt að vera í bar- og veitingahúsabransanum í dag. „Áfengisgjöldin eru svimandi há. Ég var til dæmis að kaupa áfengi núna áðan fyrir helgina og um helmingurinn af kostnaðinum voru gjöldin og virðisaukaskattur,“ segir María.

Þegar leigan í miðbænum hækkaði var ljóst að rekstur Karamba mundi ekki standa undir sér. „Það má kannski segja að það sé verið að henda okkur út.“

María segir að starfsfólkið sé mjög ósátt og reitt en flestir hafa verið að vinna á staðnum síðan hann opnaði. „Við erum eins og einn stór vinahópur og þeir sem eru staddir í útlöndum núna hringdu grátandi í okkur. Trúðu ekki að við værum að loka um helgina.“

María er ósátt við hvernig komið er fram við rekstraraðila ölduhúsa og að það sé ekki mikið sem situr eftir í kassanum eftir að öll aukagjöldin eru borguð.

„Við höfum líka fundið fyrir því að fólk hefur minnkað komur sínar niður í bæ um helgar. Fleiri eru farnir að vera bara heima í partíum vegna þess að við verðum að hækka verðið á barnum í samræmi við kostnað,“ segir María en hún lokar ekki fyrir það að staðurinn Karamba muni opna aftur á öðrum stað. **- áp**



**Æ KARAMBA!** María Hjálmtýsdóttir, eigandi Karamba, verður að loka dyrum staðarins um helgina og hún og starfsfólkið eru mjög ósátt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Síðustu dagar
magnaðrar útsölu
Enn meiri verðlækkun. Allt að 70% afsláttur
heimilistæki -
eldhúsáhöld - borðbúnaður
klukkur - glös - ljósaseríur
ferðavörur - sumarvörur og
margt fleira á 25% - 35%
- 50% og 70% afslætti.
Útsöluvörur og rýmingarsöluvörur.
Allur pakkinn!
byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggt.og.buid
Nýtt
kortatímabil

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



vísir.is
"...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Vandræði í Noregi



**Sigurður Guðmundsson** og félagar í hljómsveitinni Hjálmum misstu næstum því af flugi frá Ósló til Íslands á sunnudaginn, en hljómsveitin var á heimleið eftir að hafa komið frá tónlistarhátíðinni Træna í Noregi. Hjálmarnir áttu að hafa klukkutíma til að ná tengiflugi þegar þeir kæmu frá Bodø til Óslóar, en vegna seinkunar í Bodø varð klukkutíminn að 25 mínútum. Hljómsveitin ræsti því út allt sitt tengslanet til að láta Flugleiðir vita af seinkuninni og sagan segir að hljómsveitin hafi verið svo heppin að hitta á liðlegan flugþjón í flugi Norwegian-flugfélagsins frá Bodø sem liðkaði til á Gardemoen-flugvelli og fékk flugmennina til að fljúga örlítið hraðar.

### Og meiri vandræði

Vandræðin héldu áfram í Ósló þar sem hljómsveitin náði ekki öll að tékka sig inn í flugið heim. Nokkrir úr hljómsveitinni höfðu þó náð í gegn og inn í vél og það var ekki fyrr en þeir náðu tali af sjálfum flugstjóranum í vél Flugleiða að starfsfólki vallarins barst skipun um að hleypa hljómsveitinni í gegn. Hljómsveitinni var hleypt í gegnum öryggisleit með allan sinn farangur og græjur og án brottfararspjalda og hljóp sem fætur toguðu í átt að hliðinu. Það voru því sveittir og þreyttir Hjálmar sem gengu um borð í vélina við undirleik lagsins Manstu eftir þá sjálfa í hljóðkerfi vélarinnar.




- afb

## Mest lesið vísir.is

1. Lögreglumaðurinn blindur
2. KFC stefnir Aktu taktu
3. Bíl stolið á Kársnesi þegar kettinum var hleypt út
4. Óvenju þungvopnaður afbrotamaður handtekinn í Borgarnesi
5. Sænskir lestarfarþegar gerðu uppreisn
6. Mynd sem gæti bjargað jörðinni


Fréttablaðið er með **180%** meiri lestur en Morgunblaðið.




**Allt sem þú þarft...**

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára.
Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.



